ANNA JÓNA LÁRUSDÓTTIR

Blankir strandaglópar á framandi slóðum

ferðir heimili bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

BÍLAR

Þingmenn í kröppum dansi á fjöllum

Sérblað um bíla

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TÓMAS M. TÓMASSON

Ekki hræddur við úrslit Laugardagslaganna

Foreldrar velja Þursana fram yfir Eurovision

FÓLK 34

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. febrúar 2008 — 50. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Ný áhugasamtök um tæknimiðstöð

Kominn tími á tæknisafn.

TÍMAMÓT 22

Skrímslin koma

Eurovision-stjarnan Lordi er væntanlegur hingað til lands vegna frumsýningar Dark Floors í næstu viku.

FÓLK 34

Friður í krafti kvenna

„Mið-Austurlönd eru púðurtunna heimsins og enginn getur lokað augum fyrir mikilvægi þess að deilan um hernumdu svæðin fái varanlega úrlausn," skrifar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

Í DAG 18

Röðin komin að Aroni

Aroni Kristjánssyni hefur verið boðið starf landsliðsþjálfara. Segi hann nei mun HSÍ aftur skoða möguleikann á erlendum þjálfara.

ÍÞRÓTTIR 31

VEÐRIÐ Í DAG



HLÝNAR Í DAG Í dag verður fremur stíf suðaustanátt, víðast 8-15 m/s. Víða snjóél í fyrstu en rigning sunnan til um hádegi en snjókoma á Vestfjörðum. Hiti 0-8 stig, svalast á Vestfjörðum.

VEÐUR 4

Kompudagar í smáauglýsingunum

18.– 29. febrúar.
Verð frá 990 kr.

Er ekki kominn tími á vorhreingerningu? Skráðu smáauglýsinguna á visir.is eða hringdu í **síma 512 5000** og seldu gamla dótið með litlli fyrirhöfn.

Álagið hættulegt en bankarnir þola það

Sveigjanleiki íslenskra banka getur nýst vel, segir Tom Jenkins, sérfræðingur hjá Royal Bank of Scotland. Innan bandaríska seðlabankans er talið að óróinn gangi niður í haust, segir Gauti Eggertsson hagfræðingur í bankanum.

VIÐSKIPTI Hátt skuldatryggingarálag á ekki að ógna starfsemi íslenskra banka. Sveigjanleiki þeirra gerir þá vel undirbúna til að takast á við erfiðleika á fjármálamörkuðum. Þetta segir Tom Jenkins, sérfræðingur hjá Royal Bank of Scotland.

„Skuldatryggingarálagið á íslensku bankana er hátt en vegna sveigjanleika þeirra við fjármögnun, og hve fljótir þeir geta verið að laga sig að aðstæðum, geta þeir staðið þetta af sér," sagði Jenkins í samtali við Fréttablaðið í gær.

Jenkins sagði þá skoðun ríkja á skuldabréfamarkaðnum að stoðir íslenska efnahagskerfisins væru ótraustar. Það væri meðal þess sem hefði áhrif á hversu hátt skuldatryggingarálagið væri hjá íslensku bönkunum. „Til þess að verjast því að bankarnir skaðist frekar vegna mats skuldabréfamarkaðarins á íslenska efnahagskerfinu þurfa þeir að einblína á skilvirka upplýsingagjöf til markaðarins og reyna að breyta þessum viðhorfum," sagði Jenkins.

Gauti Eggertsson, hagfræðingur hjá bandaríska seðlabankanum, segir flesta innan bankans vera sammála um að óróinn á fjármálamörkuðum gangi niður með haustinu.

Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir Seðlabanka Íslands þurfa að styrkja gjaldeyrisforðann með sértækum aðgerðum. - mh/ sjá síðu 6 og Markaðinn

SKULDATRYGGINGARÁLAG

Skuldatryggingarálag er prósentuálag sem leggst ofan á verð bréfa á millibankamarkaði og endurspeglar mat á rekstrarhættu bankans sem gefur út bréfin. Álag á bréf íslenskra banka er þrisvar til sex sinnum hærra en álag á bréf sambærilegra banka í Evrópu.

FIDEL KVEÐUR Kúbverskur drengur klifrar í girðingu með þjóðfánann í hendi. Áletrunin á veggnum við hlið hans vísar til leiðtoga landsins til 49 ára, Fidels Castro, sem sagði formlega af sér embætti í gær með yfirlýsingu í ríkisdagblaðinu. NORDICPHOTOS / AFP

Fidel Castro, leiðtogi Kúbu, hættir eftir 49 ára viðburðaríka valdatíð:

Var tregur til að segja af sér

KÚBA, AP Daglegt líf á Kúbu hélt áfram sinn vanagang í gær þótt Fidel Castro Kúbuleiðtogi hafi sagt af sér eftir 49 ára valdatíð.

Castro er orðinn 81 árs en á sunnudaginn tekur væntanlega yngri bróðir hans, Raúl, við völdum. Raúl er 76 ára.

Castro viðurkennir í yfirlýsingu sinni, sem birtist í ríkisdagblaðinu Granma, að hann hafi verið tregur til að hætta, ekki síst vegna þess að stjórnvöld í Bandaríkjunum, sem í 49 ár hefðu reynt allt til að losna við sig, hefðu spáð því að hann myndi ekki koma aftur til starfa eftir veikindin. - gb / sjá síðu 16

FEIGT MEINDÝR Minkurinn hefur fundið feigðina kalla og því falið sig um stund í porti í bænum. MYND / ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Elti uppi meindýr í Heimaey:

Felldi eina Eyjaminkinn

NÁTTÚRA Meindýraeyðir felldi í gær eina minkinn í Vestmannaeyjum sem vitað er um. Eftir æsilegan eltingaleik náði Ásmundur Pálsson meindýraeyðir góðu skoti og dýrið lá í valnum.

Minkur er afar sjaldgæfur í Vestmannaeyjum og telur Ásmundur líklegt að þeir örfáu sem þar finnast noti sama samgöngumáta og margir tvífætlingar – ferjuna Herjólf.

Þeir séu frá Þorlákshöfn og nágrenni og snapi sér far með gámum fullum af kurli sem sendir eru til Eyja til brennslu.- sh / sjá síðu 12

Vilhjálmur Bjarnason:

Krefur stjórn Glitnis um svör

VIÐSKIPTI Vilhjálmur Bjarnason, hluthafi og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta, hefur ritað stjórn Glitnis banka hf. bréf þar sem hann leggur sex spurningar fyrir aðalfund bankans sem haldinn er í dag.

Meðal spurninga sem Vilhjálmur vill fá svör við eru hvaða starfsmenn Glitnis hafi gert kaupréttarsamninga sem eru í gildi í dag og hversu hár kauprétturinn sé. Þá vill hann fá að vita hvaða ástæður lágu að baki því að gerður var kaupréttarsamningur við forstjóra bankans fyrir tæpa fjóra milljarða og hvaða áhrif sá samningur hafi haft á aðra hluthafa. - ovd

Sérstakt en lánshæft nám:

Háskólnám á hafi úti

NÁM Íslensk stúlka er nú meðal nemenda háskólaskipsins sem nýlega lagði af stað í sína aðra ferð. Áströlsk háskólayfirvöld ákváðu að leigja skemmtiferðaskip til afnota fyrir starfsemi sína og sigla með námsfólk í sextán vikur í senn með tíu viðkomustöðum í fimm heimsálfum. Nemendurnir geta valið um fög á sviði viðskipta, sögu, lista, stjórnmála og alþjóðamála auk þess sem um borð er boðið upp á þrjár máltíðir á dag, heilsurækt, verslanir, bókasafn, bari, þráðlaust internet, þvott, þrif og fleira. Námið hefur hlotið viðurkenningu fjölda erlendra háskóla og er lánshæft hjá LÍN.

sjá Allt í miðju blaðsins

SPURNING DAGSINS

Jón, er þetta ekki orðið vonlaust?

„Mér líst vel á að hækka standardinn. Nú þurfa allir kraftaverkamenn að spýta í lófana og fara að gera eitthvað af viti.“

Páfagarður hefur hert reglur um það hverja hægt er að taka í dýrlingatölu. Menn þurfa að hafa gert mörg kraftaverk til þess. Jón Gnarr er kaþólskur.

Bjartsýni eftir fund á Patreksfirði um 300 milljarða króna olíuhreinsunarstöð:

Velja olíuhreinsun brátt stað

ATVINNUMÁL „Að mínu mati er þetta upp á líf og dauða fyrir samfélagið,“ segir Ragnar Jörundsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, um fyrirhugaða olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum.

Fulltrúar Íslensks Hátækniiðnaðar, Hilmar Foss og Ólafur Egilsson, mættu í fyrrakvöld á kynningarfund á Patreksfirði.

Ragnar kveður fundinn hafa aukið bjartsýni heimamanna á verkefnið. „Það er ekkert því til fyrirstöðu að þetta gangi. Staðarvalið liggur fyrir á næstu tveimur mánuðum. Þegar menn eru að fara í fjárfestingar upp á nærri 300 milljarða króna þá vilja þeir telja upp að tíu áður en ákvarðanir eru teknar,“ segir hann.

FUNDARMENN Á PATREKSFIRÐI Um 150 manns mættu á kynningarfund um fyrirhugaða olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. MYND/BRÍET ARNARDÓTTIR

Ekki er enn gefið upp hvaða fjárfestar eru að baki Íslensks hátækniiðnaðar. „Menn eru að vinna sig áfram og það tekur tíma. Ég hef þá tilfinningu að þetta sé komið lengra en við vitum þótt þeir vilji ekki upplýsa um það,“ segir Ragnar.

Að sögn Ragnars hefur Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra ranglega fullyrt að olíuhreinsunarstöðin myndi auka losun koltvísýrings á Íslandi um 30 prósent og menga á við þrjú álver. „Þetta er sennilega undir einu álveri,“ segir bæjarstjórinn og bætir við:

„Stöðin verður lokuð inni í einum dal og það sér hana enginn nema áhafnir skipanna sem koma. Ég er viss um að ef Jón Sigurðsson stæði á hlaðinu á Hrafnseyri þá myndi hann gleðjast yfir að það væri eitthvað að gerast þarna.“ - gar

Flokkur Musharrafs :

Musharraf lýsti yfir ósigri

PAKISTAN, AP Stjórnarflokkur Pervez Musharraf, forseta Pakistans, lýsti yfir ósigri í gær eftir að ljóst var að tveir stærstu stjórnarandstöðuflokkar landsins hlutu flest atkvæði í þingkosningunum á mánudaginn. Flokkur Benazir Bhutto, sem var myrt í desember, fékk flest atkvæði. Þar næst kom flokkur Nawas Sharif og flokkur Musharrafs þriðji.

Úrslitin þykja áfellisdómur yfir stjórn Musharrafs og setja pólitíska framtíð hans í uppnám. Lokaúrslita kosninganna er ekki að vænta fyrr en á miðvikudagskvöld. - sdg

Ætlað til sölu og eigin neyslu:

Hass fannst við húsleit á Ísafirði

LÖGREGLUMÁL Um hundrað grömm af hassi fundust við húsleit lögreglunnar á Vestfjörðum í heimahúsi á Ísafirði síðdegis á mánudaginn. Var húsleitin gerð í kjölfar handtöku húsráðanda sem er karlmaður á þrítugsaldri.

Segir lögreglan mest allt efnið virðast vera í sölueiningum og er málið rannsakað með tilliti til þess. Var maðurinn yfirheyrður og sleppt í gær eftir að hann játaði að hafa tekið við efnunum, ætlað hluta þeirra til dreifingar á norðanverðum Vestfjörðum en hluta til eigin neyslu.

Hefur maðurinn áður komið við sögu lögreglunnar vegna fíkniefnamála. Málið telst upplýst. - ovd

Vatnsskemmdir í Borgarfirði:

Þjóðvegurinn opnaður aftur

BORGARFJÖRÐUR Búið er að opna þjóðveg eitt sem vegna vatnavaxta í Álalæk rofnaði við Daníelslund skammt frá Svignaskarði í Borgarfirði um klukkan fjögur aðfaranótt mánudagsins.

Hafði ræsi undir veginn ekki við vatnsflaumnum svo vegurinn gaf sig. Einnig urðu nokkrar vatnsskemmdir við Hvítárvelli í Borgarfirði þar sem loka þurfti veginum.

Vegagerðin biður vegfarendur að sýna sérstaka varúð þar sem víða eru slitlagsskemmdir vegna þíðu og vatnsveðurs að undanförnu. - ovd

LÖGREGLUFRÉTTIR

Neyðarblys í stigagangi

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að húsi við Leifsgötu í Reykjavík um hálf sex í gær. Hafði maður kveikt á neyðarblysi og hlotið nokkur meiðsl af athæfinu. Var hann fluttur á slysadeild til aðhlynningar á meðan slökkvilið slökkti eld og reykræsti.

Íbúi arfavitlaus yfir gjöldunum í Árborg

Eigendur fasteigna í Árborg borga nær tvöfalt hærri gjöld til sveitarfélagsins heldur en greitt er af jafn dýrum eignum í Reykjavík. Óeðlilegt segir Jósef Ásmundsson. Stór verkefni framundan segir bæjarstjórnin og neitar lækkun.

SVEITARSTJÓRNIR „Ég er alveg arfavitlaus út af þessum fasteignagjöldum,“ segir Jósef Ásmundsson.

Jósef og kona hans búa í nýju húsi í Kjarrhólma á Selfossi. Húsið er 210 fermetrar og fasteignamat þess var 29,9 milljónir króna um síðustu áramót. Lóðin er metin á fjórar milljónir. Fasteignagjöld, lóðarleiga, fráveitugjald og sorphirðugjald nema samtals tæplega 270 þúsund krónum á þessu ári. Þetta telur Jósef vera alltof hátt.

JÓSEF ÁSMUNDSSON

Fyrir eign af þessari stærð með jafn háu fasteigna- og lóðarmati þyrfti hins vegar að greiða samtals tæpar 147 þúsund krónur í Reykjavík. Upphæðin er þannig 83 prósentum hærri í Árborg af eign sem er talin jafn verðmæt hjá Fasteignamati ríkisins. Þá segist Jósef hafa fengið uppgefið dæmi frá Ráðhúsinu í Reykjavík um 240 fermetra hús sem hefði 50 milljóna króna fasteignamat en bæri þó aðeins um 210 þúsund krónur í gjöld.

„Það er óeðlilegt að í sveitarfélagi þar sem verið hefur mikil uppbygging og gatnagerðargjöldin hafa streymt inn séu fasteignagjöld svona miklu hærri en í Reykjavík,“ segir Jósef.

Eins og víða annars staðar hækkaði fasteignamat í Árborg um 12 prósent um síðustu áramót. Tillaga frá fulltrúum sjálfstæðismanna um að lækka álagningarhlutfall fasteignagjaldanna var felld í bæjarstjórninni fyrir jól. Sagði meirihluti Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna það ekki skynsamlegt að lækka tekjur sveitarfélagsins á tímum mikils vaxtar og uppgangs.

„Framkvæmdaþörf er gríðarleg og framundan eru stór verkefni við uppbyggingu grunn- og leikskóla svo dæmi séu tekin. Þá er minnt á að fasteignagjöld voru lækkuð um 25% á árinu 2006,“ sagði meirihluti bæjarstjórnar.

Ásta Stefánsdóttir bæjarritari segir Árborg hafa haft umtalsverðan kostnað á undanförnum árum af endurnýjun fráveitulagna. Því verki sé hvergi nærri lokið.

RÁÐHÚS ÁRBORGAR Meirihluti bæjarstjórnar þarf á tekjum að halda og felldi tillögu um lækkun fasteignagjalda.

FASTEIGNAGJÖLD Í REYKJAVÍK

Miðað við fasteignamat 29.930.000 kr. og lóðarmat 4.030.000.

Fasteignaskattur	0,214 %	64.050 kr.
Lóðarleiga*	0,08 %	3.224 kr.
Holræsagjald	0,105 %	31.427 kr.
Vatnsgjald	Gjaldskrá	531.608 kr.
Sorpgjald	Gjaldskrá	16.300 kr.
Samtals		146.609 kr.

FASTEIGNAGJÖLD Í ÁRBORG

Miðað við fasteignamat 29.930.000 kr. og lóðarmat 4.030.000.

Fasteignaskattur	0,276 %	82.607 kr.
Lóðarleiga*	1,00 %	40.300 kr.
Fráveitugjald	0,275%	82.308 kr.
Vatnsgjald	Gjaldskrá	50.881 kr.
Sorpgjald	Gjaldskrá	12.500 kr.
Samtals		268.598 kr.

*Lóðarleiga er hlutfall af lóðarmati.

„Ný hverfi hafa risið og byggð í dreifbýli orðið þéttari. Íbúar eru nú innan við átta þúsund og á síðastliðnum fimm árum fjölgaði þeim um 23 prósent. Slíkar aðstæður kalla á talsverðar framkvæmdir við lagningu fráveitu og vatnsveitu,“ segir Ásta Stefánsdóttir.

gar@frettabladid.is

Þingmenn allra flokka:

Kostir og gallar lesta kannaðir

ALÞINGI Þingmenn úr flokkum vilja að samgönguráðherra láti kanna hagkvæmni lestarsamgangna milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur annars vegar og léttlestakerfis innan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Vilja þeir að allar hliðar málsins verði kannaðar og að niðurstöður liggi fyrir í árslok.

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að eldri úttektir hafi leitt í ljós að verkefnin væru óhagkvæm. Aðstæður hafi hins vegar breyst og því hugsanlegt að niðurstöðurnar verði aðrar nú. - bþs

Fylgi fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Vilhjálmur með lítinn stuðning

STJÓRNMÁL Flestir Reykvíkingar vilja Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem borgarstjóra úr hópi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fær hún 43,9 prósenta stuðning samkvæmt netkönnun á vegum Capacent Gallup. Gísli Marteinn Baldursson fær 17 prósenta stuðning.

Spurt var: „Hvaða borgarfulltrúi Sjálfstæðismanna vilt þú helst að taki við embætti borgarstjóra?“ Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fékk 8,2 prósent, litlu meira en Júlíus Vífill Ingvarsson.

Átján hundruð Reykvíkingar á aldrinum 18-75 ára voru valdir af handahófi úr viðhorfahópi Capacent Gallup. Endanlegt úrtak var 1539 eintaklingar og svarhlutfall var 72,4 prósent. - ovd

Formaður Samfylkingar segir að tímasetja þurfi afnám stimpilgjalda:

Stimpilgjöld afnumin þegar aðstæður á markaði leyfa

KJARAMÁL Algert afnám stimpilgjalda af fasteignaviðskiptum, sem ríkisstjórnin hefur boðað, hefur ekki verið tímasett. Slíkar breytingar þarf að gera þegar aðstæður á fasteignamarkaði leyfa, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

Í aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem ætlað er að greiða fyrir gerð kjarasamninga, var meðal annars kynnt að til stæði að fella niður fasteignagjöld af kaupum á fyrstu fasteign. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er algert afnám stimpilgjaldanna boðað á kjörtímabilinu og segir Ingibjörg að staðið verði við það loforð.

„Það eru bara níu mánuðir búnir af kjörtímabilinu og mér sýnist að um 80 prósent af því sem er í stjórnarsáttmálanum sé komið til framkvæmda eða komið vel á veg. Eitthvað verðum við að aðhafast næstu þrjú árin,“ segir Ingibjörg.

Flestar aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga eru í samræmi við það sem fram kemur í stjórnarsáttmálanum. Ingibjörg Sólrún segir það einnig í samræmi við sáttmálann að vinna að stöðugleika í kjaramálum, og það sé gert með því að útfæra loforðin í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Ekki er von á fleiri útspilum frá ríkisstjórninni vegna annarra samninga sem nú eru lausir, eða losna á næstunni, segir Ingibjörg Sólrún. Boðaðar aðgerðir komi öllu launafólki til góða og ættu að liðka fyrir öðrum samningum. - bj

LAUSIR SAMNINGAR Ríkisstjórnin ætlar sér ekki að koma með fleiri útspil í tengslum við samninga annarra en ASÍ, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

SUZUKI

Way of Life!

SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.

GRAND VITARA frá 2.940 þús.
Sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður.

FULL FRAME 4x4

Hugtök Feb. 08

Komdu og reynsluaktu Suzuki 4x4, upplifunin verður ánægjuleg.

SX4 2.190 þús.
Bíll með kröftugt útlit, mikla veghæð og fjöðrun fyrir fjölbreyttar aðstæður. „Crossover" hönnun SX4 gefur ökumanni og farþegum meira rými, hærra aðgengi og betri yfirsýn. Drifbúnaður SX4 gefur möguleika á framdrifi, sítengdu fjórhjóladrifi og læstu fjórhjóladrifi.

SWIFT 4X4 1.859 þús.
Bíll ársins á Íslandi 2006, Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92 hö vél, afburða aksturseiginleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.

JIMNY 1.950 þús.
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör "sparibaukur" sem fæst sjálfskiptur.

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKIBILAR.IS

GENGIÐ 19.2.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,58	66,9
Sterlingspund	129,66	130,3
Evra	98,09	98,63
Dönsk króna	13,156	13,232
Norsk króna	12,445	12,519
Sænsk króna	10,511	10,573
Japanskt jen	0,6202	0,6238
SDR	105,38	106

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
129,204
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Annmarkar á hugmynd um uppboð á byggðakvóta segir sjávarútvegsráðherra:

Sömu átökin og um kvótann

SJÁVARÚTVEGUR Ýmsir annmarkar eru á hugmynd um að byggðakvóti verði boðinn upp og féð renni til sjávarbyggða, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir talaði fyrir á fundi á Akureyri á mánudag, segir Einar K. Guðfinnsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra.

Hann segir hugmyndina ekki nýja, en fara þurfi yfir hana áður en hann taki afstöðu. Dæmi um annmarka séu erfiðleikar sem það gæti valdið smærri byggðum verði byggðakvótinn alfarið sleginn af.

„Síðan vakna spurningar um það hvernig deila ætti út því fjármagni sem fæst fyrir kvótann. Ég geri ráð fyrir því að það verði sömu átökin um það eins og um útdeilingu á byggðakvótanum," segir Einar.

EINAR K. GUÐFINNSSON „Ég geri ráð fyrir því að það verði sömu átökin um [útdeilingu fjármagnsins] eins og um útdeilingu á byggðakvótanum." FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann bendir ennfremur á að hugmyndir um uppboð á byggðakvóta þurfi að fara saman við veiðigjaldið, þarna sé gert ráð fyrir því að útgerðin greiði fyrir aflaheimildir sem hingað til hafi ekkert verið greitt fyrir.

Hugmyndir Samfylkingarinnar um uppboð byggðakvótans koma í kjölfar álits Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um að úthlutun kvóta feli í sér mismunun.

Einar segir að enn sé unnið að því í sjávarútvegsráðuneytinu að undirbúa svar Íslands við áliti nefndarinnar. Þeirri vinnu ljúki vonandi á vormánuðum. - bj

LÍÚ hafnar uppboðshugmynd:

Yrði skattur á landsbyggðina

SJÁVARÚTVEGUR Með hugmyndum Samfylkingarinnar um uppboð á byggðakvóta er í raun verið að leggja til að veiðiheimildir verði hirtar af útgerðum og þær látnar kaupa þær aftur á uppboði, segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.

„Aflaheimildirnar eru að mestu leyti úti á landi svo þetta yrði ekkert annað en landsbyggðaskattur sem sjávarútvegurinn ætti að standa undir," segir hann. „Mér líst ekkert á þessa hugmynd og við leggjumst alfarið gegn henni." Samfylkingin virðist komin inn á braut eignaupptöku sem hún hafi áður verið horfin frá. - bj

Félagsmálaráðherra:

Vinna barna verður skoðuð

ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra ætlar að láta athuga hvort börn vinni meira en reglur segja til um að þau megi gera.

Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokks, innti Jóhönnu á Alþingi í gær eftir afstöðu hennar til vinnu barna. Siv sagði vinnandi börnum í stórmörkuðum fjölga og hafði meðal annars áhyggjur af því að vinna þeirra kæmi niður á námi.

Jóhanna tók undir hvert orð Sivjar, þakkaði henni fyrir að vekja athygli á málinu og hét því að láta skoða það. - bþs

SAMKOMULAG UNDIRRITAÐ Þorgerður Katrín og Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, undirrituðu samkomulagið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkomulag undirritað:

Framhaldsskóli rís í Mosfellsbæ

MENNTAMÁL Menntamálaráðuneytið og Mosfellsbær hafa gert með sér samkomulag um stofnun og byggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, undirrituðu samkomulag þess efnis í Listasal Mosfellsbæjar í gær. Haraldur sagði samkomulagið mikið framfaraspor fyrir Mosfellsbæ.

Gert er ráð fyrir því að skólinn taki á móti 400 til 500 nemendum frá haustinu 2009. - mh

Steypuframkvæmdir víki fyrir velferðinni

Áhersla er lögð á umhverfis- og velferðarmál í þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri svarar ekki hvaða framkvæmdum skal fresta fyrir auknar velferðaráherslur. Dagur B. Eggertsson segir skorið niður í velferðarmálum.

BORGARMÁL Stórátak í uppbyggingu göngu- og hjólreiðaleiða og veruleg fjölgun leikskólaplássa er meðal þess sem kynnt var í þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir borgarstjórn í gær.

Haldið verður áfram með verkefnið „frítt í strætó", og börnum öldruðum og öryrkjum einnig boðið upp á gjaldfrjálsar strætisvagnasamgöngur. Fjölga á íbúðum Félagsbústaða um hundrað á ári. Einnig á að kanna möguleika á að koma upp fimm ára deildum í grunnskólum í öllum hverfum.

Gert er ráð fyrir minni tekjuaukningu borgarsjóðs en undanfarin ár. Hún verði um þrír milljarðar milli ára sem er um þriðjungur árlegrar tekjuaukningar undanfarin ár. Hún muni þó duga fyrir útgjaldaaukningunni, sem muni nema um 2,6 milljörðum árlega.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri sagði á blaðamannafundi í gær að áætlunin tæki mið af óvissu í efnahagsmálum, hún væri aðhaldssöm og til greina kæmi að hægja á steypuframkvæmdum til að liðka fyrir meiri útgjöldum til velferðarmála. Aðspurður svaraði hann því ekki við hvaða framkvæmdir hann ætti.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, segist vart fá tölurnar sem settar eru fram í áætluninni til að stemma við þessi orð borgarstjóra. „Það á að fresta skólabyggingum og slá af í velferðarmálum í aðra röndina og svo er verið að ýta út af borðinu einhverjum stærsta loforðapakka Sjálfstæðisflokksins í íþróttamálum," segir hann og vísar til niðurskurðar í framkvæmdum við íþróttamannvirki, sem setja muni fyrirætlanir íþróttafélaga í uppnám. „Þannig að þarna er í raun engu haggað í áætlunum um gatnagerð og malbik en sparað í því sem snýr að börnum, öldruðum og íþróttum. Satt best að segja kemur þetta manni svolítið á óvart."

Dagur segir að í áætluninni sé sett fram svartsýnni spá á efnahagshorfur en áður hefur sést, en að svör skorti við því hvernig borgin hyggst bregðast við. Dagur segir áætlunina bera óvissuástandinu í Ráðhúsinu merki, og efast jafnframt um að hún hafi verið rædd til hlítar innan meirihlutans. stigur@frettabladid.is

FUNDAÐ Í BORGARSTJÓRN Ólafur F. Magnússon borgarstjóri lagði þriggja ára áætlunina fyrir borgarstjórn til samþykktar í gær. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson var ekki mættur á fundinn, og vakti það athygli viðstaddra. Hann fundaði með öðrum í hliðarherbergi og sagðist ekki hafa tekið ákvörðun um pólitíska framtíð sína. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

NOKKUR ATRIÐI ÚR ÁÆTLUNINNI

- Ekki er gert ráð fyrir breytingum á álögum á borgarbúa.
- Kaffihús verði byggt í Hljómskálagarðinum og reksturinn boðinn út.
- Fundið verði nýtt áfangaheimili fyrir þá sem nú dvelja á umdeildu heimili við Njálsgötu.
- Grunnskólanemum verði gert kleift að þreyta framhaldsskólaáfanga og ljúka unglingadeild á tveimur árum.

GRINDAVÍK Bæjarstjórnin vonast til að efla starfsanda.

Tryggðin launuð í Grindavík:

Starfsmenn fá launauppbót

SVEITARSTJÓRNIR Starfsmenn Grindavíkurbæjar munu fá launauppbót 1. apríl samkvæmt ákvörðun meirihlutans í bæjarstjórn. Uppbótin verður á bilinu 50 til 200 þúsund krónur eftir starfsaldri hvers og eins.

„Meirihluti D- og S-lista vill með breytingu á starfsmannastefnu bæjarins umbuna því frábæra starfsfólki sem vinnur hjá Grindavíkurbæ og sýnt hefur bæjarfélaginu tryggð og velvilja. Það er von meirihlutans að þessi breyting efli enn frekar starfsanda í stofnunum bæjarins," segir í bókun meirihlutans sem boðar aðra aukagreiðslu 1. september og svo eftir það á 1. september á hverju ári. - gar

ALÞINGI

Kristinn fær að hlusta

Forsætisnefnd hefur samþykkt að Frjálslyndir fái áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar. Er það mögulegt í krafti nýrra þingskaparlaga sem tóku gildi um áramót. Kristinn H. Gunnarsson verður áheyrnarfulltrúi Frjálslyndra í forsætisnefnd.

Höskuldur í fæðingarorlof

Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks, verður í fæðingarorlofi næstu fjórar vikur. Huld Aðalbjarnardóttir tekur sæti hans á þingi á meðan.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

HLÝNAR OG KÓLNAR Núna með morgninum hlýnar á landinu í stífri sunnanátt. Fyrst hlýnar syðra en síðan víða um land síðdegis, þó ekki á Vestfjörðum. Þessu fylgir væta, einkum sunnan og vestan til en snjókoma verður fyrir vestan. Úrkomulítið á Norðausturlandi. Í nótt frystir á ný um allt land.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	8°
Billund	7°
Ósló	4°
Stokkhólmur	4°
Gautaborg	5°
London	10°
París	10°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	10°
Berlín	8°
Alicante	19°
Mallorca	16°
Basel	11°
Eindhoven	11°
Las Palmas	21°
New York	3°
Orlando	22°
San Francisco	14°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

SAMNINGAR GEGN
VERÐBÓLGU

Í kjarasamningum SA og landssambanda ASÍ 17. febrúar síðastliðinn hækkuðu samningsbundnir lágmarkstaxtar verka- og afgreiðslufólks um 18 þúsund krónur á mánuði og iðnaðarmanna um 21 þúsund krónur á mánuði frá 1. febrúar 2008.

Samningarnir fela í sér launaþróunartryggingu sem er 5,5% og virkar þannig að hafi laun starfsmanns ekki hækkað sem því nemur frá 2. janúar 2007 hækka þau nú um það sem á vantar hjá þeim sem hafa verið í starfi þennan tíma.
Laun sem hafa hækkað um 5,5% eða meira hækka ekki.

Starfsmenn sem hófu störf á tímabilinu 2. janúar til 30. september eiga rétt á 4,5% launaþróunartryggingu.

Engar almennar launahækkanir verða á þessu og næsta ári. Hækkun launagreiðslna er beint til þeirra sem eru á eða beint tengdir samningsbundnum lágmarkstöxtum og til þeirra sem ekki hafa notið launaskriðs.

Mikilvægt er að fyrirtæki geri ekki aðrar launabreytingar nú en þær sem ákveðnar eru með samningunum.

Fyrirsjáanlegt er að það hægir á efnahagslífinu og fyrirtæki verða að vanda vel til ákvarðana sem hafa áhrif á rekstrarlega stöðu þeirra.

Með réttri framkvæmd kjarasamninganna og framlagi stjórnvalda eru góðar horfur á að starfsskilyrði atvinnulífsins batni, vextir lækki, verðbólga minnki og raunverulegar kjarabætur verði tryggðar.

DÆMI UM LAUNAÞRÓUNARTRYGGINGU

1

Starfsmaður með nokkurra ára starfsreynslu hjá fyrirtæki og 250 þúsund króna mánaðarlaun samkvæmt persónubundnum ráðningarsamningi fékk 2,5% launahækkun þann 1. september 2007. Hann á rétt á 3% launaþróunartryggingu (5,5-2,5%).

2

Starfsmaður hóf störf hjá fyrirtæki 1. apríl 2007 og samdi um 200 þúsund króna mánaðarlaun. Laun hans hækkuðu um 3% 1. september. Hann á rétt á 1,5% launaþróunartryggingu (4,5-3%).

Nánari upplýsingar um samningana á www.sa.is

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

RÉTT FRAMKVÆMD TRYGGIR ÁRANGUR

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

KJÖRKASSINN

Ert þú sátt(ur) við nýundirritaða kjarasamninga?

Já	45,5%
Nei	54,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú sjá fleiri álver á Íslandi?

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Nýgerðir samningar aðila vinnumarkaðarins hafa misjöfn áhrif fyrir önnur félög:

Fyrstu samningar hafa áhrif

KJARAMÁL „Það er nánast lögmál að þeir samningar sem eru gerðir fyrst hafa alltaf einhver áhrif á aðra samninga þó aðrir hafi sjálfstæðan samningsrétt," segir Halldóra Friðjónsdóttir, formaður Bandalags háskólamanna, spurð um áhrif samninga ASÍ og Samtaka atvinnulífsins.

Samningar BHM við ríkið renna út í lok janúar. Halldóra segir að þar sé aðstaðan önnur en á almennum markaði. Í síðustu samningum hafi áherslan verið á hækkun lægstu launa, en nú virðist áhugi aðildarfélagana snúa að því að bæta kjör þeirra sem litlar hækkanir hafi fengið síðast.

EIRÍKUR JÓNSSON

HALLDÓRA FRIÐJÓNSDÓTTIR

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, segir samninga aðila vinnumarkaðarins ekki gefa tóninn fyrir samninga kennara. Framhalds- og grunnskólakennarar eru með lausa samninga í lok apríl og maí. Kennarar muni sjálfir móta sínar kröfur og samningsmarkmið út frá sínum forsendum, og vinna við slíkt sé nú í gangi.

Nýgerðir samningar gætu orðið fordæmi fyrir ákveðna hópa innan BSRB, segir Ögmundur Jónasson, formaður BSRB. Hann segir ekkert nema gott að segja um áherslu á hækkun lægstu launa, utan við að lægstu taxtar séu enn allt of lágir og dugi ekki til framfærslu.

Því verði aðkoma stjórnvalda þeim mun mikilvægari, og þar sé strax komið til móts við kröfur um lægri álögur á fyrirtæki, en kjarabótum almennings sé frestað. - bj

Aflaverðmæti 75,3 milljarðar:

Verðmætari afli við Ísland

SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 75,3 milljörðum króna á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2007 samanborið við 70,5 milljarða á sama tímabili 2006. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands og mælist aukningin 6,7 prósent milli ára.

Aukning á verðmæti þorskafla er 10,8 prósent eða 27,5 milljarðar. Þá jókst aflaverðmæti ýsu um 27,7 prósent en verðmæti karfa drógst saman um 10 prósent milli ára sem og verðmæti ufsa um 8,5 prósent. Verðmæti afla sem seldur er til vinnslu innanlands jókst um 17,1 prósent. - ovd

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Ferðaþjónusta enn skoðuð

Samkeppniseftirlitið er enn að vinna úr gögnum sem það lagði hald á í mars 2007 og fjalla um Samtök ferðaþjónustunnar og nokkrar ferðaskrifstofur. Eftirlitið segir rannsóknina í fullum gangi.

SKATTALÆKKANIR

Fagna skattalækkunum

Viðskiptaráð Íslands og Heimdallur fagna áformum ríkisstjórnarinnar að lækka tekjuskatt fyrirtækja. Segir í tilkynningu Viðskiptaráðs að tillagan styðji við hugmyndir um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð. Í tilkynningu Heimdalls segir að með þessu verði Ísland enn samkeppnishæfara.

Segir íslenska banka geta staðist álagið

Sveigjanleiki íslensku bankanna getur skipt sköpum fyrir lækkun skuldatryggingarálagsins hjá þeim, segir Tom Jenkins hjá Royal Bank of Scotland. Álagið er um 565 punktar hjá Kaupþingi, 530 hjá Glitni og 275 hjá Landsbankanum.

VIÐSKIPTI Þótt skuldatryggingarálagið sé hátt á íslenska banka, einkum Kaupþing og Glitni, geta þeir staðið það af sér þar sem sveigjanleiki við fjármögnun er einn helsti kostur þeirra.

Þetta segir Tom Jenkins skuldabréfasérfræðingur hjá Royal Bank of Scotland en hann hefur fylgst með starfsemi íslensku bankanna undanfarin ár. „Skuldatryggingarálagið á íslensku bankana er hátt en vegna sveigjanleika þeirra er kemur að fjármögnun og hve fljótir þeir eru að laga sig að breyttum aðstæðum, geta þeir staðið þetta af sér. Í rauninni er ekki hætta á ferðum fyrir þá á þessu ári," sagði Jenkins í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann segir bankana þurfa að fara varlega enda sé enn mikil óvissa fyrir hendi á fjármálamörkuðum sem geri ástandið enn verra en ella. Þeir þurfi að halda ró. „Ég geri ekki lítið úr vandamálinu, alls ekki, en ég tel íslensku bankana ekki vera illa stadda. Mér finnst ekki ólíklegt að álagið lækki eftir tvo til þrjá mánuði," sagði Jenkins.

Hátt skuldatryggingarálag á íslenska banka getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér haldist það hátt til lengri tíma. Skuldatryggingarálag helst í hendur við álag á svonefnda LIBOR-vexti, það er millibankavexti. Ef skuldatryggingarálag er um 400 punktar, eða fjögur prósentustig, þá er líklegt að viðkomandi skuldari þurfi að greiða sambærilegt álag ofan á LIBOR-vexti fyrir nýtt lánsfé.

Fjármögnun bankanna getur að þessu leyti orðið dýr haldist álagið eins og það er framyfir þann tíma sem félögin þurfa til þess að fjármagna sig.

Jenkins segir viðhorf vera uppi innan skuldabréfamarkaðarins í Bretlandi að efnahagslegar stoðir Íslands séu ótraustar. Það skýrir að hluta hvers vegna álagið á íslensku fyrirtækin er hátt. „Það er heldur ekki hægt að horfa framhjá því að margir fjárfestar telja stoðir íslenska efnahagskerfisins ótraustar. Til að verjast því að bankarnir skaðist frekar vegna þess þurfa þeir að einblína á skilvirka upplýsingagjöf til markaðarins og reyna þannig að snúa þessum viðhorfum við," sagði Jenkins.

Skuldatryggingarálag á mörkuðum hefur hækkað umtalsvert að undanförnu í takt við erfiðleika á fjármálamörkuðum. Algengt álag þegar ástand er eðlilegt er um hundrað punktar. Fyrirtæki sem þurfa að fjármagna starfsemi sína á næstunni standa því frammi fyrir miklum vanda þar sem lánsfé á mörkuðum er almennt mun dýrara en það hefur verið undanfarin ár. Það getur dregið úr samkeppnishæfni þeirra og þar með lækkað verðmæti þeirra.

magnush@frettabladid.is

HÖFUÐSTÖÐVAR KAUPÞINGS Skuldatryggingarálag á Kaupþing hefur verið hátt að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

ÞRÓUN SKULDATRYGGINGARÁLAGS



VINDUR OFAN AF VANDANUM Í HAUST

„Það er almennt viðhorf hér innan bankans að þetta ástand gangi yfir í haust á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað hefur verið saman og unnið úr," segir Gauti Eggertsson, hagfræðingur hjá bandaríska seðlabankanum í New York. Hann segir vanda á fjármálamörkuðum sem tengdur hefur verið við svokölluð undirmálslán í Bandaríkjunum að mörgu leyti einstakan. „Þetta er vandamál sem hefur reynst erfiðlega að greina til fulls þar sem óvissuþættirnir eru margir. Efnahagsstjórn við aðstæður eins og þessar getur verið flókin þar sem togast á verkefni um að halda niðri verðbólgu og að bregðast við snöggum efnahagslegum samdrætti vegna vandans," segir Gauti.

GAUTI EGGERTSSON

Megavika Domino's
18.-24. febrúar
allar pizzur á 1.150 kr.*

*Ef þú sækir

Domino's Pizza®

58·12345

dominos.is

Allt 2 lítra gos á 195 kr.

2 lítra Toppur á 100 kr.

Þingmenn VG sökuðu þingforseta um að haga umræðu í þágu ríkisstjórnarinnar:

Siv varði Sturlu í atlögu Ögmundar

ALÞINGI Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, sagði þingforseta hafa beitt pólitískri duttlungastjórnun þegar hann ákvað tilhögun við kynningu ríkisstjórnarinnar á aðgerðum vegna kjarasamninga á Alþingi í gær.

Þingfundur hófst á að Geir H. Haarde forsætisráðherra kynnti yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna nýgerðra kjarasamninga. Í kjölfarið tóku formenn stjórnarandstöðuflokkanna til máls og síðust á mælendaskrá var Ingibjörg Sólrún Gísladóttur utanríkisráðherra.

Að dagskrárliðnum loknum gerði Ögmundur athugasemdir við fyrirkomulagið og sagði þingforseta, Sturlu Böðvarsson, hafa tekið sér það bessaleyfi að láta fulltrúa ríkisstjórnarinnar hafa fyrsta og síðasta orð umræðunnar.

FRÁ ALÞINGI Líflegar umræður spunnust um fundarstjórn forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sturla sagðist ekki taka sér bessaleyfi heldur færi hann eftir þingsköpum. Sagðist hann jafnframt hafa talið að uppröðunin væri í þágu upplýstrar umræðu.

Ögmundur hélt fast við sinn keip, sagði eflaust hægt að deila um hugtök; bessaleyfi og jafnvel pólitíska duttlunga. Sagði hann fyrirkomulagið hafa þjónað best pólitískum hagsmunum ríkisstjórnarinnar sem reyni að slá sig til riddara á grundvelli kjarasamninganna.

Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknaflokks, kom Sturlu til varnar, sagði Ögmund ráðast á hann með óréttmætum hætti og umræðuna utan eðlilegra marka. - bþs

Við getum ekki gefist upp í baráttunni

Tvær áhrifakonur í Friðarráðinu, sem skipað er konum í Ísrael, Palestínu og erlendum áhrifakonum, fjalla um framlag kvenna til friðarferlisins í Mið-Austurlöndum í dag. Konur setja önnur atriði í forgang hvað varðar öryggi.

MIÐ-AUSTURLÖND „Konur upplifa átök á annan hátt og hafa öðruvísi sjónarhorn á þau heldur en hið karllæga sem yfirleitt ræður ríkjum," segir Anat Saragusti. Hún, ásamt Maha Abu-Dayyeh Shamas, fjallar um framlag kvenna til friðarferlisins í Mið-Austurlöndum á fundi á Grand Hótel Reykjavík í dag klukkan 12.15 í boði utanríkisráðuneytisins. Fundurinn er öllum opinn.

Saragusti, sjónvarpskona í Ísrael, og Shamas, baráttukona fyrir auknum réttindum kvenna í Palestínu, eru báðar áhrifakonur í Friðarráðinu sem var stofnað árið 2005 af áhrifakonum í palestínsku og ísraelsku þjóðlífi; þingmönnum, ráðherrum og forystukonum frjálsra félagasamtaka. Auk þess eru erlendar áhrifakonur heiðursfélagar, þeirra á meðal Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna (UNIFEM) átti frumkvæði að stofnun ráðsins.

Vinna Friðarráðsins byggir að miklu leyti á tilskipun 1325 sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu árið 2000 þar sem stjórnvöld eru hvött til þess að hafa konur með í ákvarðanatökuferlinu að sögn Saragusti. Shaman segir umræðuna í dag yfirleitt snúast um hernaðarlegt öryggi en það sem ráðið vilji gera er að beina kastljósinu að mannlegu öryggi. „Réttur til að vera frjáls, réttur til að hafa aðgang að menntun, heilbrigðiskerfi og atvinnu, réttur til að vera öruggur og búa í friði. Þetta eru þau grundvallarmálefni sem skipta konur mestu máli."

MAHA ABU-DAYYEH SHAMAS OG ANAT SARAGUSTI Segja samvinnuna sem á sér stað í Friðarráðinu milli palestínskra og ísraelskra kvenna einsdæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðspurðar hvort þær séu bjartsýnar á að friður náist segist Saragusti ekki bjartsýn en hins vegar komi ekki annað til greina en að berjast. Shaman tekur í sama streng. „Við getum ekki gefist upp, það jafngildir því að gefast upp á lífinu. Þetta er okkar líf og því er það ekki valmöguleiki." sdg@frettabladid.is

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fjármálakvöld Landsbankans

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld", röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og skattamálum. Fjármálakvöldin hefjast kl. 20 og eru öllum opin án endurgjalds. Í boði eru kaffi og veitingar.

Dagskrá fjármálakvölda

24.	jan.	Höfðabakki	Fjármál heimilisins
7.	feb.	Akranesi	Fjárfestingartækifærin
21.	feb.	Laugavegur 77	Skattamál
6.	mars	Mjódd	Skattamál
27.	mars	Vesturbær	Fjárfestingartækifærin
3.	apr.	Ísafjörður	Fjármál heimilisins
10.	apr.	Fjarðargata, Hafnarfj.	Fjárfestingartækifærin

Á morgun í Austurbæjarútibúi, Laugavegi 77

Sérfræðingur frá Landsbankanum fer yfir helstu atriði sem hafa áhrif á skattgreiðslur einstaklinga og hagnýt ráð gefin við framtalsgerð.

Skráning á fjármálakvöldin fer fram á **landsbanki.is** eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar á **www.landsbanki.is**.

2008

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 41223 02.2008

T.E.C. Travel King 510 TKM
Árgerð: 2005

STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á NOTUÐUM FERÐAVÖGNUM

400.000,- kr. AFSLÁTTUR

Fullt verð kr. 2.250.000,-
Tilboð kr. 1.850.000,-
Aukahlutir: Grjótgrind, markísa, sólarsella og sjónvarpsloftnet

TJALDVAGNALAND
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

RV Unique

RV Unique örtrefjaræstikerfið
- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt

Bodil Fur, sölumaður hjá RV Unique í Danmörku

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar RV

UniFlex II H Fiber ræstivagn

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RVUNIQUE 020802

Ímyndaðu þér stað !

Þar sem erfiði dagsins er létt af þér

Stað sem þú gætir farið til í kvöld – og hvert einasta kvöld !

Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

Betra BAK

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Stærsta GSM dreifikerfið

Það er Síminn

Mikill fjöldi athyglisverðra tilnefninga

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt næstkomandi þriðjudag. Á fjórða hundrað tilnefninga bárust frá lesendum og stóð dómnefnd í ströngu að velja úr þeim. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk heiðursverðlauna.

„Það var mikill vandi að velja úr þeim mikla fjölda athyglisverðra og góðra tilnefninga sem bárust að þessu sinni," segir Steinunn Stefánsdóttir aðstoðarritstjóri um vinnu dómnefndar um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins.

Blaðið auglýsti í ársbyrjun eftir tilnefningum lesenda og tóku þeir heldur betur vel við sér. „Við getum ekki annað en verið þakklát lesendum fyrir þessi góðu viðbrögð," segir Steinunn.

Auk Steinunnar var dómnefndin skipuð þeim Gísla Marteini Baldurssyni borgarfulltrúa, Hildi Petersen, stjórnarformanni SPRON, Kaffitárs og Pfaff, Svanfríði Jónasdóttur, bæjarstjóra á Dalvík, og Reyni Ingibjartssyni, formanni Aðstandendafélags aldraðra, en þau samtök hlutu Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í fyrra.

Samfélagsverðlaunin eru veitt í fjórum flokkum og eru fimm einstaklingar eða samtök tilnefnd í hverjum flokki. Auk þess eru veitt ein heiðursverðlaun. Næstu daga verða tilnefningar í flokkunum fjórum kynntar í Fréttablaðinu.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins

Hvunndagshetja
Jóna Arthúrsdóttir, sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum
Ragna Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju
Rúnar Þór Njálsson, 15 ára og bjargaði lífi drengs
Þórhallur Darri Þórsson, 9 ára og gaf allar jólagjafir sínar jafnaldra sem hafði misst allt sitt í bruna
Sigríður Eyþórsdóttir, stýrir fötluðum í leiklistarstarfi

Frá kynslóð til kynslóðar
FKA og Leiðtogaauður. Við segjum já – 100 konur sem buðu sig fram í stjórnir fyrirtækja
Friðrik S. Kristinsson, kórstjóri Drengjakórs Reykjavíkur.
Pétur Jónsson, tónmenntakennari í Austurbæjarskóla
Sérdeild Brekkubæjarskóla á Akranesi
Þorsteinn Bjarni Einarsson og Sigríður Steingrímsdóttir, fósturforeldrar í sveit til margra ára

Til atlögu gegn fordómum
Alþjóðahúsið
Götuhernaðurinn, ungmenni sem hafa að markmiði að bæta ímynd hreyfihamlaðra
Hörður Torfason tónlistarmaður og baráttumaður fyrir sýnileika samkynhneigðra
Salman Tamimi, formaður félags múslima á Íslandi
Valgerður Halldórsdóttir, ritstjóri vefjarins Stjúptengsl.is

Samfélagsverðlaunin
ABC – barnahjálp
BAS – göngum gegn slysum
Hjálpræðisherinn
Lögfræðiaðstoð Orators
Saman hópurinn

DÓMNEFND UM SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS Frá vinstri; Svanfríður Jónasdóttir, Steinunn Stefánsdóttir, Hildur Petersen, Gísli Marteinn Baldursson og Reynir Ingibjartsson.

AÐALFUNDUR EXISTA HF.
28. FEBRÚAR 2008

EXISTA

Aðalfundur Exista hf. verður haldinn fimmtudaginn 28. febrúar 2008
á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2 og hefst fundurinn kl. 17:00

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2007.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2007 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar vegna ársins 2007.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
7. Tillaga stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu Exista hf.
8. Tillaga um að samþykkja heimild stjórnar til þess að breyta og gefa út hlutafé í evrum.
9. Tillögur til breytinga á samþykktum Exista hf.:
   a. Breyting á 2. mgr. 4. gr. um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 7.000.000.000 kr. að nafnverði eða samsvarandi fjárhæð í evrum með útgáfu nýrra hluta.
   b. Breyting á 1. mgr. 7. gr. um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns hluthafa, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Stjórn félagsins skal yfirfara tilkynningar þeirra sem kost á sér gefa til stjórnar og gefa viðeigandi aðilum tækifæri, á sannanlegan hátt, til þess að leiðrétta ágalla á tilkynningu innan ákveðins tíma, sem skal ekki vera lengri en 24 klukkustundir. Ef ekki er bætt úr ágöllum á tilkynningu innan tilsetts tímamarks, mun stjórn félagsins ákveða um gildi framboðsins. Mögulegt er að bera ákvörðun stjórnar félagsins upp á hluthafafundi sem hefur úrslitavald um gildi framboðs til stjórnar félagsins.

Upplýsingar um framboð til stjórnar félagsins skulu vera aðgengilegar hluthöfum á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund félagsins.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Enn fremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins www.exista.com frá sama tíma.

Aðalfundur Exista mun fara fram á ensku. Boðið verður upp á túlkun á íslensku.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 16:00 á fundarstað að Hilton Reykjavík Nordica.

Reykjavík 20. febrúar 2008
Stjórn Exista hf.

EXISTA hf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600 www.exista.com

GOTT UPPGJÖR Xavier Govare, forstjóri Alfesca, er ánægður með uppgjör síðasta fjórðungs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Horfur á krefjandi ári:

Alfesca setur yfirtöku í salt

VIÐSKIPTI „Við höfum ákveðið að fresta yfirtöku á Oscar Mayer," sagði Xavier Govare, forstjóri Alfesca á uppgjörsfundi félagsins í gær. Alfesca vilji greiða sanngjarnt verð fyrir matvælaframleiðandann breska og bíði eftir að aðstæður á mörkuðum batni en þær hafi sett strik í reikninga Oscar Mayers.

Hagnaður Alfesca nam 22,5 milljónum evra, jafnvirði 2,2 milljarða íslenskra króna, á síðasta ársfjórðungi, sem er annar fjórðungur í bókum félagsins. Til samanburðar nam hagnaðurinn fyrir ári 19,5 milljónum evra. Fjórðungurinn er iðulega sá besti í bókum Alfesca enda sala með besta móti í kringum stórhátíðir. - jab

GRÍMSNES

Kynna kröfu um niðurrif

Þrátt fyrir að liðinn sé tuttugu daga frestur sem eigendur sumarbústaðar á Kiðjabergi í Grímsnesi gáfu sveitarstjórninni til að láta rífa tvö önnur sumarhús á Kiðjabergi hefur sveitarstjórnin enn ekki svarað kröfunni. Verið að er að óska eftir athugasemdum eigenda umræddra húsa við kröfuna.

Nýbúar á Vatnsleysuströnd:

Húsnæði til að læra móðurmál

MENNTUN Eftir deilur samþykkti bæjarráð Voga að styðja við móðurmálskennslu erlendra nemenda á þeirra eigin tungumáli með því að veita aðgang að húsnæði grunnskólans.

Minnihlutinn í bæjarráði vildi að fé yrði varið til móðurmálskennslu fyrir nýbúa.

„Hvað telur minnihlutinn að bjóða eigi upp á móðurmálskennslu á mörgum tungumálum af þeim um tvö þúsund tungumálum sem talin eru vera til í heiminum?“ spurði meirihlutinn sem lagði til að kennslan yrði styrkt með því að leggja til húsnæði. Það var samþykkt samhljóða. **- gar**

FRÁ ÞORSKELDI Í TÁLKNAFIRÐI Í samræmi við áherslur ráðherra fer um helmingur styrkfjár til rannsókna á þorski.
FRÉTTABLAÐIÐ/VIÐHELM

Verkefnasjóður sjávarútvegs:

50 milljónir til rannsókna

SJÁVARÚTVEGUR **Styrkir úr samkeppnisdeild Verkefnasjóðs sjávarútvegsins að upphæð samtals 50 milljónir króna voru afhentir nýlega.**

Að þessu sinni fengu fimmtán verkefni styrki og fjalla þau um níu mismunandi tegundir sjávarlífvera, allt frá þangi til hvala. Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Matís ohf., Prokaria ohf. og Hafrannsóknastofnun eru meðal þeirra sem fengu hæstu styrkina að upphæð 5 milljónir króna hvert verkefni. Aðrir styrkir voru lægri eða frá 970 þúsund krónum og upp undir fimm milljónir.

Þorskur er aðalviðfangsefni sex verkefna og til þeirra rennur um helmingur styrkfjárins. - ovd

Fjalaköttur inn
Veitingastaður í gömlu Reykjavík
Aðalstræti 16, sími 514 6060

Lostavekjandi matseðill
Fjórréttaður, í boði 14–24 feb.
kr. 5.800.-

Starfsmenn á þjónustuverkstæði

Starfsmenn óskast á þjónustuverkstæði MEST ehf.

Störfin fela í sér viðhald á vinnuvélum, byggingakrönum, rafstöðvum og öðrum tækjum sem MEST er þjónustuaðili fyrir. Æskilegt að umsækjendur hafi annað hvort iðn- eða vélstjóramenntun.

Fyrirspurnum svarar Árni Már deildastjóri þjónustuvers í síma 825 0722 eða á netfangið arnimr@mest.is.

mest

Traustasta fjarskiptafyrirtækið

Það er Síminn

ÞAÐ ER ÁVÍSUN Á BROS AÐ VERA Í STOFNI

Árleg endurgreiðsla er aðeins einn af fjölmörgum kostum þess að vera í Stofni. Má þar nefna afslátt af tryggingum og barnabílstólum, ókeypis flutningstryggingu, bílaleigubíl vegna kaskótjóns ásamt nýjasta þjónustuliðnum: Vegavernd Sjóvá.
Farðu á sjova.is eða hringdu í síma 440 2000 og kynntu þér kosti þess að vera í Stofni. Vertu viss um að njóta góðrar þjónustu.

ENDURGREIÐSLA – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ
STOFN

„ORÐRÉTT“

Biðlistar

„Biðlistar í endurhæfingu eru orðnir mjög langir enda segir það sig sjálft þegar plássum fækkar.“

KRISTÓFER ÞORLEIFSSON, FORMAÐUR GEÐLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS, UM FÆKKUN PLÁSSA FYRIR GEÐSJÚKA.

Fréttablaðið, 19. febrúar.

Rjúpur á okurverði

„Mér datt þetta í hug þegar rjúpurnar voru að seljast á okurverði í haust.“

REGÍNA ÓLÍNA ÞÓRARINSDÓTTIR UM VIÐSKIPTAHUGMYND HENNAR SEM GENGUR ÚT Á AÐ RÆKTA RJÚPUR FYRIR JÓLAMARKAÐINN.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN BENEDIKTSDÓTTIR, DAVIS-LEIÐBEINANDI:

Hjálpar lesblindum af öllu hjarta

„Það er alltaf nóg að gera og mikill árangur af starfinu,“ segir Guðrún Benediktsdóttir, Davis-leiðbeinandi í Hafnarfirði. „Ég fæ góðar reynslusögur til baka þar sem Ron Davis-aðferðin reynist mjög vel bæði börnum og fullorðnum. Það er svo gefandi og gaman þegar maður sér að maður getur hjálpað fólki til að takast á við lesblinduna, fengið þeim verkfæri í hendur og unnið með þau.

Mímir símenntun býður upp á lesblindunámskeið fyrir fullorðna sem er niðurgreitt af menntamálaráðuneytinu og við erum með nokkur námskeið á ári. Fullorðnir eru farnir að skoða sjálfa sig út frá allri umræðunni sem hefur verið undanfarin ár um athyglisbrest, les-, skrif- og stærðfræðiblindu. Fólk er farið að kveikja á því að kannski hafi þetta hrjáð það allt þess líf, þetta hafi upprunlega orðið til þess að sjálfsmyndin hafi ómeðvitað brotnað niður og að fólk hefur fengið neikvæðar hugsanir um sjálft sig. Þegar fólk fer að vinna í þessu opnast alveg nýr heimur,“ segir Guðrún. „Þetta er það sem tekur hug minn fyrir utan heimilið. Maður er í þessu af öllu hjarta.“

Guðrún og maður hennar, Guðjón Pálmarsson, eiga þrjá unglinga, 13, 16 og 18 ára. „Ég er í því að halda utan um unglingana og að sjálfsögðu hjónabandið líka, það má ekki gleyma því. Eldri unglingarnir eru báðir í framhaldsskóla og stelpan í grunnskóla og á að fermast í vor. Svo hef ég verið á fullu á hundanámskeiðum. Það er algjör heilsubót að eiga stóran hund því að maður þarf að fara með hann út að ganga á hverjum degi,“ segir hún.

Guðrún hefur háskólanám í bígerð og er að velta fyrir sér að sækja um að taka iðjuþjálfun utanskóla við Háskólann á Akureyri í haust. „Draumurinn er að geta unnið sem iðjuþjálfi og tekið Davis-leiðréttingar með í framtíðinni. Margir krakkar, sem koma til mín hafa verið og eru í iðjuþjálfun, og ég held að Davis-leiðbeiningar og iðjuþjálfun eigi vel saman. Ég get ekki flutt til Akureyrar en nú er möguleiki að stunda þetta nám að heiman.“

SJÓNARHÓLL

NÝUNDIRRITAÐIR KJARASAMNINGAR

Jákvætt að eyða óvissu

„Þessir kjarasamningar eru mjög mikilvægur áfangi í þeirri vinnu sem nú er í gangi við að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, um nýgerða kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins.

„Þarna er um langtímasamninga að ræða, sem eyða þeirri óvissu sem var ríkjandi, sem er mjög jákvætt. Framlag ríkisins í þeim efnum er einnig mjög mikilvægt,“ segir Guðjón.

„Það er mikilvægt að fyrirtækin í landinu haldi sig við þá forgangsröðun sem lagt er upp með,“ segir Guðjón. Í samningunum var áhersla lögð á hækkun lægstu launa en að þeir sem notið hafi launaskriðs fái minni hækkanir. „Þessir samningar ættu jafnframt að vera mikilvægt tæki fyrir Seðlabankann og flýta fyrir vaxtalækkunarferlinu,“ segir Guðjón að lokum.

GUÐJÓN RÚNARSSON Framkvæmdastjóri

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Síðasti minkurinn fallinn

Uppi varð fótur og fit í Heimaey þegar minks varð vart í bænum. Ásmundur Pálsson meindýraeyðir var snar í snúningum og náði að skjóta minkinn eftir snarpan eltingaleik, sem kom ljósmyndara Fréttablaðsins í Eyjum næstum því í koll. Fljótt var eini minkurinn í Eyjum allur.

Minkurinn var í porti nokkru í bænum þegar Ásmundur kom að með vopnið. „Svo hljóp hann út úr portinu og beint að Óskari Friðrikssyni ljósmyndara svo ég þorði ekki að skjóta á hann,“ segir Ásmundur. „Þannig að ég hljóp á eftir honum inn í annað port þar sem hann fór undir gám og þá náði ég að koma skoti á hann. Svo reyndi hann að fela sig í einhverju dekkjarusli en þá náði ég að koma skoti á hann aftur og þar með steinlá hann.“

Meindýraeyðirinn var með sandskot í byssunni svo engin hætta var á að þau myndu endurkastast og stofna nærstöddum í hættu.

Alkunna er að minkur er afar sjaldgæfur í Eyjum. „Síðasta haust var mér sagt af minki við Heimaklett en hann var svo kominn í borð um Stíganda VE 77 en þar náði ég að skjóta í afturendann á honum en þá fór hann í sjóinn og ég veit ekki meira um afdrif hans. Þannig að þessi sem lá núna er sá fyrsti sem næst.“

Meindýraeyðirinn hefur sínar skýringar á því hvernig vargurinn kemur til Eyja. „Ég held að hann komi með Herjólfi. Það er töluvert af honum í Þorlákshöfn og þeir gætu hugsanlega komið með ruslagámunum en hingað er sent kurl til að brenna. Hann gæti hafa komið með því.“

jse@frettabladid.is

ÁSMUNDUR MEÐ MINKINN Eini minkurinn sem vitað er um í Vestmannaeyjum féll fyrir hendi meindýraeyðis í gær. Hér er Ásmundur ánægður með dagsverkið.

MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

...MINKURINN FALDI SIG EN TÓK SÍÐAN Á RÁS...

...OG MEINDÝRAEYÐIRINN Á EFTIR.

...FRAM HJÁ LJÓSMYNDARA OG ÚT UM HLIÐIÐ...

EFTIR AÐ HAFA SÆRT DÝRIÐ KOMST SKYTTAN Í GOTT FÆRI.

Þú færð það á einum stað

England
70-90 cm
fjórar stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá **23.900**
án botns

Spain
70-90 cm fjórar stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá kr. **18.900**
án botns

Finland
80x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. **18.900**

France
140-160cm
fjórar stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá **41.900**
án botns

Denmark
86x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. **18.900**

Greece
75-90 cm
þrjár stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá **21.900**
án botns

Norway
97,5x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. **22.900**

Germany
100-120cm
þrjár stærðir
Krómlitað eða hvítt
Frá kr. **25.900**
án botns

Luxemburg
100x140
Krómlitað
eða hvítt
Kr. **22.900**

Engin hlíf, hverskonar líf?

Algjört flóð?

Hér eru ráðin góð!

sturta.is

Reykjavíkurvegur 64
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

ÚTSALA Á NÝLEGUM 4X4 BÍLUM

KJARASAMNINGADAGAR BÍLALANDS

Enn meiri kjarabót fyrir launafólk!

*Gjafakort Kaupþings með 150.000 kr. innistæðu. Hægt að nota bæði innanlands og erlendis. Lesið nánar um skilmála á kaupthing.is.

Dæmi um bíla:

100% lán í allt að 84 mánuði á öllum tilboðsbílum.

390þ Afsláttur

STAREX
2005, dísel, beinskiptur,
ekinn 64.000

Verð nú: **2.200.000**
Verð áður: 2.590.000

390þ Afsláttur

SANTA FE
2006, bensín, beinskiptur,
ekinn 50.000

Verð nú: **2.210.000**
Verð áður: 2.600.000

310þ Afsláttur

TUCSON
2005, bensín, beinskiptur,
ekinn 79.000

Verð nú: **1.760.000**
Verð áður: 2.070.000

590þ Afsláttur

TERRACAN
2006, dísel, sjálfskiptur,
ekinn 23.000

Verð nú: **3.590.000**
Verð áður: 4.180.000

GA

150 þús.
GJAFAKORT
FYLGIR ÖLLUM
4X4 TILBOÐSBÍLUM.
(hægt að nota hvar sem er*)

400þ Afsláttur

TUCSON
2006, bensín, sjálfskiptur,
ekinn 42.000

Verð nú: **2.550.000**
Verð áður: 2.950.000

300þ Afsláttur

SANTA FE
2004, bensín, beinskiptur,
ekinn 90.000

Verð nú: **1.680.000**
Verð áður: 1.980.000

450þ Afsláttur

TERRACAN
2005, dísel, beinskiptur,
ekinn 61.000

Verð nú: **2.570.000**
Verð áður: 3.020.000

370þ Afsláttur

TERRACAN
Nýskr: 2003, bensín, sjálfskiptur,
ekinn 51.000

Verð nú: **2.080.000**
Verð áður: 2.450.000

280þ Afsláttur

SANTA FE
2003, bensín, beinskiptur,
ekinn 98.000

Verð nú: **1.560.000**
Verð áður: 1.840.000

Gerðu frábær KAUP

á Kjarasamningadögum í B&L og tryggðu þér **150.000 kr.** kjarabót sem bætist ofan á tilboðsverðið (gildir til og með 23. febrúar).

Eitt besta úrval notaðra bíla á Íslandi.

Kíktu til okkar á Grjóthálsinn!

SÍMI 575 1230

Bílaland Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1230 - www.bilaland.is
Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.
B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460

bíla B&L land
notaðir bílar

Svona erum við
> Íbúar í Garðabæ



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: KOSOVO

Kosovo ætlar að fylgja áætlun Ahtisaaris

Sunnudaginn 17. febrúar samþykkti þingið í Kosovo að lýsa yfir sjálfstæði. Í tæpan áratug hefur Kosovo í reynd verið undir stjórn Sameinuðu þjóðanna og verður það áfram um sinn.

Hvað gerist næst?

Serbar samþykktu ekki tillögu Sameinuðu þjóðanna um framtíð Kosovo, sem Martti Ahtisaari, fyrrverandi Finnlandsforseti, setti saman og kynnti á síðasta ári. Hið nýja Kosovoríki ætlar að fylgja þeirri forskrift þrátt fyrir andstöðu Serba. Þar er gert ráð fyrir því að Kosovo verði lýðræðislegt fjölþjóðaríki þar sem réttindi Serba njóti sérstaklega verndar. Evrópusambandið tekur við umsjóninni af Sameinuðu þjóðunum eftir fjóra mánuði og eftir níu mánuði verða haldnar kosningar um nýja stjórnarskrá og nýtt þing.

Hvað með fánann?

Eitt af fyrstu verkunum, sem stjórn nýja ríkisins tekur sér fyrir hendur, verður að velja nýjan fána fyrir Kosovo. Fáninn, sem Kosovo-Albanir veifa nú, með svörtum tvíhöfða erni á rauðum grunni, er í reynd fáni Albaníu. Á síðasta ári var haldin samkeppni um nýjan fána og bárust nærri þúsund tillögur. Sá sem varð ofan á er blár með hvítum stjörnum og gulu korti af Kosovo, nauðalíkur hinum opinbera fána Kosovo sem alþjóðastofnanir hafa notað.

Hvað verður um serbneska minnihlutann?

Serbar eru andvígir því að Kosovo verði sjálfstætt ríki, bæði vegna sögulegra tengsla við héraðið og af ótta við örlög þeirra Serba sem þar búa. Um það bil einn af hverjum tíu íbúum Kosovo eru Serbar, og búa þeir flestir í norðanverðu Kosovo. Samkvæmt hugmyndum Ahtisaaris er gert ráð fyrir því að þeir geti áfram verið í nánum tengslum við Serbíu. Þeir gætu þó á næstunni brugðist við sjálfstæðisyfirlýsingu Kosovo með því að lýsa sjálfir yfir stofnun sjálfstæðs ríkis, sem síðar gæti viljað sameinast Serbíu. Út af þessu gætu sprottið átök.

Ánægðustu viðskiptavinir farsímafyrirtækja
Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2007
Það er Síminn



1926 Fidel Alejandro Castro Ruz fæddur 13. ágúst á sykurplantekru fjölskyldunnar skammt frá Biran.

1945-50 Útskrifast sem lögfræðingur frá háskólanum í Havana. Gerist byltingarsinni og kemst í tæri við byltingarátök í Kólumbíu.

1952 Býður sig fram til þings, en ekkert varð úr kosningunum eftir að Fulgencio Batista herforingi framdi valdarán.

1953 Stjórnaði misheppnaðri byltingartilraun með árás á Moncada-herbúðirnar 26. júlí. Castro og yngri bróðir hans Raúl handteknir. Fengu sakaruppgjöf tveimur árum síðar ásamt fleiri föngum.

1955 Flytur til Mexíkó og byrjar að þjálfa skæruliðasveitir undir heitinu 26. júlí hreyfingin.

1956 Castro siglir til Kúbu ásamt litlum hópi uppreisnarmanna á skútunni Granma. Þeir ná landi 2. desember en her Batistas vinnur bug á þeim. Tólf úr hópnum, þar á meðal Castro, bróðir hans Raúl og félagi þeirra Ernesto „Che" Guevara, komast þó undan og halda upp í Sierra Maestra-fjöllin þaðan sem þeir halda uppi skæruhernaði.

1959 Níu þúsund manna her undir forystu Castros heldur inn í Havana. Batista flýr. Castro verður forsætisráðherra.

1960 Vináttutengsl við Sovétríkin og Krústsjof leiðtoga þeirra. Allar eignir Bandaríkjanna á Kúbu þjóðnýttar bótalaust. Bandaríkin slíta stjórnmálatengsl við Kúbu.

1961 Um 1300 kúbverskir útlagar, þjálfaðir af CIA í Bandaríkjunum, gera innrás í Svínaflóa við Kúbu í þeirri trú að stuðningur landsmanna við Castro verði lítill. Þeir bíða ósigur.

1962 Minnstu munaði að kjarnorkustríð hæfist milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna út af Kúbudeilunni, sem snerist um sovésk kjarnorkuvopn á Kúbu. Samningar náðust þannig að Sovétmenn fluttu kjarnorkuflugskeyti sín frá Kúbu en í staðinn tóku Bandaríkjamenn sín kjarnorkuvopn frá Tyrklandi.

1976 Kommúnistaflokkur Kúbu samþykkir nýja stjórnarskrá. Castro verður forseti.

1976-81 Castro sendir hersveitir til Angóla, Eþíópíu og fleiri Afríkuríkja að taka þar þátt í innanlandsátökum

1980 Um 125 þúsund Kúbverjar flýja til Bandaríkjanna.

1991 Hrun Sovétríkjanna leiðir til efnahagsþrenginga á Kúbu.

1993 Bandaríkin herða 30 ára viðskiptabann sitt á Kúbu. Til að bæta efnahagsástandið lögleiðir Castro notkun bandarískra dollara og heimilar takmarkað einkaframtak.

1994 Bandaríkin fallast á að veita 20 þúsund Kúbverjum dvalarleyfi árlega ef Kúba stöðvar flóttamannastrauminn til Bandaríkjanna.

1996 Viðskiptabann Bandaríkjanna gert ótímabundið eftir að Kúbverjar skjóta niður tvær bandarískar flugvélar sem útlagar frá Kúbu stjórna.

2000 Castro nær því fram eftir sjö mánaða deilur að sex ára piltur frá Kúbu fái að snúa heim aftur frá Bandaríkjunum.

2002 Bandaríkjaforseti bætir Kúbu inn á lista sinn yfir „öxulveldi hins illa".

2003 Harðar aðgerðir gegn gagnrýnendum Castros fordæmdar víða um heim.

2006 Castro veikist alvarlega og afhendir bróður sínum Raúl völdin til bráðabirgða.

19. febrúar 2008 Castró segir af sér í bréfi sem birtist í Granma, dagblaði Kommúnistaflokksins á Kúbu. Þjóðþingið kýs eftirmann hans 24. febrúar.

Pictures: Associated Press © Graphic News

Brotthvarf Castros

Ekki er reiknað með miklum breytingum á Kúbu þótt Fidel Castro hafi sagt af sér, að minnsta kosti ekki í bráðina. Bróðir hans Raúl tekur formlega við.

KÚBA, AP Heilsufar Fidels Castro Kúbuleiðtoga hefur verið bágborið býsna lengi. Fáum kemur því á óvart að hann hafi sagt af sér eftir 49 ára valdatíð og ætli að víkja fyrir bróður sínum Raúl, sem á sunnudaginn tekur formlega við forsetaembættinu.

Fáir virðast heldur búast við miklum breytingum á Kúbu næstu árin. Raúl bróðir hefur gefið í skyn að hann muni slaka aðeins á klónni, án þess þó að breyta um stefnu að ráði.

Fidel ætlar auk þess áfram að láta rödd sína heyrast, meðal annars með því að skrifa reglulega pistla í ríkisdagblaðið Granma eins og hann hefur gert undanfarið.

CASTRO HÆTTUR Kúbverskir blaðasölumenn fluttu heimamönnum fréttir af brotthvarfi Castros. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkin fullyrtu í gær að viðskiptabanninu, sem hefur haldið efnahagslífi Kúbu í fjötrum áratugum saman, verði varla aflétt á næstunni. George W. Bush Bandaríkjaforseti segist þó vona að brotthvarf Castros verði „upphafið að lýðræðisbróun á Kúbu".

Kúbverskir útlagar í Miami í Bandaríkjunum fögnuðu hins vegar ákaft fréttunum af afsögn Castros í gær. „Ég vona að þetta sé upphafið að endalokum kerfisins, en við verðum að bíða," segir einn þeirra.

Á Kúbu tóku landsmenn fréttunum með jafnaðargeði. Þó var ekki laust við að dapurleika gætti hjá sumum: „Þetta er eins og að missa föður," sagði Luis Conte, aldraður næturvörður á safni í Havana, „eða eins og hjónaband, mjög langt, sem nú er lokið."

- gb

HEILIR STURTU KLEFAR

ALLAN HRINGINN HERTU ÚR ÖRYGGISGLERI

EIN FLOTTASTA OG VANDAÐASTA VARAN Á MARKAÐNUM!

331-A **Trapisulagaður**
framopnun 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn

311-A **Kantaður**
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn

622-A **Rúnaður**
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisgler
allan hringinn

611-A
Kantaður 8 mm hert öryggisgler
allan hringinn

Innifalið í öllum:

Hitastýrð blöndunartæki
Handsturtusett
Ömmustöng m stórum haus

Stærðir:

331-A 90x90
311-A 80x80 og 90X90
622-A 80x80 og 90x90
611-A 70x70, 75x75, 80x80 og 90x90

kynntu þér úrvalið á www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Veltum okkur upp úr smámunum.

Hvernig á ekki að lappa upp á Strætó

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Vandamálaleysið hrjáir okkur ekki, glaða eyjarskeggja: okkur er lagið að gera smámál að stórum, okkur lætur það betur en að einhenda okkur á hin stóru mál og leysa þau. Við blásum upp tittlingaskítinn svo hann freyði.

Í þriggja ára áætlun nýja-gamla meirihlutans í Reykjavík sem kynntur var í gær var lögð rík áhersla á bættar almenningssamgöngur: öryrkjar, gamalt fólk – fyrirgefið – eldri borgarar, börn, unglingar og framhaldsskólafólk fá frítt með Strætó svo endalausum sendiferðum linni um hina víðlendu stórborg, Reykjavík.

En þá kemur babb í bátinn: nú skal gefa út skírteini fyrir njótendur Strætó. Ekki viljum við að öryrkjar úr nálægum byggðarlögum stelist með strætó, hvað þá eldra fólk, að ekki sé talað um krakkana. Ný skilríki fyrir þúsundir fríkúnna Strætó. Og þá eykst vandi vor: ekki má gefa út skírteini fyrir börn nema forráðamenn samþykki segir Persónuvernd, öryrkjar og eldri borgarar sleppa: en skírteini skulu þeir fá – annars gætu einhverjir dónar snuðað Strætó um fargjaldið.

Víst hafa lýðheilsumenn áhyggjur af því að fríkeyrsluliðið hætti að hreyfa sig: aki bara með strætó í stað þess að fara á tveimur jafnfljótum. Heyrst hafa raddir frá foreldrum sem óttast að börn leggist í salíbunur sér til skemmtunar – eftirlitslaus með símana sína, kanni nýjar lendur og endi hnípin á stoppistöð í ókunnu hverfi.

Þessi vandi er stór og sveitarstjórnarmenn verða að finna á honum skjóta lausn.Hvernig ætli þeir beri sig að á Akureyri eða Selfossi? Svona má gera úlfalda úr mýflugu og skipa til starfans nokkrar nefndir.

Fríar almenningssamgöngur eru óhjákvæmilegar til að skera Reykvíkinga niður úr snöru svimandi kostnaðar við þenslu umferðarmannvirkja. Fyrsta skrefið er að fella niður öll fargjöld í strætó og hefja stórsókn gegn sóunarstefnu sem felst í endalausum byggingum og viðhaldi undir bílaflota þjóðarinnar á þéttbýlustu stöðum. Flæmi bílastæða kostar eigendur og rekstraraðila offjár: milljón bílastæði í Reykjavík eru ekki ókeypis. Þeir sem leggja fákum sínum daglangt við vinnustaði verða að borga fyrir stallinn. Við getum ekki lagt dýrmæt stór landflæmi milli húsa undir bílastæði. Og við verðum að huga að almenningsfarartækjum sem skila fólki um Suðvesturhornið á hreinan máta og öruggan.

Því er tillaga tólf þingmanna um nýja könnun á léttlestum og hraðlest frá nyrstu byggð til hinnar syðstu tímabær. Þar er litið til framfara meðan hin smáu vandamál við frískírteini Strætó eru hentug sem spaug, fáránlegir brandarar til að stytta okkur stundir við vinnulok.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Besta þjónusta farsímafyrirtækja

Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2007

Það er Síminn

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þaulsetinn forseti

Fidel Castro Kúbuforseti er sestur í helgan stein eftir 49 ára valdasetu. Biðin eftir að hann kveddi hefur verið löng og dýr, eins og Þorvaldur Gylfason benti á í grein í Fréttablaðinu fyrir réttum þremur árum. „Ætli Reykjavíkurflugvöllur verði ekki loksins fluttur burt úr Vatnsmýrinni, þegar samgönguráðuneytið fær nýjan húsbónda? Og ætli Íslendingar sæki ekki loksins um inngöngu í Evrópusambandið, þegar Sjálfstæðisflokkurinn skiptir um formann? Hvað af þessu þrennu skyldi nú gerast fyrst?“ spurði Þorvaldur þá. Það er skemmtileg tilviljun að í sömu mund og Kastró dregur sig í hlé eru einmitt Evrópumál og Vatnsmýrin ofarlega á baugi á Íslandi.

Viva el aeropuerto

Ísland hefur þó ekki sótt um aðild að ESB. Það eina sem nýr formaður Sjálfstæðisflokksins hefur gefið út um ESB er að áfram verði fylgst með þróun mála. Það þýðir væntanlega að Geir sé opinn fyrir hugmyndinni – að minnsta kosti ekki afhuga henni. Aftur á móti sá Þorvaldur ekki fyrir að í borgarstjórastól settist maður sem er álíka opinn fyrir flutningi Reykjavíkurflugvallar og Kastró fyrir lýðræði og markaðsbúskap.

Virðing

Karl V. Matthíasson, þingmaður Samfylkingarinnar, beindi fyrirspurn til Björgvins G. Sigurðssonar, flokksbróður síns og viðskiptaráðherra, um Evrópumál í gær í tilefni af yfirlýsingum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar um gjaldeyrismál um síðustu helgi. „Já,“ svaraði Björgvin. „Þetta voru mjög athyglisverð ummæli hjá háttvirtum stjórnarformanni Baugs um helgina.“ Viðskiptaráðherra ber greinilega djúpa virðingu fyrir Jóni Ásgeir, því ekki kveða þingsköp á um að aðrir en þingmenn séu ávarpaðir háttvirtir í pontu á Alþingi – ekki einu sinni stjórnarformenn.

bergsteinn@frettabladid.is

Friður í krafti kvenna

Tvær af fyrstu ferðum mínum sem utanríkisráðherra á erlenda grundu voru til Afríku annars vegar og Mið-Austurlanda hins vegar. Ástæðan var sú að stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar kveður á um að nýir hornsteinar íslenskrar utanríkisstefnu séu mannréttindi, þróunarsamvinna og friðsamleg lausn deilumála, auk þess sem ríkisstjórnin harmaði þar stríðsreksturinn í Írak. Í arf frá fyrri ríkisstjórnum fengum við það verkefni að leiða til lykta með sóma framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, auk þess sem Ísland fer nú með forystuhlutverk fyrir Norðurlönd og Eystrasaltsríki í Alþjóðabankanum. Andspænis slíkum verkefnum dugir ekki annað en að kynnast frá fyrstu hendi aðstæðum og bakgrunni brýnustu úrlausnarefna þessara alþjóðastofnana, bakgrunni þeirra mála sem stöðugt eru þar efst á dagskrá.

Í ferðinni til Mið-Austurlanda kynnti ég mér sérstaklega aðstæður flóttamanna frá Írak sem þá var talið að væru tvær milljónir, einkum í Jórdaníu og Sýrlandi. Í framhaldinu ákvað Ísland sérstakt fjárframlag til stuðnings þess að írösk flóttabörn kæmust í skóla en móttaka flóttamanna frá Írak var einnig skoðuð. Þá samþykkti ríkisstjórnin í kjölfar ferðarinnar aðgerðaáætlun Íslands um Mið-Austurlönd sem felur m.a. í sér stóraukin framlög til alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka í Palestínu og aukna þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum Sameinuðu þjóðanna á svæðinu. Þannig er Íslendingur nú kominn til starfa í Líbanon fyrir UNWRA flóttamannaaðstoð SÞ fyrir Palestínumenn og brátt fer jafnréttissérfræðingur til Sýrlands til að starfa þar að málefnum flóttamanna frá Írak.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Í DAG | Mið-Austurlönd

Livni utanríkisráðherra Ísraels fyrir nokkrum dögum lýsti ég sérstaklega áhyggjum af þeirri hörku sem sýnd er almennum borgurum á Gaza ströndinni. Að sama skapi verður að fordæma auknar eldflaugaárásir frá Gaza sem bitna á almennum borgurum í Ísrael.

Konurnar innan IWC eru málsmetandi innan sinna samfélaga og hafa unnið að friði, margar um áratuga skeið. Þær gerðu það sem bræðrum þeirra hefur ekki tekist; þær settust niður, tóku helstu ágreiningsmálin í deilum Ísraels og Palestínumanna fyrir, lið fyrir lið og náðu að lokum samkomulagi innan síns hóps um nær öll atriðin.

Hvað þarf til að skapa trúverðugt friðarferli?

Alþjóðasamfélagið hefur lært af friðarumleitunum síðustu ára meðal annars á Írlandi og í Líberíu að forsenda árangurs er stuðningur borgaralegs samfélags og aðkoma fleiri en hefðbundinna pólitískra leiðtoga að samningaborði. Aðeins þannig nær hið pólitíska umboð að vera nægilega sterkt til að samningar haldi og aðeins þannig komast þau málefni til umræðu sem breikkað geta myndina og opnað glufur.

Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 frá árinu 2000 fjallar um nauðsyn aðkomu kvenna að því að skapa frið og öryggi í aðildarríkjum og alþjóðasamfélagi. Sú ályktun var samþykkt á grundvelli reynsluraka sem sanna að með aukinni þátttöku kvenna næst meiri árangur. Ísland hefur gert ályktun 1325 að áherslumáli í framboði sínu til öryggisráðsins.

Friðarráð ísraelskra og palestínskra kvenna

Á fundi í Betlehem í sumar kynntist ég friðarráði palestínskra og ísraelskra kvenna er kallast International Women´s Commission for a Just and Sustainable Palestinian-Israeli Peace þar sem áhrifakonur frá Palestínu, Ísrael og ýmsum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna taka þátt. Friðarráðið starfar undir verndarvæng UNIFEM og nokkrir kvenleiðtogar, eins og forseti Finnlands, forseti Líberíu og forsætisráðherra Nýja-Sjálands eru einnig heiðursfélagar. Í kjölfar ferðar minnar varð ég þess heiðurs aðnjótandi að bætast í þennan hóp.

Konurnar innan IWC eru málsmetandi innan sinna samfélaga og hafa unnið að friði, margar um áratuga skeið. Þær gerðu það sem bræðrum þeirra hefur ekki tekist; þær settust niður, tóku helstu ágreiningsmálin í deilum Ísraels og Palestínumanna fyrir, lið fyrir lið og náðu að lokum samkomulagi innan síns hóps um nær öll atriðin. Þær sögðu mér að ekki hafi gengið þrautalaust að ná samningum. Þetta sýni hins vegar að til séu leiðir til úrlausnar auk þess sem þær vona að reynsla þeirra og þekking komi að notum í samningaferlinu.

Ég vil beita mér fyrir því að rödd þessara kvenna fái hljómgrunn á alþjóðavettvangi og hef þegar talað máli þeirra á grundvelli ályktunar öryggisráðsins númer 1325. Helsta áskorunin felst í að finna raunhæfar leiðir til að þetta geti orðið að veruleika. Alþjóðasamfélagið er aðili að friðarferlinu, t.d. í gegnum öryggisráð SÞ, sem gæti, ef viljinn er fyrir hendi, auðveldað aðkomu IWC.

Fulltrúar IWC, Anat Saragusti, sjónvarpsfréttakona frá Ísrael, og Maha Abu-Dayyeh Shamas, baráttukona fyrir auknum réttindum kvenna í Palestínu, eru staddar hér á landi í boði utanríkisráðuneytisins og halda fyrirlestur á Grand Hótel Reykjavík í hádeginu í dag. Hvet ég sem flesta til að mæta og kynna sér starfsemi þessara samtaka og fá upplýsingar um ástandið á hernumdu svæðunum og í Ísrael frá fyrstu hendi.

Höfundur er utanríkisráðherra.

Auglýsingasími 512 50 50

– Mest lesið

Lærðu kínversku á skemmtilegan hátt

Nýtt námskeið byrjar 24. febrúar

Fyrir alla aldurshópa

Gallery Kína

趣味汉语 Ármúla 42 · Sími 895 8966

TILBOÐSDAGAR

Dagana 20. febrúar - 1. mars eru tilboðsdagar í Atson

Frábært úrval af leður- og roðvörum með 15 - 70 % afslætti
Komdu og gerðu góð kaup!

15% - 70%

OPNUNARTÍMI Á TILBOÐSDÖGUM
mán. - föst. 8.00 - 18.00
fim. 8.00 - 19.00
laugard. 12.00 - 16.00

Atson

Atson • Brautarholti 4 • s. 561-0060 • www.atson.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Anna Jóna og fjölskylda hennar voru farin að sjá fram á að komast ekki til baka frá Indónesíu þegar Íslendingur sem vann þar kom þeim til bjargar.

Indónesía ógleymanleg

Ferðalag Önnu Jónu Lárusdóttur, félagsmálafulltrúa aldraðra hjá Félagi heyrnarlausra, til Indónesíu tók óvænta stefnu undir lokin.

Árið 1978 bjó Anna Jóna ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum í Sádí-Arabíu. Á sama tíma flugu Loftleiðir pílagrímsflug milli Sádí-Arabíu og Indónesíu. „Okkur var boðið ókeypis flug til Indónesíu þar sem vélunum var flogið tómum frá Sádí-Arabíu og var þetta okkur kærkomið frí og gott tækifæri til að sjá eyjuna Balí. Eftir yndislegt tíu daga frí var komið að því að fara aftur heim til Sádí-Arabíu. Við komum deginum áður til Indónesíu þar sem við gistum á sama hóteli og íslensk áhöfn sem starfaði á vegum Loftleiða," segir Anna Jóna.

Næsta morgun héldu Anna Jóna og fjölskylda út á flugvöll ásamt flugáhöfninni og öðru starfsfólki þar sem ætlunin var að fljúga til baka en hlutirnir fara ekki alltaf eins og ætlað er. Vélin sem beðið var eftir kom aldrei og eftir langa bið á flugvellinum kom starfsmaður flugfélagsins og tilkynnti að vélin hefði farist. „Á þessum tíma vissum við ekki hvort einhverjir hefðu lifað slysið af. Það greip um sig skelfing meðal fólks á flugvellinum því í vélinni voru vinir, ættingjar og starfsfélagar. Það var átakanlegt að horfa upp á alla sorgina og geta lítið sem ekkert gert til þess að hjálpa enda upplýsingar takmarkaðar.

Seinna um daginn fór hópurinn aftur upp á hótelið þar sem hann höfðum verið deginum áður. „Á þessum tímapunkti gerðum við okkur grein fyrir því að við værum nú strandaglópar á þessum stað. Þetta var fyrir tíma greiðslukorta og við vorum peningalaus og áttum ekki fyrir flugi heim. Við vorum farin að hugsa um hvort við gætum á einhvern hátt unnið okkur inn fyrir farinu heim, en þegar neyðin er stærst er hjálpin næst því þarna var Íslendingur stöðvarstjóri hjá Loftleiðum og hafði hann frétt af okkar vandamáli. Hann bjargaði okkur um far í erlendri vél sem einnig var í pílagrímsflugi á leið til Sádí-Arabíu. Við hjónin þurftum að fara í gervi flugmanns og flugfreyju til þess að fá að fara með og fengum við stimpla í vegabréf okkar sem staðfesti að svo væri. Þessari ferð komum við seint til með að gleyma og erum þakklát fyrir að hafa komist heil heim." segir Anna Jóna.

mikael@frettabladid.is

Breiðhöfða

STOFNAÐ 1998 PLANIÐ bílasala 5170000

517 0000

Ford Explorer XLT V6, 4X4, 46þ.km. 2006, 7 manna, ssk, leður, litað gler. Verð 3.300.000.- skipti ath.

Porsche Cayenne S, Nýr bíll, 2008, Verð 10.900.000.-

Range Rover Sport HSE, 2006, 34þ.km. Verð 6.940.000.-

Ford F150 Lariat, 2007, 24þ.km. topplúga, magasín. Verð 3.990.000.-

Ford F350 King Ranch, 2006, 40þ.km. 35" dekk, topplúga, Verð 4.290.000.-

Toyota LandCruiser 90VX, 12/98, 199þ.km. 8 manna, ssk, álfelgur, krókur. Verð 1.650.000.- áhvílandi 1.120.000.-

VW Golf Trendline. 02/05, 29þ.km, 17" álfelgur. Verð 1.560.000.-

Flugferð getur verið erfið fyrir ungabörn ef þau fá hellu fyrir eyrun. Ráð er að gefa þeim að drekka eða láta þau sjúga snuð í flugtaki og lendingu.

Skóli í skemmtiferðaskipi

Nú er hægt að stunda háskólanám um borð í fljótandi skemmtiferðaskipi sem siglir milli framandi staða meðan nemendur bogra yfir bókum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Inga Engilberts, framkvæmdastjóri Exit.is, sem býður upp á ævintýralegt háskólanám um borð í lúxusskemmtiferðaskipi með viðkomu í fimm heimsálfum og tíu þjóðlöndum.

„Jómfrúarferð Skólaskipsins var farin í september en þá náðum við ekki að senda með íslenskan háskólastúdent, en nú er ung kona með í för og yfir sig ánægð með námið, aðbúnað og lífið um borð," segir Inga Engilberts, framkvæmdastjóri Exit.is, sem hefur milligöngu um námsferðir með Skólaskipinu.

„Það voru áströlsk háskólayfirvöld sem ákváðu að leigja skemmtiferðaskip til afnota fyrir starfsemi sína og sigla með námsfólkið um heiminn, í stað þess að kyrrsetja nemendur á einum stað í landi. Námið hefur hlotið viðurkenningu fjölda virtra háskóla á erlendri grund, er lánshæft hjá LÍN og aðstandendur Skólaskipsins hafa rætt við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri um að meta námið hér heima," segir Inga og staðfestir mikinn áhuga íslenskra stúdenta á námsdvöl og ævintýraferðum Skólaskipsins.

„Hver ferð tekur sextán vikur, sem samsvarar einni önn á háskólastigi. Námið er fyrir stúdenta í grunnnámi og framhaldsnámi á háskólastigi og hægt er að velja um kjarnafög og valfög á sviði viðskipta, sögu, lista, stjórnmála og ýmissa alþjóðamála. Reynt er að velja nemendur frá öllum heimshornum til að taka þátt í þessu spennandi og gagnlega námi, um leið og þeir taka kúrsa í skóla lífsins með því að kynnast menningu og siðum mismunandi þjóða heims," segir Inga og segir námsönn í Skólaskipinu kosta 20 þúsund Bandaríkjadali.

„Innifalin er öll kennsla, gisting, fullt fæði, þvottar, þrif, þráðlaust internet, heilsurækt, heilsugæsla, verslanir, bókasafn, barir, leikhús og margvísleg aðstaða til afþreyingar um borð. Brottför er tvisvar á ári, 2. janúar og 5. september, en alls eru nemendur á bilinu 200 til 400 í hverri ferð. Í jómfrúarferðinni voru nemendur frá 35 löndum," segir Inga um þessa heillandi námsleið sem fram fer í fimm heimsálfum með tíu viðkomustöðum á hverri önn.

„Dvalið er frá einum degi upp í heila viku á hverjum stað, en þegar komið er í höfn bjóðast skoðunarferðir í tengslum við námið og á eigin vegum. Einnig er í boði náms- og skemmtidagskrá meðan dvalið er í landi, sem gjarnan miðast við að styrkja það nám sem viðkomandi velur sér, en öll kennsla fer fram á ensku," segir Inga og tekur fram að stúdentar þurfi að hafa lokið minnst ári í háskóla til að fá inngöngu í Skólaskipið.

„Það er mikill áhugi og spenningur yfir þessu, enda einstök upplifun að stunda nám um borð í lúxusskemmtiferðaskipi sem siglir um heiminn og aldrei sömu leið."

Nánari upplýsingar á www.exit.is og heimasíðu Skólaskipsins: www.thescholarship.com.

thordis@frettabladid.is

Er skiptinemadvöl eitthvað fyrir þig?

Fjölmörg lönd í boði. Ársdvöl, hálfsársdvöl, 3 mánaða dvöl og 4-6 vikna dvöl. **Hafðu samband!**

Skiptinemar sjá heiminn með öðrum augum

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

AFS
AFS á Íslandi
Alþjóðleg fræðsla og samskipti

www.afs.is • info-isl@afs.org • 552 5450

Á FERÐ UM HEIMINN
Ógleymanleg ævintýri

MAROKKÓ
16. -23. mars *uppselt!*
6. - 13. september

KILIMANJARO
7. - 22. júní

Mt. BLANC
21. -29. júní

UMHVERFIS Mt. BLANC
1. - 9. Júlí

SUÐUR GRÆNLAND
18. - 25. júlí
25. júlí - 1. ágúst *örfá sæti laus*
1. - 8. ágúst

NEPAL
18. október - 10. nóvember

Spúr - Ragnheiður Ágústsdóttir

www.fjallaleidsogumenn.is
sími: 587 9999

Finnskur North Ice Winter útivistarfatnaður með Air-Tex öndunarfilmu

Innnifalið: Úlpa, buxur, microflís, nærföt, og flísmillilag, húfa, trefill og lúffur.

Allur pakkinn á
kr. 19.500,-

Icefin • Nóatúni 17 • s., 534 3177
www.icefin.is

Haustáætlun Skólaskipsins

BROTTFÖR ER FRÁ AMSTERDAM Í HOLLANDI HINN 5. SEPTEMBER. UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 30. JÚNÍ 2008.

Amsterdam, Hollandi
5.sept.

Lissabon, Portúgal
13.sept. - 19.sept.

Panama-borg, Panama
1.okt. - 7.okt.

Guayaquil, Ekvador
11.okt. - 17.okt.

Papeete, Tahítí
29.okt. - 30.okt.

Auckland, Nýja-Sjálandi
7.nóv. - 13.nóv.

Sydney, Ástralíu
18.nóv. - 24.nóv.

Shanghai, Kína
7.des. - 13.des.

Macau, Hong Kong
18.des. - 19.des.

Ferð lýkur í Hong Kong
23.des.

Skólaskipið - The Scholar Ship - á siglingu um heimshöfin.

Náttúran er stórbrotin og ævintýralegt um að litast í Svartfjallalandi.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Gengið um sveitir Svartfjallalands

Ýmsar spennandi gönguferðir eru í boði hjá ÍT ferðum næsta sumar.

Meðal þeirra ferða sem verða farnar á vegum ÍT ferða næsta sumar eru gönguferðir um Pýreneafjöllin, Svartfjallaland og Dólómítafjöllin á Ítalíu.

Ferðin í Pýreneafjöllin verður dagana 7. til 14. júní og er ennþá laust fyrir nokkra göngugarpa í hana.

Svartfjallaland verður heimsótt dagana 12. til 20. júní og var orðið uppselt í þá ferð, en nokkur sæti losnuðu vegna forfalla. Ekki hefur verið boðið upp á ferð sem þessa áður og eru miklar vonir bundnar við hana.

Tvær ferðir verða farnar í Dólómítafjöllin, annars vegar dagana 22. til 29. júní og hins vegar 7. til 14. september. Hópur á vegum ÍT ferða gekk um svæðið á síðasta ári og þótti sú ferð vel heppnuð.

Skráningar í allar ferðirnar fara fram hjá ÍT ferðum.

- eö

Þjóðleiðir kynntar

Viðburða- og menningardagskrá Grindavíkur 2008 verður kynnt í Saltfisksetrinu næsta laugardag.

Ýmsir menningarviðburðir verða í boði í Grindavík árið 2008. Má þar nefna menningar- og sögutengdar göngur, þjóðháttakynningar, fræðslukvöld, listviðburði og tónleika. Óskar Sævarsson, forstöðumaður Saltfiskseturs ins og Sigrún Jónsdóttir Franklín, verkefnastjóri, kynna dagskrá ársins nú á laugardaginn frá klukkan 17.00 til 19.00 í Saltfisksetrinu, auk þess sem Sigrún kynnir gönguverkefnið „Af stað á Reykjanesið“. Sigrún segir frá gömlum þjóðleiðum, þjóðleiðabæklingum, skipulögðum ferðum með leiðsögn og gönguhátíð sem verður um verslunarmannahelgina, en bæklingarnir voru verkefni hennar í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Ferðamálasamtök Suðurnesja gefa þá út.

Í Saltfisksetrinu verður á laugardaginn meðal annars sagt frá gömlum þjóðleiðum og þjóðleiðabæklingum.

Frekari upplýsingar um viðburða- og menningardagskrána má fá á heimasíðu Grindavíkur, www.grindavik.is

- eö

GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Styrkur frá NATA
Samstarf á sviði ferðamála milli Grænlands, Íslands og Færeyja

Allir sem áhuga hafa á bættum samskiptum á sviði ferðamála milli landanna þriggja geta leitað eftir aðstoð við að fjármagna verkefni, hugmyndir, ferðir eða því um líkt. Umsóknir skulu fela í sér samstarf milli tveggja af löndunum þremur hið minnsta.

Sækja má um aðstoð á eftirfarandi sviðum:

Menntun
Dvöl til að kynna sér aðstæður, faglegar námsferðir, skólaferðalög, menntun á sviði ferðamála, rannsóknir o.s.frv.

Þróun ferða
Siglingar, þemaferðir, stuttar heimsóknir (short break) o.s.frv.

Samstarf þjóða í milli
Menningartengdir viðburðir, skólaferðir, íþróttaferðir, vinabæjatengsl o.s.frv.

Markaðssetning og skilgreining ferðamennsku

Leita má eftir stuðningi við verkefni, ferðir eða starfsemi sem fer fram fyrir árslok 2008. Allar umsóknir skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum. Sem fylgiskjöl með umsókninni skal leggja fram nákvæma útlistun á verkefni, svo og fjárhagsáætlun. Umsóknir skulu vera á dönsku eða ensku og sendast til:

NATA c/o
Ferðamálastofa
Lækjargata 3,
101 Reykjavík

Lokafrestur til að senda umsóknir er til og með 7. mars 2008.
Umsóknareyðublað má nálgast á vef Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is

NATA er samstarfssamningur ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirkni í samstarfi aðila er sinna ferðamálum í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samhæfa og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlandanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlegra hagsmuna að gæta.

NATA
North Atlantic Tourism Association

Jamaica
24. febrúar
frá kr. 106.990
– með allt innifalið

11 nætur - allt innifalið

Ótrúlegt sértilboð
***** hótel m/allt innifalið*

Mjög takmörkuð gisting í boði á þessu verði!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í ferðir til Karíbahafsperlunnar Jamaica 24. febrúar. Í boði er gisting á góðu fjögurra stjörnu hóteli við Ocho Rios, Shaw Park Beach Hotel & Spa á ótrúlegum kjörum. Einnig eru til örfá herbergi á Sunset Jamaica Grande, sem er mjög gott 4 stjörnu hótel. Ævintýraeyjan Jamaica lætur engan ósnortinn. Eyjan er án efa ein fegursta eyja Karíbahafsins og hún býður stórkostlega náttúrufegurð og veðurfar. Á Jamaica ríkir einnig einstakt andrúmsloft og menningin á sér vart hliðstæðu í Karíbahafinu. Sandstrendurnar eru drifhvítar og með þeim fegurstu í heimi. Eyjan skartar náttúruperlum eins og Dunn's fossunum, Blue Mountains og YS fossunum sem eru einstakar og láta engan ósnortinn. Reggie tónlistin ómar allsstaðar, taktur Bob Marleys fægasta sonar Jamaica. Þeir sem hafa komið til Jamaica eru flestir sammála um að eyjan hafi einstakt aðdráttarafl. Gríptu þetta frábæra tækifæri til að heimsækja þessa einstöku Karíbahafseyju á hreint ótrúlegum kjörum.

Verð kr. 106.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Shaw Park Beach & Spa með allt innifalið í 11 nætur. Ath. mjög takmörkuð gisting í boði á þessu sérstaka tilboðsverði

Verð kr. 139.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Sunset Jamaica Grande með allt innifalið í 11 nætur vegna forfalla. Aðeins örfá herbergi í boði.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Uppþvottur er gjarnan ástæða ósættis á heimili. Engin ástæða er þó til að rífast yfir óhreinum diskum ef fallegur uppþvottabursti er til staðar og hægt að taka til hendinni.

Margrét Ingólfsdóttir útstillingahönnuður endurraðaði í stofunni hjá sér og fékk meira pláss. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spurning um nokkra sentimetra

Margrét Ingólfsdóttir kennir útstillingahönnun í Iðnskólanum í Hafnarfirði og endurraðaði húsgögnunum í stofunni.

„Ég hef gert þetta gegnum tíðina og var mjög dugleg að endurraða og breyta," segir Margrét.

„Fyrir stuttu færði ég öll húsgögnin í stofunni hjá okkur og fékk þannig meira spennandi upprröðun. Breytingin var ótrúlega mikil og til batnaðar, þarna bættist ekki neitt nýtt við en fólk tekur strax eftir breytingunni. Það varð allt miklu rýmra og okkur fannst eiginlega hálf tómlegt á eftir. En þetta er eins og í gluggaútstillingunum, oft bara spurning um nokkra sentímetra til eða frá. Ég er alltaf að þjálfa nemendur í þessu og sýna þeim að ef þeir færa eitthvað um tíu sentímetra getur það breytt allri útstillingunni. Þetta gengur í rauninni út á að raða rétt upp fyrir augað og er auglýsingamennska, sálfræði og fagurfræði í bland," segir Margrét.

„Aðrar drastískar breytingar höfum við ekki gert á heimilinu í bili en á döfinni er að breyta aðeins herbergjaskipan fyrir ferminguna í vor."

-rat

Flísar gefa gólfum líf

Flísar eru sívinsælt gólfefni og úrvalið er býsna fjölbreytt, bæði af náttúrusteinflísum og steyptum. Við kíktum inn í tvö fyrirtæki, Harðviðarval og Egil Árnason sem bæði selja ítalskar flísar.

„Við bjóðum nú í fyrsta sinn upp á flísar frá ítalska framleiðandanum Edilcuoghi Cheramiche sem hefur getið sér mjög gott orð fyrir listrænan metnað í sinni leirvöruframleiðslu," segir Helga Gunnarsdóttir sölumaður hjá Harðviðarvali og sýnir hágæðaflísar sem hún segir bæði arkitekta og almenning heillast af.

Þorbjörn Guðmundsson er sölumaður hjá Agli Árnasyni. Þar er líka gott úrval flísa. Mest er um stórar 60X60, en hann segir flísar af stærðinni 60X30 vinsælar líka. Náttúrusteinn er alltaf sígildur að sögn Þorbjörns en eftirlíkingar veita honum þó harða samkeppni. „Sumir vilja ekkert nema náttúrustein en eftirlíkingarnar hafa þann kost að þær þurfa miklu minna viðhald," bendir hann á. Eins má geta þess að fái náttúrusteinninn ekki viðhlítandi meðhöndlun í upphafi, áður en honum er lokað, þá verður hann aldrei fallegur, heldur alla tíð með grárri slikju."

gun@frettabladid.is

Gegnheilar keramikflísar með náttúrulegri áferð frá hinum ítalska Edilcuoghi fást í Harðviðarvali. Stærðin er 12X60.

Steyptar ítalskar flísar frá ítalska framleiðandanum Ariostea. Fást hjá Agli Árnasyni.

Flísarnar frá Ariostea fást í mörgum litum hjá Agli Árnasyni.

Gegnheilar ítalskar mosaíkflísar af stærðinni 5X5, sem fást í Harðviðarvali.

Þessar eru sterkar og vinsælar, fást hjá Agli Árnasyni.

Með holur í þakinu

Pace-gúmmíkvoðan virkar sem fínasti þakdúkur en galdurinn á bak við efnið er teygjanleikinn. Þakdúkurinn er fín lausn fyrir þök sem eru farin að láta á sjá en efnið virkar nokkurn veginn eins og málning.

Bergsteinn með undraefnið í baksýn. MYND/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

Undanfarið hefur væta einkennt landið og þá einkum höfuðborgarsvæðið, snjó hefur kyngt niður en hlánað jafnóðum og rok með tilheyrandi rigningu er í spákortunum fleiri daga í viku en við kærum okkur um. Hvað húsnæði varðar þá bitnar slík veðrátta fyrst og fremst á þakinu.

„Hér rignir lárétt og lóðrétt og úr öllum áttum og því er nauðsynlegt að þakið sé vel varið," segir Bergsteinn Ómar Óskarsson sem flytur inn efni sem kallast Pace. „Pace er auðveld lausn fyrir viðhald þaka og stöðvar allan leka. Í nánast öllum tilfellum höfum við skilað þakinu vatnsheldu í fyrstu tilraun," bætir Bergsteinn við og segir að þetta sé afbragðslausn fyrir þök sem eru farin að láta á sjá.

Pace er meðhöndlað líkt og málning; litaðri gúmmíkvoðu er sprautað úr dælu á þakið eftir að búið er að þvo flötinn, bera sýru á ryðguðu fletina og fara yfir allar festingar þaksins. Efnið lekur svo í hverja glufu, lokar þannig öllum götum og stöðvar allan leka. „Þetta er ekki flókið ferli en það virkar, við notum nokkuð kröftugar dælur, það dugir engin málningadæla, þetta er það mikið þykkara en málning." En í raun virkar þetta eins og málning. Eftir að efnið er komið á og hefur þornað lítur þakið út eins og það sé nýmálað.

„Í raun getur hver sem er sett þetta á, já, en við seljum þjónustuna með þá tryggingu að þetta sé gert hundrað prósent rétt. Regla númer eitt, tvö og þrjú er í raun að bera þetta á þurran flöt, reyndar er eina leiðin til þess að þetta mistakist að þetta fari á vott svæði," svarar Bergsteinn þegar hann er spurður út í hvort þetta sé aðeins á færi sérfræðinga. „Galdurinn við þetta efni er teygjanleikinn. Þó það myndist sprunga eða hola í efninu undir þá sér aldrei á gúmmíkvoðunni, hún er það teygjanleg að hún helst áfram heil og verndar þakið. Það þarf ansi mikið að ganga á svo það sjái eitthvað á henni."

En ekki eru allir þeir sem huga þurfa að viðhaldi þaksins með járn á þakinu. „Við höfum notað þetta mest á járnþök en þetta virkar vel á allar gerðir, hvort sem þau eru steypt eða úr áli eða hverju sem er. Ef það er farið að sjá til dæmis á pappaþaki, olían farin úr pappanum og sprungur farnar að myndast, þá er þetta sennilega ein besta og auðveldasta leiðin til viðgerða og viðhalds."

Hægt er að nálgast stutt kennslumyndband í Pace-umboðinu hjá Bergsteini Ómari sem sýnir hversu auðvelt ferlið er og hver og einn getur gert það upp við sig hvort þetta sé lausnin sem hann þarf fyrir þakið. *- kik*

SKRIFSTOFA: HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606
VERKSMIÐJA: NORÐURGARÐUR 8 • MOSFELL@MOSFELL.IS

Visthus KLH ehf
Frístunda- & heilsárshús

Byggjum allar gerðir mannvirkja með KLH
Vistvænar, gegnheilar og sérsniðnar krosslímtrésplötur frá Austurríki

Álagsforsendur - Dæmi um húsagerð og hönnun:
NOTÁLAG: 2.9 kN/m² Innveggir 1,0 kN/m²
VINDÁLAG: Grunngildi q = 1, 56 kN/m²
SNJÓÁLAG: Grunngildi Sk = 6.1 kN/m²
ELDVÖRN KLH veggja og þaks án einangrunar REI 30
Eiginleikar KLH:
Einangruargildi - λ= 0,13 Eðlisþyngd KLH = 0,47
Viðarraki KLH = 12% +/- 2%
Vistvæn krosslíming greniborða - gegnheilar viðarplötur
Plötustærð allt að : 16,5m x 2,95m x 0,5 m
Lagnastokkar í veggjum fyrir raflagnir eða vatnslögn

Upp á einum degi með KLH
Heilsárshús 94m² . Allt KLH efni upp komin á einum degi - útveggir, milliveggir og þak.
Verðdæmi 3.980.000 kr. upp komið
Hiti í gólfi og búið að flísaleggja fyrir reisingu.
Veggir tilbúnir til innréttinga að innan og til einangrunar og klæðningar að utan. Allar tegundir klæðninga mögulegar, þess vegna múrhúðun.

Hvað er hægt að byggja hátt með KLH ?
Hæsta bygging í Evrópu sem byggð er með KLH burðarvirki er 8 hæða skrifstofu– og íbúðarmannvirki í London - segir meira en 1000 orð um styrk, stýfingu og álagsþol KLH byggingarefnis.

Verðlaunahönnun 2003 í Evrópu
Eiginleikar KLH njóta sín vel.
Plötuþykkt 256 cm

Visthús KLH ehf
Símar 533 3314 & 896 7080
visthus@visthus.is
www.visthus.is
Skeifan 19 108 Reykjavík

VOTTUN ETA - 06/0138 PEFC/06-34-110 VOTTUN

Bílaþvottur getur skemmt lakkið á bílum ef óvarlega er farið. Athuga þarf hvort sandur eða óhreinindi eru í þvottakústinum áður en bíllinn er þveginn og leggja kústinn alltaf á þar til gert statíf.

„Ert þú ekki svolítið lítil til að keyra þetta," eiga viðskiptavinir Rósu í World Class til að segja við hana. Hún lætur það ekki á sig fá.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Ef enginn bíll festist þá er ekkert gaman

Strákar á stórum jeppum eru algeng sjón. Hitt er fátíðara að penar stúlkur skelli sér undir stýri á torfærutröllum og tæti upp um fjöll og jökla. Það gerir hins vegar Rósa Guðmundsdóttir einkaþjálfari.

Rósa á breyttan Landcruiser 2006 sem hefur verið hækkaður í 38 tommur. Hún er einkaþjálfari og líkamsræktarkennari hjá World Class og segir viðskiptavinina stundum gera grín að henni þegar þeir sjá frúarbílinn hennar. „„Ert þú ekki svolítið of lítil til að keyra þetta?" segja þeir og tel ég mig þó ekki litla konu," segir hún hlæjandi. En skyldi vera langt síðan hún fékk jeppadelluna? „Það eru ein sex ár síðan manninum mínum tókst að smita mig. Hann hefur verið jeppakall frá upphafi og svo eigum við einn tveggja ára gutta sem nær ekki upp fyrir dekkin en er strax kominn með bakteríuna. Þegar hann er settur inn í minni bíla er hann lítið hrifinn og kemur með meinlegar athugasemdir eins og: „Þetta er lítill bíll, mamma"."

Rósa segir Landcruiserinn hennar mikinn draumabíl, leðurklæddan, með öll drif og einnig loftpressu svo auðvelt sé að pumpa í dekkin þegar þarf að losa úr þeim í miklum snjó. Það tíðkast nefnilega að vera á felgunni í jöklaferðum þó það þyki ekki traust í annan tíma.

Fjölskyldan fer mikið upp á hálendið á öllum tímum árs að sögn Rósu. „Strax á laugardagsmorgnum er sest upp í bílinn og brunað af stað eitthvað upp á fjöll," segir hún og lýsir ferð sem fyrirhuguð er í Strút á næstunni í samfloti við fleiri. „Þá tökum við krakkana með og sleða, skíði og grill. Það er frábært að grilla uppi á fjöllum í snjó og kulda. Það höfum við stundum gert í Þursaborgum." En fær hún eitthvað að keyra þegar hún er á ferð með eiginmanninum? „Já, já, við stelpurnar fáum að keyra öðru hvoru en strákarnir þykjast ansi mikið þurfa að segja okkur til. Þetta er samt ótrúlega gaman. Á sumrin erum við með fellihýsi og þá gefur það okkur mikið frelsi að vera á stórum bílum og ekki bundin þjóðveginum. Þó pössum við að fara ekki út fyrir slóðana sem fyrir eru."

Jeppinn hennar Rósu er vel búinn öllum öryggistækjum; GPS með hinu góða íslenska punktakerfi og talstöð. „Kerfin eru þannig í dag að þaulreynt fjallafólk á ekkert að týnast," segir Rósa. „Svo er maður með tösku í skottinu með öllu sem þarf, skóflu, teppi, aukafötum og mat." Hún telur þó alveg tilheyra í vetrarferðum að festa sig, affelga og lenda í brasi en segir einmitt það gera ferðirnar að ævintýri. „Ef enginn festist þá er ekkert gaman!" eru lokaorðin.

gun@frettabladid.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

O&K Þjónusta

Þjónustuaðili:

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

bílar

MIÐVIKUDAGUR 20. FEBRÚAR 2008

Lúxusjepplingur sem bætir umhverfissamviskuna

Reynsluakstur Toyota Highlander Hybrid sem þykir þægilegur, rúmgóður og hljóðlátur. BLS. 10

Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

01 - 9585

SAVAGE X 4.6 Big Block

HPI Savage X 4,6
fjarstýrður torfærutrukkur
Öflugasta útgáfan til þessa

TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

Bíla- og hjólalyftur

Vökvadrifnar á góðu verði

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

PRENTSNIÐ EHF.

Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman.
Skrúfufrítt og smellt saman.

kr.8.332.-
viðbótareining kr. 6.171.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS



Heimir ætlar að gera bjölluna upp og á hún að verða blá og hvít. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Startaði lykillausri bjöllu

Heimir Kjartansson komst á dögunum yfir rauða bjöllu sem hafði staðið óhreyfð í tvö ár þar sem eigandinn hafði týnt lyklinum.

Helsta áhugamál rafvirkjans Heimis er að gera upp fornbíla og hefur hann farið í gegnum hátt í tíu slíka bíla síðastliðið ár.

„Ég hef átt tvær Volkswagen-bjöllur um ævina en þær hafa alltaf heillað mig. Pabbi er líka mikill bílaáhugamaður og hefur átt þær ófáar um árin. Mig langaði til að spreyta mig á nýrri og auglýsti eftir bjöllu á netinu fyrir viku," segir Heimir.

Daginn eftir fékk hann ábendingu um rauða bjöllu, árgerð ´72, sem hafði lengi staðið óhreyfð í Kópavoginum. Eigandinn hafði týnt bíllyklinum á djamminu fyrir tveimur árum og ekki komið henni í gang síðan.

Heimi var sagt hvar bjölluna væri að finna og rak hann augun í hana í garði í Kópavogi. „Ég fór út úr bílnum til að skoða hana en þá kom stelpan sem átti hana út. Hún spurði hvort ég hefði áhuga á bjöllunni og ég sagði henni að mig langaði til að gera hana upp." Stelpan sagði Heimi að hann mætti eiga bjölluna með því skilyrði að hún yrði ekki seld í parta og að hún fengi að sjá afraksturinn.

„Ég lofaði því en það sem var verst var að lyklana vantaði og bíllinn var fastur í stýrislás sem gerði það að verkum að ekki var hægt að draga hann." Heimir dreif sig heim, sótti afsal og tvær Volkswagen-viðgerðarbækur.

„Ég fór síðan eftir leiðbeiningunum í bókunum, fjarlægði stýrið, tók stýrislásinn og svissinn úr, tengdi framhjá og gaf bílnum start. Ég ók síðan á brott nokkrum mínútum síðar, stelpunni og mömmu hennar til mikillar furðu."

Heimir ætlar að dytta að bjöllunni og útvega sér parta hér og þar. Hann segir bíladelluna gott feðgasport en hann fær mikla aðstoð frá föður sínum við að gera bílana upp. „Við eigum okkar bestu stundir í bílskúrnum," segir Heimir. - ve

C4 Picasso í lúxusútgáfu

Framleiðendur Citroën hafa ákveðið að framleiða C4 Picasso í sérstakri lúxusútgáfu, undir heitinu Citroën C4 Picasso Lounge. Bíllinn sem er að koma á markað um þessar mundir verður eingöngu seldur í Bretlandi og Þýskalandi.

Engu hefur verið til sparað í innréttingu þessarar lúxusútgáfu C4 Picasso. Innréttingin er dökk, í bílnum eru fjórir leðurstólar með armhvílum beggja vegna. Þá er óupptalið Philips NXT-hljóðkerfi með nýrri flatri hátalaratækni, sem ætti að njóta sín þar sem bíllinn er hljóðeinangraður.

Krómið er áberandi að utanverðu, rúður dökkar og skyggðar, sóllúga er í þaki og vindskeið við ofanverða afturrúðu. Í Citroën C4 Picasso Lounge er 138 hestafla, tveggja lítra túrbódíselvél og öryggisbúnaður allur af vönduðustu gerð. Bíllinn kostar í Bretlandi rúmar þrjár milljónir króna.

-rve

Citroen C4 Picasso verður fáanlegur í sérstakri lúxusútgáfu.

Nú er þriðja kynslóð af Subaru Impreza WRX STi komin til landsins.

Fullmótaður keppnisbíll

Subaru Impreza WRX STi þarf ekki að kynna fyrir þeim sem áhuga hafa á kraftmiklum bílum. Bílarnir hafa getið sér gott orð fyrir frábæran árangur í rallíkeppnum allt frá árinu 1994 þegar fyrsta kynslóð af Subaru Impreza WRX STi leit dagsins ljós. Nú, fjórtán árum síðar, er komin þriðja kynslóð af þessum klassíska bíl.

Með þriðju kynslóðinni er ætlunin að ná til enn kröfuharðari kaupenda, sem vilja ekkert nema það allra best sem völ er á í útliti, afli og útbúnaði.

Bíllinn er búinn sama undirvagni og notaður verður í rallíútgáfu af sama bíl. Hann er með algjörlega nýja McPherson-afturfjöðrun, breiðara hjólabil og lárétta BOXER-vél og fjórhjóladrif, sem er jafn þungt frá hægri til vinstri.

Vélin er 2,5 lítar með túrbínu og stórum millikæli og skilar 300 hestöflum. Ventlaopnun er tölvustýrð og með samspili ventla og túrbínupressunnar næst hámarkstog við lágan snúning eða allt að 221 Kw.

Svokallaður Subaru „Intelligent Drive"-búnaður er í bifreiðinni en honum er ætlað að tryggja alltaf hámarksafl vélar með því að tengja saman snúningsvægi vélar, stöðu bensíngjafar og gírkassa sem er beinskiptur.

Nýr Impreza WRX STi er nú til sýnis hjá Ingvari Helgasyni.

-rve

BMW X3 DÍSEL
2,0d - 5 dyra - 6,5 ltr./100km
8,9 sek./0-100km - 177 hestöfl

kr. **4.720.000**

Nýjum BMW X3 eru allir vegir færir

Engir vegir eru eins – þetta vita hönnuðir nýs BMW X3. Því var lagt af stað með það að leiðarljósi að nýr BMW X3 skaraði framúr hvort sem væri á vegum eða vegleysum. Gerð var krafa um að hann stæði skrefi framar keppinautunum sínum í öryggi og búnaði og byggi yfir hinum kunnu BMW aksturseiginleikum á hvaða undirlagi sem væri. Mikil tækniþekking BMW einfaldaði verkefnið. Hið fullkomna xDrive fjórhjóladrifskerfi nemur minnstu breytingar á snúningshraða, stefnu og hröðun hvers hjóls fyrir sig og nær þannig að skipta vélaraflinu milli hjóla á örskotsstundu. Ávinningurinn er augljós; fullkominn akstur við allar aðstæður. BMW X3 eyðir líka minna en keppinautarnir enda hefur BMW margoft verið verðlaunað fyrir vélaframleiðslu sína. BMW X3 eyðir frá aðeins 6,5 l/100 km, en skilar þó enn meira afli en áður. Veldu fullkomið aksturstæki frá stærsta lúxusbílaframleiðanda í heimi – veldu BMW X3.

The new BMW X3

www.bmw.com

Sheer
Driving Pleasure

Hér sést forvitinn ferfætlingur heilsa upp á Kolbrúnu og ekki er annað að sjá en honum hafi verið vel tekið.

Kolbrún og Siv voru hvergi bangnar þótt erfitt væri að komast áfram fyrir miklum snjó enda í samfloti við þaulreynda jeppamenn.

Vel fór á með þeim Siv og Árna Johnsen sem slóst í hópinn á laugardagskvöld og gladdi samkomuna með söng og gítarleik.

Þingmenn í kröppum dansi

Auðunn Níelsson, ljósmyndari á Fréttablaðinu, skellti sér í Þingmannaferð 4x4 klúbbsins eina góða helgi í janúar og skrásetti ferðina og myndaði.

Það var fríður hópur karla og kvenna sem hittist á Select-bensínstöðinni við Vesturlandsveg klukkan níu að laugardagsmorgni hinn 19. janúar. Hópurinn, sextíu manns á fimmtán bílum, þar á meðal þingmennirnir Kolbrún Halldórsdóttir og Siv Friðleifsdóttir, var samankominn í þeim tilgangi að keyra upp í Kerlingafjöll á laugardaginn og renna svo upp að miðju Íslands og vígja svæðið á sunnudegi.

Eftir stutt spjall og góðan kaffisopa til að ylja sér í kuldanum var raðað í bíla og kortum úthlutað. Svo var lagt í hann upp úr klukkan tíu; keyrt að Þingvöllum, þaðan til Laugarvatns, svo yfir Gullfoss og Geysis og upp á Kjöl og þá má segja að ferðalagið hafi raunverulega hafist.

Það var mál manna, sem stundað hafa jeppasport í þrjá áratugi að ekki hafi sést jafn mikill snjór á Kili í sautján ár og daginn sem hópurinn fór yfir svæðið. Fregnir bárust af hópi jeppamanna sem farið höfðu sömu leið daginn áður og voru 27 tíma að komast inn í Kerlingarfjöll. Þingmannaferðin, eins og hún var kölluð, varð ekki síður erfið.

Keyrt var eftir GPS-tækjum og kortum þar sem ekkert sá í vegslóðann vegna rúmlega hnédjúps snjós sem lá yfir öllu. Ekki bætti úr skák að snjórinn, sem hafði myndast í ofankomunni í vikunni, hafði ekkert þjappast og gerði svæðið erfiðara yfirferðar. Var því hleypt tvisvar úr dekkjum. Eftir að hafa affelgað og skilið eftir bíl á leiðinni komu þreyttir ferðalangar loks í skálann í Kerlingarfjöllum upp úr klukkan tíu á laugardagskvöld.

4x4 klúbburinn bauð upp á dýrindis lambasteik á grillið og meðlæti svo ekki fór illa á þeim sem þurftu að vinna upp erfiðan dag. Þingmaðurinn Árni Johnsen bættist í hópinn og tók að sjálfsögðu í gítarinn á kvöldvöku með engum öðrum en Róberti Marshall og var glatt á hjalla fram á rauða nótt.

Daginn eftir var ræst á slaginu átta um morguninn og gengið frá skálanum. Ráðgerðu menn að ná að miðju Íslands, sem er rétt austan við Hofsjökul, um miðjan dag. Reyndir menn voru reyndar á því að það færi allt eftir veðri, en nokkrir meðlimir 4x4 höfðu lagt af stað tveimur tímum fyrr til að ryðja slóða og auðvelda hópnum ferðina. Sú tilraun mátti sín hins vegar lítils frammi fyrir því sem beið.

Allan daginn var ekið í leiðindaveðri og ferðalangar ekki nema rétt hálfnaðir um miðjan daginn. Ekki hjálpaði bílafjöldinn til þar sem nokkrir festust á leiðinni. Ferð var þó haldið áfram framundir kvöld en þegar um tíu kílómetrar voru að leiðarenda, eða sem samsvarar þriggja tíma akstri, tók að rökkva og veður versnaði. Þá ákváðu menn að snúa til baka frá miðju landsins og halda heim, þar sem menn höfðu orðið, í þetta sinnið, að lúta í lægra haldi fyrir ógnvænlegum náttúruöflunum.

Heimferðin gekk betur fyrir sig enda hafði snjórinn þjappast nokkuð sunnan Kerlingarfjalla og hægt að keyra í slóðanum sem búinn hafði verið til daginn áður. Hópurinn skiptist í tvennt og skiluðu síðustu bílar þreyttum ferðalöngum heim til sín um klukkan átta á mánudagsmorgni. Þrátt fyrir erfiða ferð var þó einstakt tækifæri að fá að fylgjast með þeim góða vinskap, samheldni, þrjósku og mikla útivistaráhuga sem einkenndi hópinn og ferðast um landið og upplifa það í öllum sínum mikilfengleika. - an

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN
Undir lokin var færðin orðin svo slæm að ákveðið var að snúa aftur í bæinn þótt aðeins væru tíu kílómetrar í að takmarkinu væri náð.

Lagt var af stað upp úr klukkan tíu á laugardagsmorgni í áttina að Kerlingarfjöllum.

Erfitt var að komast leiðar sinnar fyrir fannfergi.

Það var mál þaulreyndra jeppamanna að ekki hefði sést jafn mikill snjór á Kili síðustu 17 ár. Fréttir bárust síðan af hópi jeppamanna sem höfðu verið heila 27 tíma að komast upp í Kerlingafjöll daginn áður.

Keyrt var eftir GPS-tækjum og kortum þar sem ekkert sást í vegslóða vegna hnédjúps snjós á nokkrum vegaköflum.

Menn tóku sér nokkur hlé á leiðinni til að hleypa lofti úr dekkjum og affelga og á einum stað var bíll skilinn eftir.

Panther · Eagle Alloys · GROUND HAWG · KUMHO TYRES
MICHELIN · SUPER SWAMPER · U.S. WHEEL EST. 1986 · COOPERTIRES

N1

Cooper
Discoverer M+S,
jeppa- og
jepplingadek.

Super Swamper SSR
Fáanlegt í 33”-38”.
15”-20” felgur.

Super Swamper MT
Fáanlegt í 35”-38”,
15”-18” felgur.

Super Swamper IROK
Fáanlegt í 33”-49”,
15”-18” felgur.

Ground Hawg II
Fáanlegt í 36”-44”,
15”-16,5” felgur.

JEPPI ÓSKAST

Dekk og felgur fyrir jeppa

Eagle Alloys
1144

U.S. Wheel
Silver Tracker

U.S. Wheel
Chrome Tracker

U.S. Wheel
Silver Tracker

Eagle Alloys
Polished

N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA - SÍMI 440 1000

WWW.N1.IS

Rúmgóður og rennilegur skáti

REYNSLUAKSTUR

Skoda Octavia Scout er lipur og skemmtilegur bíll. Óvenju rúmgott farangursrými gerir það að verkum að hann hlýtur að teljast góður kostur fyrir barnafólk.

Fjórhjóladrifnir bílar njóta að vonum mikilla vinsælda á Íslandi enda henta þeir íslenskum aðstæðum vel. Óhætt er því að bjóða Skoda Octavia Scout velkominn í flokk fjórhjóladrifinna fólksbíla sem teygja sig í áttina að því að vera jepplingar. Skoda Octavia Scout er laglegur bíll, einn af þeim sem vekja athygli. Hjólbogarnir úr sterklegu plasti ásamt efnismiklum stuðurum í sama lit gefa útlitinu sterklegan karakter, svolítið skátalegan einmitt, sem gefur til kynna að hér er á ferðinni bíll sem reyna má svolítið meira á en venjulegan fólksbíl. Scoutinn býr líka yfir meiri veghæð en Skoda Octavia Combi sem að flestu leyti er sami bíllinn.

Bíllinn er líka laglegur að innan. Sætin eru þægileg, halda vel utan um mann. Bíllinn er vel búinn geymsluhólfum fyrir allt þetta drasl sem fylgir nútímamanninum í bílnum. Hvenær varð það til dæmis alsiða að vera stöðugt drekkandi undir stýri?

Bíllinn leynir á sér þegar kemur að kraftinum. Díselbíllinn var bara nokkuð snarpur og viljugur. Lipur er hann sömuleiðis.

Allir þekkja að erfiðara getur verið að halda skarpri tilfinningu fyrir stærð stórra bíla en lítilla. Fjarlægðarskynjari í fram- og afturstuðara er því framúrskarandi búnaður í þetta löngum bíl. Auðvitað tekur tíma að venjast viðvörunarpípinu og stundum svaraði maður ósjálfrátt: „Já, já, ég veit alveg hvað ég er að gera," en búnaðurinn veitir óneitanlega öryggi gagnvart pirrandi smátjónum sem geta til dæmis orðið á bílastæðum. Þetta er því búnaður sem margir munu áreiðanlega sækjast eftir.

Af öðrum búnaði sem gerir Scoutinn að svolitlu meira en venjulegum bíl má nefna aðkomulýsingu í speglum og tvískipt hitakerfi.

Bíllinn er langur sem gerir að verkum að farangursrými hans er afar rúmgott. Í þetta skott má auðveldlega renna barnavagni eða kerru, nú eða farangri fimm manna fjölskyldu. Óhætt er því að segja að bíllinn henti vel barnafjölskyldum og þá ekki síst þeim fjölskyldum sem vilja vera á ferð og flugi. Þetta er bíll fyrir ferðafólkið sem finnst einum of mikið að vera á jeppa eða jepplingi. Því óneitanlega er fjórhjóladrifinn langbakur skynsamlegri lending en jeppi eða jepplingur fyrir þá sem aðallega aka innanbæjar en vilja þó eiga reglulega góðan ferðabíl og um leið öruggan í vetrarakstur.

- ss

SKODA OCTAVIA SCOUT

Vél: 2 lítra dísel
Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri: 6,4 l/100km
Hröðun frá 0-100 km/klst.: 10,2 sek.
Farangursrými: 580 l (1.620 l með felldum aftursætisbökum)
Þyngd: 1.530 kg
PLÚS: Lipur bíll – gott farangursrými – sterklegt útlit
MÍNUS: Engin stjórntæki í stýri
Umboð: Hekla
Verð: 3.420.000

Skoda Octavia Scout er sterklegur á að líta og nýtur sín vel á 17" felgunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hitastýring er tvískipt og hiti í sætum, sem ætti raunar að vera staðalbúnaður í bílum á Íslandi.

Skottið er einstaklega rúmgott þannig að bíllinn hentar vel barnafjölskyldum sem gjarnan fylgir mikið hafurtask.

Umhverfi bílstjórans er aðgengilegt en sumir kynnu að sakna búnaðar eins og útvarpsstýringar í stýri.

Bíllinn er vel búinn geymsluhólfum, jafnvel á stöðum þar sem maður býst ekki endilega við þeim.

Cayman S Porche Design Edition 1 er viðhafnarútgáfa af Cayman S.

Viðhafnarútgáfa sýnd

Cayman S er 295 hestafla sportbíll með miðjumótor sem hefur verið valinn sportbíll ársins í mörgum þeirra miðla sem fjalla um bifreiðar. Til er sérstök viðhafnarútgáfa af bílnum, Cayman S Porsche Design Edition 1, sem framleidd er í takmörkuðu upplagi en hún er nú til sýnis í sal Bílabúðar Benna.

Með svörtum lit bifreiðarinnar og nákvæmum smáatriðum í hönnun er horft í viðmið frá Porsche Design, en Porsche Design Studio var stofnað af Ferdinand Alexander Porsche fyrir 35 árum og vakti samstundis alþjóðlega athygli fyrir framleiðslu vandaðra lífsstílsvara.

Svart leður og Alcantara-klæðning eru ráðandi þáttur í innréttingu; útlit mælaborðsins dregur dám af úrum frá Porsche Design og nafn bílsins er grafið inn í stálsílsalista. Þá hefur ekkert verið til sparað hvað tæknilegu hliðina varðar. Bíllinn er 10 millimetrum lægri, stillanlega fjöðrunin (PASM) er staðalbúnaður, ásamt Sport Chrono-pakkanum þar sem hægt er að breyta eiginleikum bílsins með einum SPORT-hnappi.

Þess skal getið að í farangursrými bifreiðarinnar er taska sem inniheldur Flat Six Chronograph úr, vasahníf, sólgleraugu, penna og lyklakippu. Að sjálfsögðu er allt í svörtu eins og bíllinn.

Cayman S Porsche Design Edition 1, sem er til sýnis í Porsche-sal Bílabúðar Benna, er númer 682 af þeim 777 bílum sem framleiddir voru. *-rve*

Bifreiðinni fylgir taska sem inniheldur úr, vasahníf, sólgleraugu, penna og lyklakippu.

Hágæða vörur á góðu verði

auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

NÝTT NÝTT

VARÚÐARLJÓS • LJÓSKASTARAR • DÍÓÐULJÓS • KELSA LJÓSAGRINDUR Á FLESTA VÖRUBÍLA

aldrei að skafa

Webasto olíumiðstöðvar

Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!

Webasto Feel the drive

Parlok vörubílabretti úr polyethylen

SV vörubílademparar
viðhaldsfríir - mjög sterkir

SV

Ryðfríir kassar

margar gerðir
frábært verð

NÝTT **Holland dráttarstólar 25 og 36 tonna • Undirvagnsvarnir með ljósum** NÝTT

Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla
og vinnuvélastólar **BAWER** ryðfríir kassar fyrir vörubíla

Bílasmiðurinn hf

Bíldshöfða 16 | 567 2330

Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálku.

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg og VefTV – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

visir.is

...ég sá það á visir.is

Ekur um á BMW-merktum Skoda

Einar Rafn Ingvaldsson bifvélavirki á Skoda Fabia frá árinu 2000 sem væri svo sem ekki í frásögur færandi væri bíllinn ekki merktur bílaframleiðandanum BMW. Að sögn Einars vekur uppátækið yfirleitt þó nokkra eftirtekt í umferðinni.

„Hann vekur athygli, ég get ekki neitað því. Það er helst að bílamenn taki eftir merkinu. Mörgum finnst það mjög sniðugt og mynda það," segir Einar sem keypti bílinn í fyrra af manni sem hafði fyrir nokkrum árum komið með hann í viðgerð á Virkjann, bílaverkstæði sem er í eigu Einars og Ómars Einarssonar.

„Þegar bíllinn kom í viðhald á verkstæðið fyrir nokkrum árum bað fyrri eigandinn um að merkið yrði sett á hann. Hann hafði áttað sig á því að Skoda- og BMW-merkin eru jafn stór og fannst því mjög fyndið að skipta um. Þegar ég eignaðist bílinn seinna meir var merkið enn á honum," rifjar Einar upp.

Þegar Einar keypti bifreiðina átti hann fyrir gamlan jeppa sem hann lætur vel af en segist þó ekki ætla að fjölga bílum á heimilinu og þvertekur fyrir að vera bíla-

Fyrri eigandi hafði skipt út Skoda merki fyrir BMW merkið. Einar fannst það fyndið og ákvað því að láta það vera.

Einar Rafn við Skodann sem er merktur BMW og vekur athygli fyrir vikið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

dellukarl þótt hann ali önn fyrir sér á bílaviðgerðum. Hann viðurkennir að hafa haft brennandi áhuga á bílum hér á árum áður og þá látið sig dreyma um að eignast ameríska kagga. Áhuginn hafi tekið að dvína talsvert eftir að hann fór að vinna hjá Virkjanum árið 1985 og helst sé ekki rætt um bíla utan vinnunnar og allra síst á heimilinu, nema í kringum uppákomur sem verða út af Skodanum.

Að sögn Einars hafa flestir á heimilinu húmor fyrir athyglinni sem BMW-merkti Skodinn fær í umferðinni, en ekki er öllum um hana gefið. „Nei, það eru ekki allir í fjölskyldunni jafn ánægðir með þennan fíflagang. Dóttur minni finnst þetta voðalega bjánalegt. Hún er sextán ára, komin með æfingaleyfi og farin að keyra á honum."

Flest bendir þó til að heimasætan verði að láta sér fíflaskapinn í föður sínum lynda. Einar er hæstánægður með Skodann og hefur ekki áætlanir um skipti, hvorki fyrir BMW né ameríska kagga. „Langt í frá," segir eigandinn harðákveðinn.

-rve

FÍR
FÉLAG ÍSLENSKRA RAFVIRKJA

Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 32. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12. miðvikudaginn 12. mars 2008 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 146 fullgildra félagsmanna

Reykjavík 18. febrúar 2008

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja

Sportlegur Volvo XC90

R-Design, hin nýja sporthönnun Volvo, verður brátt fáanleg í nýjum Volvo XC90. Bíllinn var fyrst kynntur í þessari útfærslu á North American International Auto Show, NAIAS, í Detroit seinni hluta síðasta árs.

Með R-Design sportpakkanum kemur Volvo XC90 með 19" eða 20" álfelgum, tvöföldu pústi, áberandi pönnuvörn að framan, nýju og endurhönnuðu Volvomerki á grillinu og er þá fátt upptalið. Bíllinn er án langboga á þakinu, sem undirstrikar sportlegt yfirbragð hans, en þeir eru fáanlegir sé þeirra óskað.

Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á innra útliti. Sæti eru leðurklædd sportsæti með stuðningi til hliðanna, stýrið leðurklætt með merki Volvo fyrir miðju, fótstig eru úr áli, auk þess

R-Design, ný sporthönnun Volvo, verður brátt fáanleg í nýjum Volvo XC90.

sem sérhönnuð álumgjörð er í innréttingunni, hurðarhandföngum og gírstöng. Þá er silkimött áferð þar sem króm var áður, burstað ryðfrítt stál í sílsum og fleira.

Sportútfærslan R-Design er þegar fáanleg með Volvo C30, S40 og V50, en með henni er komið til móts við vaxandi þörf markaðarins fyrir sportlegra og sérstæðara útlit í bílahönnun.

-rve

Renault og Nissan framleiddir í Marokkó

Forsvarsmenn franska bílaframleiðandans Renault hafa skrifað undir samning við konungsveldið í Marokkó um að reisa stórt verksmiðjusvæði í borginni Tangiers.

Byggingaframkvæmdir hefjast á svæðinu síðar í þessum mánuði og er ráðgert að þar verði framleiddar 200.000 bifreiðar á ári frá og með árinu 2010.

Forsvarsmenn Renault ráðgera að framleiða einnig Nissanbifreiðar í verksmiðjunni, en fyrirtækið á sem kunnugt er stóran hlut í japönsku bílaverksmiðjunni.

Heildarfjárfestingin nemur um 60 milljörðum íslenskra króna. Um sex þúsund manns munu starfa í tengslum við verksmiðjuna og er

Forsvarsmenn Renault undirrita samninginn.

talið að verkefnið muni skapa í heildina yfir 30.000 ný störf.

Fjárfestingin hefur mikla þýðingu fyrir íbúa Marokkó þar sem mikið atvinnuleysi ríkir á svæðinu og talsvert um að fólk smygli sér yfir til Evrópu í leit að lífsviðurværi.

-rve

BÍLABYLTING

TOYOTA HYBRID

Toyota Highlander og Toyota Camry Hybrid til sýnis í Hagkaup Smáralind.

islandus.com kynnir ***Toyota Highlander*** og ***Toyota Camry*** með nýrri umhverfisvænni ***HYBRID*** tækni sem gefur meiri kraft og minnkar eldsneytisnotkun um nær helming!

Toyota *Highlander*
7,5 á hundraðið 280 hestöfl!

Toyota *Camry*
5,8 á hundraðið 187 hestöfl!

HYBRID bílar eru umhverfisvænir og nota mun minna eldsneyti en hefðbundnir bensín og dísel bílar. Toyota hóf þróun **HYBRID** tækninnar fyrir rúmum fimmtán árum og hefur nú selt meira en milljón **HYBRID** bíla til almennings. Áhersla Toyota er nú á þessari nýju umhverfisvænu tækni og stöðugt fjölgar nýjum Toyota **HYBRID** bílum sem leysa af hólmi eldri gerðir bensín og dísel bíla. Á Íslandi hefur Toyota Prius **HYBRID** og Lexus RX400 verið seldir um árabil og reynst einstaklega vel. Toyota Highlander, Toyota Camry, Lexus RX400 og Lexus ES350 eru einstaklega vandaðir og kraftmiklir lúxusbílar sem allir eru byggðir á sama grunni.

islandus.com

www.islandus.com - Sími 552 2000

Milliliðalaust frá USA:

Nýjir og Nýlegir

bílar frá öllum helstu framleiðendum

allt að

30%

undir markaðsverði!

„Þjónustan til fyrirmyndar í einu og öllu og bíllinn alveg draumur“
Sæmundur Pálsson, leigubílstjóri

Lúxusjepplingur sem bætir umhverfissamviskuna

REYNSLUAKSTUR

Toyota Highlander Hybrid er lúxusjepplingur af stærri gerðinni, framleiddur fyrir Bandaríkjamarkað. Hann er búinn tvinn-drifkerfi sem sameinar bensínvél og rafmótora og dregur úr eyðslu og útblæstri.

Á árinu 2007 seldust í Bandaríkjunum yfir 350.000 tvinnbílar, og frá því slíkir bílar komu fyrst á markað þar árið 1999 (fyrstir voru Toyota Prius og Honda Insight) hafa samtals selst yfir ein milljón.

Þrír af hverjum fjórum þessara bíla eru frá Toyota, flestir af gerðinni Prius, en eftir því sem Toyota hefur farið að bjóða upp á tvinntæknina í fleiri gerðum hafa þær einnig selst grimmt.

Toyota Highlander hefur verið á Bandaríkjamarkaði síðan árið 2001, en með 2008-árgerðinni urðu kynslóðaskipti. Highlander er byggður á undirvagni framdrifna Toyota Camry-fólksbílsins, og er því ekki byggður á grind eins og „alvöru“ jeppar á borð við Land Cruiser. Undirvagninum deilir Highlander með Lexus RX.

Framan af fékkst Highlander aðeins með bensínvélum en frá og með 2006-árgerðinni hefur hann fengist með tvinn-drifbúnaði (sem Toyota kallar Hybrid Synergy Drive).

Bíllinn sem fékkst til reynsluaksturs er af nýju 2008-kynslóðinni, búinn uppfærðu tvinn-drifkerfi með tveimur rafmótorum, 123 kW að framan og 50 kW að aftan. Meðal nýjunga miðað við fyrri kynslóð er að nú er hægt að ýta á takka sem lætur bíl-

Allt að sjö manns geta látið fara vel um sig á leðurklæddri hægindainnréttingu.

Hægt er að fylgjast með orkuflæði tvinn-drifsins á skjá í mælaborðinu.

TOYOTA HIGHLANDER HYBRID

Vél: 3,3 l V6 bensín, 2 rafmótorar í tvinn-drifkerfi (Hybrid Synergy Drive)

Afl: 270 hö/288 Nm

Drifbún.: 4x4, stiglaus sjálfskiptiing (CVT)

Mál: L 4,79m, B 1,91m, H 1,76m, hjólhaf 2,79m

Þyngd: (2.041 kg)

Hröðun: 7,6 sek. 0-96 km/klst

PLÚS: Hljóðlátur, þægilegur, rúmgóður, gott verð og sparneytinn miðað við búnað og stærð

MÍNUS: Takmarkaðir torfærueigin-leikar; minni dráttargeta vegna CVT-skiptingar, lítið hliðarhald í sætum

Verð: Um 5.000.000 kr.

Innflytjandi: islandus.com

Nýr og stærri Hálendingur. Bíllinn hefur vaxið talsvert frá fyrri kynslóð, sem seldist mjög vel á Bandaríkjamarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

inn ganga eingöngu á rafdrifinu, reyndar aðeins á lítilli ferð og að hámarki um eins og hálfs kílómetra leið. Önnur nýjung er fullkomnara fjórhjóladrifskerfi, sem er samþætt rafeindastýrða stöðugleikakerfinu sem Toyota kallar VDIM.

Samanlagt skilar 3,3-lítra V6-bensínvélin og rafmótorarnir 270 hestöflum og 288 Nm togi. Aflið skortir því ekki. Tvinn-drifkerfið notar háspennu-nikkel-málmhýdríð-rafgeymi en tólf volta rafkerfi bílsins sjálfs er alveg aðskilið og notar hefðbundinn 12V-rafgeymi.

Um leið og bíllinn er settur í gang finnst að hann er ekki hefðbundinn bensínbíll. Það er gert með því einfaldlega að ýta á hnapp, en við það heyrist ekkert vélarhljóð heldur kviknar bara á ljósum, mælaborði og upplýsingaskjá. Þegar sjálfskiptingunni er rennt í bakkgír sendir bakkmyndavél myndir á upplýsingaskjáinn, sem stórbætir sýn aftur úr þessum hátt í fimm metra langa bíl. Þegar þrýst er á bensíngjöfina rennur bíllinn hljóðlaust af stað. Það er síðan ekki fyrr en bíllinn er kominn á ferð sem bensínvélin dettur í gang, en ökumaður tekur varla eftir því þar sem það gerist líka mjög hljóðlega. Stiglaus sjálfskiptingin og mjúk fjöðrunin (þó ekki of mjúk), eiga líka sinn þátt í því hve hljóðlega og rykkjalaust bíllinn skilar sér áfram, jafnvel yfir reykvískar hraðahindranir.

Í Limited-útfærslu er sjö sæta bíllinn ríkulega búinn. Hituð, rafstýrð leðursæti, leðurklætt stýri (sem er reyndar grennra en þægilegast væri), póleraðar harðviðarskreytingar, miðstöð/loftkæling sem er stillanleg fyrir hvern farþega í fram- og fremri aftursætum, fullkomin hljómtæki

Bíllinn er ríkulega búinn; stiglaus sjálfskipting, fjölrofastýri, hraðastillir og fleira.

og þannig mætti áfram telja. Að teknu tilliti til stærðar, hins dýra vél- og drifbúnaðar og ríkulega útbúnaðar innanstokks er ekki annað hægt að segja en að verðið sé gott í samanburði við sambærilega bíla (sem þó eru ekki búnir tvinn-drifkerfi). Innflutningsaðilinn Islandus.com gefur upp að miðað við núverandi gengi Bandaríkjadals sé það í kring um fimm milljónir króna.

Mestu munar um tvinn-drifkerfið í innanbæjarumferð. Það drepur á bensínvélinni á hverjum gatnamótum, tekur af stað á rafdrifinu, og rafgeymarnir hlaðast í hvert sinn sem hemlað er. Þetta sparar eldsneyti og útblástur. Uppgefin lágmarksmeðaleyðsla er um 7,6 lítrar á hundraðið. Eyðsla reynsluakstursbílsins á fyrstu tankfyllingunni reyndist um 10 lítrar, sem er nokkuð gott með tilliti til stærðar bílsins og að um vetrarakstur er að ræða. En það er ekki minni eyðsla en til dæmis evrópskir díselbílar af svipaðri stærð skila núorðið.

Enda myndu þeir sem af alvöru setja umhverfisvænleika í fyrirrúm við val á bíl fá sér minni og léttari bíl, búnum minni og sparneytnari vél. Með því að fjárfesta í tvinn-drifinu getur sá sem velur Highlander Hybrid þó leyft sér þann lúxus að aka um á svo stórum og öflugum bíl með eilítið betri umhverfissamvisku. - aó

Fiat Grande Punto

EURO NCAP
★★★★★
www.euroncap.com

Frábær bíll

- **Still**. Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
- **Eyðsla**. Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
- **Öryggi**. 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftpúðar.

Þjónusta alla leið!
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.

Fiat Ducato

Fiat Scudo

Fiat Doblò

Fiat Multipla

Fiat Punto

Fiat Panda

Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

FIAR • SIA • 71408

Tilvalinn í bæjarsnattið

REYNSLUAKSTUR

Kia Picanto má leggja hvar sem er enda er bíllinn lítill og nettur. Auk þess er hann umhverfisvænn og fær ókeypis í stæði í miðbænum.

Kia Picanto lætur ekki mikið yfir sér. Hann er lítill og nettur og langt í frá að hann veki mikla eftirtekt á götum borgarinnar. Það er þó ekki þar með sagt að bíllinn sé óáhugaverður enda á ferðinni umhverfisvænn og eyðslugrannur smábíll sem er lipur í snúningum.

Picanto fékk nýlega andlitslyftingu. Breytingarnar í heild voru ekki miklar og fremur í útliti en eiginleikum. Ný stefna var mótuð í útliti innan dyra sem utan. Framendi bílsins fékk mýkri línur og fram- og afturljósin eru fágaðri en áður. Mælaborð og hurðir innandyra eru svört, stýrið er sportlegt og mælaborðið lýsist upp með appelsínugulum lit. Þá hafa sætin verið löguð og nú er hægt að hæðarstilla bílstjórasætið. Mælaborðið er langt í frá ofhlaðið tökkum enda aukahlutapakki Picanto ekki margþættur. Þó má nefna rafdrifnar rúður að framan, fjarstýrða samlæsingu og MP3-geislaspilara.

Bíllinn er lítill, því er ekki að neita, enda er honum ætlað að keppa við aðra smábíla á borð við Ford Ka og Toyota Aygo. Tveir fullorðnir komast ágætlega fyrir í framsætum en mega þó ekki vera í of þykkum dúnúlpum til að strjúkast ekki saman. Þrátt fyrir þrjá höfuðpúða í aftursæti, sem bendir til þess að bíllinn sé fimm manna, er varla hægt að bjóða nema smávaxnasta fólki að sitja þar þrjú saman. Geymslupláss er því af skornum skammti þó vert sé að nefna skemmtilega skógeymslu undir framsæti. Þrátt fyrir smæð er skottið ótrúlega rúmmikið; 157 lítrar rúmast þar og hægt er að stækka það í 882 lítra með því að leggja niður aftursætin.

Öryggið er hreint ágætt í Picanto þrátt fyrir að staðalbúnaður geri einungis ráð fyrir tveimur loftpúðum en hægt er að fá hliðarpúða sem aukabúnað. Af öðrum öryggisbúnaði má nefna ISOFIX-festingar fyrir barnabílstól í aftursæti og stillanlega hnakkapúða. Þess má geta að Picanto fékk þrjár stjörnur á Euro NCAP-árekstraprófinu.

Um aksturseiginleika Picanto má segja að hann skilar farþegum ágætlega frá A til B. Krafturinn er ekki yfirþyrmandi þó hin 75 hestafla díselvél sé sprækari en maður hefði haldið, enda hjálpar þar togið sem er 152 Nm. Bíllinn er beinskiptur og er skiptingin mjúk og þægileg. Hann er svolítið hastur á möl og ósléttum vegum enda léttur, aðeins rúmt tonn. Þrátt fyrir það liggur hann ágætlega á veginum. Hliðarspeglarnir eru skemmtilega stórir og gera útsýnið ljómandi úr bílnum.

Picanto er í raun fullkominn í bæjarsnattið. Ekki er einvörðungu auðvelt að leggja honum hvar sem er vegna smæðar og lipurðar, heldur er bíllinn umhverfisvænn og einn af fáum bílum sem hafa fengið græna skífu í framrúðuna og hægt er að leggja frítt í miðbæ Reykjavíkur. - sg

KIA PICANTO

Vél: 1.1 CRDi dísel beinskiptur
Hö: 75
Tog: 152 Nm
Hröðun 0-100 km/klst: 15,7 sek.
Eyðsla: 4,4 l/100 km
Farangursrými: 157-882 lítrar
Verð frá 1.590.000,-
PLÚS: Ódýr í rekstri, fínn í bæjarsnattið, passar í öll stæði og fær frítt í stæði í miðbænum.
MÍNUS: Fremur hávær gangur, kraftlítill.
Umboð: Hekla
Verð: 1.590.000.-

Kia Picanto er umhverfisvænn og fær frítt í stæði í miðbænum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Picanto fæst nú í mörgum litaafbirgðum.

VÉLFANG VERKIN TALA
TEREX
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is

Ford

Nýtt tákn um gæði

Ford Fiesta
Gott verð
kr. 1.780.000*

Bílasamningur
kr. 20.900 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO_2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur

Stýrðu lífinu. Prófaðu – **FORD FIESTA**

SJÁLFSKIPTU Í FIESTA NÚNA

Beygðu inn í bjartari framtíð með léttari stýrisbúnaði og mýkri fjöðrun. Stýrðu lífinu. Prófaðu Ford Fiesta – nýtt tákn um smart gæði. Veldu betri borgarbíl og sjálfskiptu strax í Fiesta. Þú áttar þig á Fiesta. Komdu í Brimborg.

Veldu Ford.

Ford Fusion
Gott verð
kr. 1.820.000*

Bílasamningur
kr. 21.400 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur

Ford Ka
Gott verð
kr. 1.249.000*

Bílasamningur
kr. 14.700 á mán.
Ka 1,3i 70 hö 5 gíra 3 dyra
CO2 losun 141 g/km
Eyðsla í bl. akstri 5,9 l/100 km

Þú finnur ekki nýjan bíl á lægra verði en KA

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

GCI GROUP

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta kaupverði og búnaði án fyrirvara m.a. háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF. Aukabúnaður á Ford Fiesta: álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.

Hinn nýi Ford Focus verður hlaðinn tækninýjungum.

Endurfæddur Focus

Nýr, endurhannaður Ford Focus, hlaðinn tækninýjungum kemur í Brimborg í næsta mánuði.

Hinn nýi Ford Focus þykir sverja sig í ætt við Mondeo hvað útlit varðar. Hann er með mjúkar línur og sterkan ættarsvip nýrra bíla frá Ford í Evrópu.

Ford Focus býr yfir frábærum aksturseiginleikum sem meðal annars má þakka nýrri hönnun. Innréttingar bílsins þykja bera vott um gæði auk þess sem staðalbúnaður hans hefur verið aukinn. Nýr Focus kemur með nýjum, loklausum EasyFuel-búnaði frá Ford sem hindrar að röngu eldsneyti verði dælt á bílinn.

Meðal aukabúnaðar sem verður fáanlegur með nýjum Focus eru loftþrýstingsnemar sem fylgjast með loftþrýstingi í dekkjum og auka öryggi og draga úr eldsneytiseyðslu. Einnig spennubreytir fyrir 230w rafmagnstæki auk sérstaklega vandaðra DBA-hljómflutningstækja með tengi fyrir MP3-spilara, AFS-beygjuljós og fleira.

Ford Focus með tveggja lítra Duratorq TDCi díselvél verður í boði síðar á árinu með nýjum PowerShift-gírkassa frá Volvo. Um er að ræða sex gíra sjálfskiptan kassa með beinskiptimöguleika og tvöfaldri vökvakúplingu, sem framkallar tafarlausar en jafnframt sérlega mjúkar skiptingar. Með þessari nýju tækni hefur tekist að auka eldsneytisnýtingu um tíu prósent í Ford Focus samanborið við fyrri sjálfskiptingu og einnig minnka útblástur koltvísýrings.

-rve

Ný kynslóð af lúxusjepplingnum Land Rover Freelander hefur hlotið góðar viðtökur um allan heim.

Besti jeppl-ingurinn

Ný kynslóð af lúxusjepplingnum Land Rover Freelander hefur hlotið góðar viðtökur um allan heim. Viðtökurnar hafa sömuleiðis verið góðar á Íslandi en í árslok hlaut Freelander 2 útnefninguna bíll ársins 2008 frá Samtökum íslenskra bílablaðamanna.

Freelander 2 hefur rakað inn viðurkenningum víða um heim. Hefur hann meðal annars verið útnefndur sem besti jepplingurinn á markaðnum í sjónvarpsþættinum Top Gear, bílablöðunum 4X4 Plus og What Car.

Þess má geta að eldri útgáfan af Freelander mætti þó nokkurri mótstöðu vegna galla sem áttu til í að koma upp í henni. Fyrirtækinu var því mikilvægt að sýna að nýja kynslóðin væri vel heppnuð.

Ætlunarverkið virðist hafa heppnast og eru blaðamenn almennt á því að bifreiðin sverji sig meira í ætt við Discovery og Range Rover heldur en forvera sinn.

-rve

VDO ÚTSALA

VDO Verslun Borgartún 36 s: 588-9747 www.vdo.is

þetta er aðeins brot af því besta

Jeppa og fólksbíla Álfelgur
25% - 70% afsláttur

Crossfatnaður
30% afsláttur

Crossfatnaður
25% afsláttur

Motocrossskór
25% afsláttur

Opnunartími
mán-föst 8-18
lau. 10-14

SMC Vespa
kr. 179.999,-
Hjálmur og hanskar fylgja með

Pakkatilboð
dekk og felgur

30x9,5R15 kr. 100.000,-
33x12,5R15 kr. 125.000,-
35x12,5R15 kr. 130.000,-

Fjarstýrðar samlæsingar
40% afsláttur

Jato 3,3
kr. 39.999,-

Hjálmar
40% afsláttur

REVO 3,3
kr. 51.999,-

Shadow
kr. 29.999,-

Bestway
Gúmíbátar
30% afsláttur

RC Bensínbílar
50% afsláttur af varahl.
20% afsláttur af aukahl.

Bestway
Heitir pottar
30% afsláttur

www.vdo.is

Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl?
Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

ó! - 10619

BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan
Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík •
Sími 577 4400 • Fax 577 4401

Kia Sportage grand árg 2003, ekinn AÐEINS 58 þús, 5 gíra, raf rúð, saml, álf skoð '09. Verð 890 þús, má fara á 490,000!!

Toyota Rav langur árg 1996 ekinn81 þús, ekinn 150 þús, sjálf raf rúð, saml, heilsársdekk. Verð 590,þús má fara á 390,000!!

Hyundai Santa Fe árg 2002, ekinn 81 þús, sjálfss, raf rúð, heilsársdekk, sko '09, þjónustubók. Verð 1690,000, má fara á 1300,000!!

Atos árg 1998, ekinn 75 þús verð 270,000, Sjálfsk, raf rúð, skoð '09, sumar vetrar. Verð 270,000 fer á 220,000

Bifreiðasalan
Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

Bílabankinn

Hyundai sonata 2.0 gls ssk ek 100 þús km ny tímareim ásett verð 590 lán 390 þús tilboð 390 þús 100 % lán 11 þús á mánuði Bílabankinn 588-0700

Honda Accord executive 2.0 6/2006 ek 27 þús km einn með öllu Verð 2890 lán 2822 þús 39 þús á mánuði Bílabankinn 588-0700

Suzuki Jimmy 6/2007 ek. 10 þús km 4x4 5 gíra, cd , fjarlæsingar, ásett verð 1690 þús, lán 1390 þús. Tilboð 1390 þús Bílabankinn 588-0700

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

TOYOTA SELFOSSI

Toyota Land Cruiser 100 TDI (135150) 7/2005, dísel, ssk., ekinn 60 þús. km, ljóst leður, samlitur, prófílbeisli, spoiler, ofl... Ásett verð 6.690 þús. Áhvílandi 6.120 þús.

Toyota Land Cruiser 100 TDI (134940) 7/2005, dísel, ssk., ekinn 67 þú.s km, grátt leður, samlitur, filmur, prófílbeisli, spoiler, ofl... Ásett verð 6.690 þús.

Toyota Land Cruiser 100 VX (111635) 1/2003, dísel, ssk., ekinn 93 þús. km, grátt leður, dráttarkr, filmur, spoiler, húddhlíf, ofl... Ásett verð 4.980 þús. Áhvílandi 4.600 þús.

Toyota Land Cruiser 100 TDI (133304) 4/2002, dísel, ssk., ekinn 114 þús. km, ljóst leður, samlitur, sóllúga, tems, 18" felgur, ofl... Ásett verð 3.980 þús.

Toyota Land Cruiser 120 VX 33" (111653) 10/2005, dísel, ssk., ekinn 51 þús. km, grátt leður, 33" breyttur, dráttarkr, filmur, spoiler, ofl... Ásett verð 5.690 þús. Áhvílandi 5.190 þús

sala fasteigna í 50 ár

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

Sími 588 9090 • Síðumúla 21 • www.eignamidlun.is

Frum

FÁLKAGATA 4 – OPIÐ HÚS

Fallegt 104 fm parhús á tveimur hæðum. Húsið skiptist þannig. 1. hæð: Forstofa, baðherbergi, tvö svefnherbergi, eldhús og stofa. Geymsluloft er yfir húsinu. Húsið er tölvert endurnýjað m.a. eldhús og baðherbergi. **Verð 31,9 millj.**

EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17-18

STÓRBORG
fasteignasala

Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300

Frum

Til sölu!

Osta og mjólkurbúðin á Selfossi

Eina verslun sinnar tegundar á suðurlandi, vegna sérstakra aðstæðna er rekstur verslunarinnar til sölu ásamt innréttingum og viðskiptavild. Góður rekstur fyrir samhenta einstaklinga eða hjón.

Allar nánari uppl. veitir Magnús í síma 694 9999

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. Löggiltur fasteignasali

Hvað er að frétta?

Við tæklum sportið_

www.visir.is VÍSIR

Skipulags stofnun

Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Lenging flugbrautar til suðurs á Akureyrarflugvelli, Akureyri og Eyjafjarðarsveit

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **25. mars 2008.**

Skipulagsstofnun

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Búðavað 1 - 23

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Norðlingaholti vegna lóðanna að Búðavaði 1-23 þar sem gert er ráð fyrir að megi byggja tveggja hæða útbyggingar til suðurs.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 20. febrúar 2007 til og með 2. apríl 2008**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 2. apríl 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 20. febrúar 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Gott framtak Bubba gegn rasisma

UMRÆÐAN
Kynþáttafordómar

Á mig hefur leitað sú flókna staða sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir um þessar mundir vegna atburða og umtals í sambandi við erlenda gesti eða innflytjendur.

Forsíðufréttir um þjófnaði hafa minnt mig á dvöl mína í Ástralíu fyrir mörgum árum. Þá ríkti í Sydney óöld vegna innbrota í hús og ráns á bílum. Ég eignaðist t.d. notaðan Toyota Celica bíl, fallega ljósgrænan, en eftir viku var hann horfinn þrátt fyrir þjófavarnarbúnað. Stuttu seinna fann lögreglan stórt „fyrirtæki“ sem stóð að stuldi á bílum. Flokkar manna voru sendir út, gjarnan á nóttunni, sem hirtu tugi bíla, oft af ákveðnum tegundum. Bílarnir voru fluttir á risastórt verkstæði þar sem þeir voru ýmist rifnir í parta eða lakkaðir og skipt um númer o.fl. Lögreglu tókst svo að rekja ferilinn áfram þar sem bílar voru ýmist seldir á staðnum eða annars staðar í Ástralíu en margir sendir úr landi.

Svipað var uppi með heimili fólks. Allir voru hræddir um þjófnað og margt var reynt til að verja eigur sínar, en fátt virtist duga. Ég gætti um tíma húss sem var með svo flókið þjófavarnarkerfi að það gerði mann stressaðan. Meðal annars voru ljósin látin slokkna og kvikna eftir ákveðnu mynstri til að plata þjófana og það kviknaði á sjónvörpum eða útvörpum á nóttunni. Maður heyrði um alls konar lausnir sem fólk beitti, en þjófarnir hlógu að þessum tilfæringum og húsin voru tæmd hvert af öðru. Ég man eftir fullorðnum hjónum sem voru á leið út úr bænum um helgi en gleymdu einhverju og sneru til baka eftir um klukkutíma akstur. Þegar þau komu heim var hálf búslóðin þeirra á gangstéttinni og hópur manna að bera út tæki og húsgögn.

Þetta var auðvitað óþolandi ástand og ég man hvað ég blessaði oft þá staðreynd að svona væri þetta ekki á Íslandi. Þegar ég sá í fréttum um daginn að eitthvað líkt væri að gerast hér rifjaðist upp reiðin og vanmátturinn sem ég mundi eftir frá Sydney og sú hugsun kom upp að þetta mætti bara ekki gerast.

MARÍA H. ÞORSTEINSDÓTTIR

Og það verður að segja hreint út að í Sydney voru hóparnir sem stóðu að baki þessum ránum og ýmsum öðrum afbrotum oftast frá öðrum löndum og það sama virðist vera að gerast hér. Að því leyti er kannski skiljanlegt að reiðin beinist að útlendingum.

Um daginn keyrði ég tíu ára vin ömmustráksins míns heim og mér brá þegar hann tjáði mér sérstakt þakklæti fyrir að þurfa ekki að ganga heim því hann væri svo hræddur. Ég spurði hann hvort hann væri myrkfælinn. „Nei, ég er svo hræddur við Pólverjana,“ svaraði hann.

Þetta hefur leitað á hug minn síðan. Ég reyndi eitthvað að láta í ljósi við drenginn að ég væri viss um að Pólverjar væru góðir við börn. Hann jánkaði, en sagði samt að sumir gætu verið vondir og börn ættu að passa sig. Börnum er jú sagt að vara sig á ókunnugum. Mér er minnisstætt þegar sjö ára dóttursonur minn yfirgaf skólann sinn einn daginn og labbaði heim að hann sagði hreykinn frá því að hann þáði ekki far með neinum sem buðu honum það. Þar sem skólinn var í Salahverfi í Kópavogi og hann átti heima syðst í Hafnarfirði hefði nú getað komið sér vel að fá far, en nei, honum hafði verið uppálagt að fara ekki upp í bíl með ókunnugum og stóð við það.

Það er erfitt að þurfa að kenna börnum tortryggni gagnvart ókunnugu fólki – í rauninni óþolandi að þurfa þess – en foreldrar þora vart annað. Að koma inn hjá börnum þeirri hugmynd að öll illverki séu framin af ákveðnum kynþáttum eða að fólk af vissu þjóðerni sé hættulegt er dálítið annað og meira. Að hræða börn á Pólverjum eða stofna til samtaka gegn ákveðnu fólki sem heimsækir Ísland eða býr hér er út í hött og brýnt er að koma í veg fyrir slíka firru sem fyrst. Kynþáttahatur er óþolandi og stórhættulegt þjóðinni ef slíkt fær að blómstra. Þess vegna tek ég undir orð Bubba og lofa átak hans til að vekja athygli á tilburðum til að ala á fordómum. Það er þörf á markvissu átaki gegn því að rangar hugmyndir skapist hjá börnum. Brýnt er að gera greinarmun á kynþáttafordómum og reiði yfir að ákveðnir hópar frá vissum löndum fremji glæpi, sem auðvitað þarf líka að gera átak gegn. Kannski væri góð hugmynd að setja sig í spor allra hinna frá sama landi og afbrotamennirnir og hugsa sér hvernig okkur Íslendingum liði ef við byggjum í öðru landi og landar okkar brytu af sér þar.

Höfundur er dósent við Háskóla Íslands og amma.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Göngum úr Strætó bs.

Helgi Helgason, formaður Frjálslynda flokksins í Kópavogi, skrifar:

Þegar gengið var til samstarfs við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlegar almenningssamgöngur, Strætó bs, var markmið Kópavogs að spara fé og auka þjónustu. Hvorugt hefur tekist. Ég reyni að nota strætó öðru hverju. Skemmst er frá því að segja að allt of oft hefur ferðalag með strætó gengið brösuglega, sérstaklega þegar vagnstjórarnir geta ekki sagt hvert för þeirra er heitið vegna vankunnáttu í íslensku. Stundum er líka ankannalegt að mæta út á stoppistöð og þar stendur rúta. Þótt að ljósritað blað í framrúðu rútunar sýni leiðarnúmer er maður samt ekki viss um hvort maður endi niðri í Mjódd eða uppi í Bláfjöllum. Ég talað við eldra fólk sem hefur lent í vandræðum í strætó. Fólk kvartar yfir að vagnarnir séu ekki endurnýjaðir, druslulegir og stoppi á óþörfum stöðum. Það er eitthvað að í þessum rekstri. Þess vegna legg ég til að við segjum upp þessu samstarfi. Endurreisum Strætisvagna Kópavogs og gerum þjónustuna fría. Það er tímabært að endurskoða strætómálin með þarfir bæjarbúa í huga. Undanfarin ár hafa stjórnmálamenn, ekki bara í Kópavogi, nálgast þennan málaflokk af lítilli reisn.

Alltaf í sambandi
Það er Síminn

DIMMT ÚTI, BJART INNI
SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT
Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

ENNEMM / SÍA / NM32268
Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.**

RUGL?

EKKI FYRIR OKKUR

Ríkissjónvarpið og Stöð 2 hafa keppst um það undanfarna daga að sýna fram á eigið ágæti með því að stilla upp niðurstöðum úr fjölmiðlakönnun Capacent sér í hag. Það sjá allir í gegnum þetta, bæði áhorfendur og auglýsendur.

Það þarf hvorki að vera með **AFRUGLARA** né að greiða afnotagjöld til þess að horfa á Skjá*Einn*. Okkar markmið eru skýr, við viljum vera númer eitt á kjörtíma fyrir fólk yngra en 50 ára.

Þegar þú sérð **gullstjörnuna** frá Skjá*Einum* getur þú treyst því að þátturinn hafi verið fyrsta val markhópsins og að enginn annar þáttur hafi jafnmikið áhorf á viðkomandi útsendingartíma.

MÁN. 4. FEB.	ÞRI. 5. FEB.	MIÐ. 6. FEB.*	FIM. 7. FEB.	FÖS. 8. FEB.	LAU. 9. FEB.	SUN. 10. FEB.
RETURN TO SCHOOL DINNERS	SKÓLA-HREYSTI	EVERYDAY ITALIAN	THE OFFICE	BULLRUN	BIONIC WOMAN (e)	TOP GEAR
		FYRSTU SKREFIN	30 ROCK			PSYCH
BIONIC WOMAN	QUEER EYE	CANADA´S NEXT TOP MODEL	HOUSE	BACHELOR	BOSTON LEGAL (e)	BOSTON LEGAL
CSI: NEW YORK	HIGH SCHOOL REUNION	THE DEAD ZONE	CSI: MIAMI	LAW & ORDER	HOUSE (e)	DEXTER

*Bilun í sendingarbúnaði Rúv.

Áhorf á **Skjá*Einn*** er mest á kvöldin.
Skjár*Einn* býður Íslendingum **ókeypis** sjónvarp sem er þess virði að sjá.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Anna Häsler

Sundstræti 36, Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 15. febrúar sl.

Bæring Gunnar Jónsson
Hans Georg Bæringsson — **Hildigunnur Lóa Högnadóttir**
Geir Elvar Bæringsson — **Inga Lára Þórhallsdóttir**
Gunnar Reynir Bæringsson — **Guðrún Arnfinnsdóttir**
Gertrud Hildur Bæringsdóttir — **Valgeir Guðmundsson**
Jón Sigfús Bæringsson — **Edda Bentsdóttir**
Henry Júlíus Bæringsson — **Jóna Benediktsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar ástkæri ,

Jón Hilmar Sigurðsson

líffræðingur, frá Úthlíð, Sléttuvegi 3, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 16. febrúar síðastliðinn.

Gísli Sigurðsson — **Jóhanna Bjarnadóttir**
Ingibjörg Sigurðardóttir
Björn Sigurðsson
Sigrún Sigurðardóttir — **Guðmundur Arason**
Kristín Sigurðardóttir — **Werner Rasmusson**
Baldur Sigurðsson — **Kristbjörg Steingrímsdóttir**
Guðný Guðnadóttir

†

Elskulegur bróðir okkar og frændi,

Ólafur Þorgeirsson

frá Ísafirði, Brúnavegi 9,

sem varð bráðkvaddur laugardaginn 9. febrúar síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Áskirkju fimmtudaginn 21. febrúar kl. 15.00.

Ása Fanney Þorgeirsdóttir
Jóhann Þorgeirsson
Þorgeir, Hildur og Páll Reynir.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,

Rebekka Ingvarsdóttir

starfsmannastjóri,
Smárarima 69, Reykjavík

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 21. febrúar kl. 13.00.

Einar Ágúst Kristinsson
Ingvar Örn Einarsson
Anna Kristrún Einarsdóttir
Ingvar Þorsteinsson — **Steinunn G. Geirsdóttir**
Bergljót Ingvarsdóttir — **Bjarni Eyvindsson**
Ásta Ingvarsdóttir — **Brynjólfur Eyvindsson**
Þorsteinn Ingvarsson — **Ragna Gústafsdóttir**
Geir Örn Ingvarsson — **Hallveig Ragnarsdóttir**

†

Móðir okkar og tengdamóðir,

Arnóra Friðrikka Salóme Guðjónsdóttir

síðast til heimilis að Sléttuvegi 13 Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 17. febrúar sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 26. febrúar nk. kl. 14.00.

Eiríkur Valdimarsson
Arnfríður H. Valdimarsdóttir — **Ólafur Árnason**
Magnúsína G. Valdimarsdóttir — **Þór G. Þórarinsson**
Sigurjóna Valdimarsdóttir — **Kristjón Sigurðsson**
Arnór V. Valdimarsson — **Guðlaug Jónsdóttir**
Páll G. Valdimarsson — **Soffía Gísladóttir**
Sigurborg Valdimarsdóttir — **Jón Egilsson**
Guðjón Valdimarsson — **Ólafía G. Einarsdóttir**
og aðrir aðstandendur.

tímamót
timamot@frettabladid.is

HUNTER S. THOMPSON RITHÖFUNDUR LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2005.

„Bandaríska þjóðin samanstendur af 200 milljónum bílasala sem kaupa byssur fyrir ágóðann og hika ekki við að drepa þá sem gera líf þeirra óþægilegt.“

Thompson sem var fæddur 1937 var blaðamaður og rithöfundur sem skrifaði meðal annars bókina Fear and Loathing in Las Vegas.

ÞETTA GERÐIST: 20.FEBRÚAR 1927:

Sidney Poitier fæddist

Leikarinn Sidney Poitier fæddist þennan dag fyrir rúmlega 80 árum. Hann var fyrsti hörundsdökki leikarinn í Bandaríkjunum sem vann Óskarsverðlaun fyrir leik í aðalhlutverki, en þau fékk hann fyrir hlutverk sitt í Lillies of the Field árið 1963.

Næstu árin fylgdu þekktar kvikmyndir á borð við To Sir, with Love, In the Heat of the Night, and Guess Who's Coming to Dinner sem allar tóku á málum hörundsdökkra í Bandaríkjum þess tíma. Poitier varð í kjölfarið mikil stjarna og stuðlaði að breytingu á staðalímynd dökkra leikara.

Poitier hefur einnig skrifað og leikstýrt fjölda mynda og má þar nefna Uptown Saturday Night og Stir Crazy.

ÁHUGASAMTÖK UM TÆKNIMIÐSTÖÐ: STOFNUÐ Á SELFOSSI

Kominn tími á tæknisafn

„Áhugasamtök um tæknimiðstöð fyrir almenning og kennslu“ (ÁTAK) voru stofnuð í Gesthúsum á Selfossi á dögunum. Markmiðið er undirbúningur að stofnun safns sem á að geyma íslenskt hugvit, vísindi og tækni.

„Hugmyndin fæddist fyrir nokkrum árum þegar ferðamálanefnd hér í Flóanum stóð fyrir sýningu á verkum íslenskra hugvitsmanna. Aðsóknin og áhuginn var mjög mikill og í kjölfarið vakti athygli okkar að ekkert safn er til fyrir vísindi og tækni,“ segir Valdimar Össurarson, sem er í forsvari fyrir samtökin.

„Markmiðið er að halda til haga hugvits- og frumkvöðlastarfi á tæknisviði, sýna tækniþróun landsins í heild, nýjungar í tækni- og vísindaþróun og vera í senn vettvangur fyrir íslensk hátækni- og framleiðslufyrirtæki sem geta kynnt sína starfsemi,“ útskýrir Valdimar sem segir sambærileg söfn vera víða erlendis.

„Vísindasöfn eða stofur eru um 3.500 talsins víðsvegar erlendis í öllum iðnvæddum löndum nema á Íslandi. Þetta er stór hluti af raungreinafræðslu og til að auka áhuga á raungreinum og vísindum. Ósanngjarnt er að nemendur hérlendis búi ekki við sömu tækifæri og í nágrannaríkjum,“ útskýrir Valdimar og bætir við að samtökin fái ráðgjöf bæði á Norðurlöndunum og í Kanada. Valdimar segir samtökin hafa tekið við verkefninu af Ferðamálafélagi Flóamanna, en fulltrúar þess sitja í stjórn hins nýja félags.

„Helstu markmið hafa lítið breyst en upphaflega var safnið hugsað til að auka straum ferðamanna í Flóanum. Nú er markmiðið að þjóna öllu landinu og losna við hreppapólitík. Þess vegna verður safnið í grennd við mesta þéttbýli landsins þó nákvæm staðsetning sé ekki komin á hreint enn,“ segir Valdimar.

Hann segir verkefnið að stærstum hluta unnið í sjálfboðavinnu, ef frá er talin vinna sérfræðinga við skýrslugerð. Verkefninu hafa áskotnast lítilsháttar styrkir, bæði af fjárlögum Alþingis og frá öðrum aðilum, en Valdimar segir þó að ráðamenn séu enn að melta þessa hugmynd og það vanti ákveðna hugarfarsbreytingu.

„Alþingi mætti sýna meiri skilning á mikilvægi þess sem hér er unnið að í þágu þjóðarinnar,“ segir Valdimar, sem tekur fram að ráðamenn hafi frá upphafi fengið að fylgjast náið með verkefninu. ÁTAK vinnur í nánu samstarfi við samráðshóp sem efnt var til á síðasta ári, með tilnefningum fulltrúa frá fjölda fjölmennra landssambanda á sviði skólastarfs, frumkvöðlastarfs og atvinnulífs. Þeir sem nú eiga fulltrúa í samráðshópnum eru: Félag raungreinakennara (FR), Félag íslenskra kennara í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt (FÍKNF), Landssamtökin heimili og skóli, Landssamband hugvitsmanna (LHM), Félag kvenna í frumkvöðlastarfi (KVENN), Félag iðn- og tæknigreina (FIT) og Félag vélstjóra og málmtæknimanna (VM). Stefnt er að stækkun þessa samráðshóps, en hann er mikilvægur við mótun stofnunarinnar og verklags við undirbúning.

Einnig hefur verið efnt til samstarfs við tæknisöfn víða erlendis og er unnið að stækkun tengslanets.

www.tsi.is

rh@frettabladid.is

VALDIMAR ÖSSURARSON Tæknisöfn erlendis gegna mikilvægu hlutverki í raungreina- og vísindakennslu og því er óréttlátt að íslensk börn njóti ekki sömu tækifæra og börn og unglingar nágrannalandanna.

AFMÆLI

VIÐAR HARALDSSON, SÖNGVARI Í GREIFUNUM, 43 ÁRA.

LAUREN AMBROSE LEIKKONA 30 ÁRA.

CINDY CRAWFORD OFURFYRIRSÆTA 42 ÁRA.

IVANA TRUMP AUÐJÖFUR 59 ÁRA.

ÓLÖF KOLBRÚN HARÐARDÓTTIR SÖNGKONA 59 ÁRA.

BRYNJA BENEDIKTSDÓTTIR, LEIKSTJÓRI OG LEIKKONA, 70 ÁRA.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi, langafi og vinur,

Einar Gunnar Jónsson

verkstjóri og tónlistarmaður,
Víðilundi 20, Akureyri,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri að morgni sunnudagsins 17. febrúar. Útför hans verður auglýst síðar.

Sigurður Emil Einarsson — **Guðný Skarphéðinsdóttir**
Ólafur Einarsson — **Margrét Baldursdóttir**
Hafdís Einarsdóttir
Emilía J. Einarsdóttir — **Hilmar Baldvinsson**
Einar Jón Einarsson — **Hlín Pétursdóttir**
Elín Jónsdóttir
Bjarni Jónsson
afa- og langafabörn.

†

Elskulegur sonur okkar og bróðir,

Hrafnkell Helgason

Holtabyggð 2, Hafnarfirði,

varð bráðkvaddur á heimili sínu sunnudaginn 17. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Helgi Kristjánsson — **Edda Guðmundsdóttir**
Steinar Helgason

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Ingimundardóttir

Árskógum 8, Reykjavík,

sem andaðist fimmtudaginn 14. febrúar verður jarðsungin frá Seljakirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 15.00.

Finnbogi Haukur Sigurjónsson
Bára Marteinsdóttir — **Reynir Eggertsson**
Bragi Finnbogason — **Guðný Guðgeirsdóttir**
Birgir Finnbogason — **Margrét Ásgeirsdóttir**
Lárus Finnbogason — **Hulda Rós Rúriksdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

mazda

Reynsluaktu Mazda2 í dag

Finndu anda og kraft Mazda2

Vertu sportlegri. Neitaðu að gleyma leikgleðinni.
Vertu á hreyfingu, ferð og flugi. Segðu zoom zoom.
Vertu Mazda í dag. Komdu í Brimborg í dag.

Nýr og endurhannaður Mazda2

Gott verð á
Mazda2 Advance:
1,3i 86 hö 5 dyra beinskiptur
kr. 1.790.000*

- **Betri aksturseiginleikar**
- **100 kg léttari**
- **Miklu minni eyðsla**
- **Miklu minni mengun**
- **Meiri öryggisbúnaður**
- **Meiri rekstrarhagkvæmni**

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com

Mazda2 hefur 5 stjörnur
úr öryggisprófun EuroNCAP

visthæf skref
með Brimborg

Léttur og lipur Mazda2
eyðir aðeins 5,4 l/100 km og
losar aðeins 129 g/km af CO2

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

STUÐ MILLI STRÍÐA Að brosa eða bera tennur

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR RIFJAR UPP VANÞAKKLÁTASTA STARF Í HEIMI

Á liðnum árum, á meðan ég sat á skólabekk og áður en ég varð svo geysilega fullorðin að fara að vinna dagvinnu, vann ég á bar. Það var stórskemmtilegt tímabil í marga staði og ég stend mig oft að því að hugsa til þess með nostalgíuglampa í augum. Hins vegar er það starf væntanlega líka hið vanþakklátasta sem ég hef nokkurn tíma unnið. Ég lét ýmislegt yfir mig ganga hvað varðar ókurteisi og almennan dónaskap, beit í tunguna og blánaði og skeytti svo skapi mínu á diskunum inni í uppvaski. Eftir að ég hætti er ég líka nokkurn veginn þægilegasti kúnni sem þjónar geta mögulega lent á. Mín samúð er alltaf hjá afgreiðslufólkinu. Ef reynsla þess er eitthvað svipuð minni er ekki ólíklegt að það hafi fyrr um daginn verið beðið um að hengja sig, hoppa upp í myrka staði á eigin líkama, og, uppáhaldið mitt, kallað eiturlyfjaneitandi sem selur líkama sinn og í framhaldinu beðið um að hypja sig til Suður-Ameríku.

Ég hef á síðustu dögum orðið vitni að nokkrum uppákomum þar sem mig langar helst að slá fólk utanundir vegna framkomu þess við afgreiðslufólk og er ég þó ekki sérstaklega ofbeldishneigð manneskja. Sem sjálfskipaður siðapostuli ætla ég því að misnota aðstöðu mína og biðja fólk að sýna tillitssemi, og kannski bæta út á hana smá klípu af kurteisi. Nýráðni starfsmaðurinn á Subway hefur það ekki að leiðarljósi að gera daginn þinn ömurlegan með því að ruglast á súrum gúrkum og venjulegum. Stelpan á kassanum í Bónus er ekki sadisti, hún hefur bara ekki leyfi til að gefa þér afslátt þó að það sé gat á brauðpokanum. Og, trúðu mér, þeir sem ekki tala fullkomna íslensku eru gjörsamlega meðvitaðir um það sjálfir. Það er ekki þeirra val að hafa fæðst í öðru landi. Það er hins vegar okkar val að annað hvort brosa eða bera tennurnar. Bara stigsmunur, en hann breytir ótrúlega miklu fyrir fólkið sem afgreiðir þig.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Hippar í blíðu og stríðu

Leikritið Kommúnan verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu annað kvöld. Um er að ræða samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og leikhópsins sigursæla Vesturports.

LJÚFT HIPPALÍFIÐ Atli Rafn Sigurðarson í hlutverki sínu í Kommúnunni.

Leikritið mætti kalla gamanleik með alvarlegu ívafi. Áhorfendur kynnast hópi fólks sem hefur valið að búa saman í kommúnu með hugsjónir hippa um frið, sameign og frjálsar ástir að leiðarljósi. Hipparnir lifa í virkri andstöðu við neysluhyggju og kapítalisma, afneita sjónvarpi og kjötáti og lifa yndislega frjálsu lífi að eigin mati. En lífið er aldrei einfalt, ekki einu sinni í kommúnu, og undir yfirborðinu krauma óvæntar kenndir.

Kommúnan byggir á kvikmyndinni Tillsammans eftir sænska leikstjórann Lukas Moodysson. Í myndinni er brugðið upp ljúfsárri mynd af sænskum hippum í þarlendri kommúnu á áttunda áratug síðustu aldar. Gísli Örn Garðarsson, leikstjóri Kommúnunnar, vann handritið að leikritinu með hliðsjón af kvikmynd Moodyssons, en verkið hefur þó tekið nokkrum breytingum og meðal annars verið staðfært og lagað að íslenskum aðstæðum.

Miðasala á Kommúnuna hefur farið einstaklega vel af stað og ljóst er að nokkur eftirvænting ríkir meðal áhugafólks um leikhús. Skyldi engan undra enda eru þeir Moodysson og Gísli Örn báðir rómaðir hæfileikamenn og hugmyndaríkir með eindæmum. Ekki hefur það dregið úr áhuganum að mexíkóska kvikmyndastjarnan Gael Garcia Bernal, sem gestir kvikmyndahúsanna þekkja úr myndum á borð við Babel og The Science of Sleep, fer með hlutverk eins hippans. Það er sannarlega ekki á hverjum degi sem færi gefst til að berja alþjóðlega frægan mann augum á reykvísku leiksviði og má telja líklegt að aðdáendur leikarans unga fjölmenni á sýningarnar.

Vert er að benda á að leikritið verður einungis sýnt í takmarkaðan tíma, í febrúar og mars, og því er nauðsynlegt að áhugasamir tryggi sér miða í tíma. Að loknum sýningartíma hér heima bíður leikhópsins langt og mikið ferðalag með sýninguna, en þá verður verkið tekið til sýninga í Mexíkó.

vigdis@frettabladid.is

Útlit dagblaða skiptir sköpum

Margrét Rósa Sigurðardóttir, kennari í fjölmiðlatækni við Borgarholtsskóla, flytur erindi sem kallast „Varnarbarátta fréttablaða á Norðurlöndum: Erindi um útlitshönnun dagblaða“ í Sólborg við Norðurslóð á Akureyri kl. 12 í dag. Erindið er liður í Félagsvísindatorgi, fyrirlestraröð Háskólans á Akureyri.

Á liðnum árum hefur þrengt mjög að dagblöðum í baráttunni við ljósvaka- og vefmiðla. Blaðaútgefendur í Skandinavíu hafa brugðist við síaukinni samkeppni með ýmsum aðferðum sem eru lesendum sjaldnast ljósar nema á þær sé bent. Í erindi sínu á Félagsvísindatorgi ræðir Margrét Rósa Sigurðardóttir um það hvernig birtingu frétta er stjórnað, mikilvægi leturgerða og myndmáls. Hún leitar svara við því hvort textinn þurfi að vera þægilegur til aflestrar og hvað hindri lesandann í að lesa.

Margrét Rósa Sigurðuardóttir hefur kennt fjölmiðlatækni við Borgarholtsskóla frá árinu 2002. Hún kennir nú í listnáms- og margmiðlunarhönnunardeild skólans.

- vþ

Skáldskapur liðinna alda

Félag íslenskra fræða stendur fyrir rannsóknarkvöld í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3, annað kvöld kl. 20. Þá flytur Kristján Eiríksson erindi sem hann nefnir „Ljóðmæli Einars í Eydölum og útgáfur bundins máls frá lærdómsöld“.

Í erindinu mun Kristján fjalla um nýja útgáfu ljóðmæla Einars Sigurðssonar í Eydölum, sem kom út á vegum Árnastofnunar skömmu fyrir jól, og ræða nokkuð um helstu einkenni á skáldskap Einars og þýðingu hans í íslenskri bókmenntasögu. Þá mun hann drepa á nokkur sjónarmið varðandi útgáfur kveðskapar frá síðari öldum og velta fyrir sér hvað sé brýnast að gefa út af slíku efni og hvernig megi koma slíkri útgáfu í kring.

HÚS SÖGUFÉLAGSINS Hér fer fram áhugavert rannsóknarkvöld annað kvöld.

- vþ

Engin sorgleg sambandsslit

Það er Síminn

ÁST
Í samstarfi við Vesturport
27. febrúar
28. febrúar
2.mars
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Þjóðleikhúsið um helgina
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sólarferð e. Guðmund Steinsson
fim. 21/2, fös. 22/2 lau. 23/2 kl. 16 & 20 uppselt
norway.today e. Igor Bauersima
mið 20/2 örfá sæti laus
Ívanov e. Anton Tsjekhov
mið. 20/2, sun. 24/2 uppselt
Baðstofan e. Hugleik Dagsson
fim. 21/2 uppselt, fös. 22/2 örfá sæti laus
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
fös. 22/2, lau 23/2 örfá sæti laus
Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
sun. 24/2 uppselt. Munið gjafakortin!

BROADWAY
GEORGE MICHAEL í 25 ár
Wham og George Michael í 25 ár
Næstu sýningar
23. febrúar
7. og 15. mars
5. , 12. og 19. apríl
George Michael slær í gegn á Broadway
★★★★ mbl.is
Helga Þórey Jónsdóttir gagnrýnandi Morgunblaðsins sagði um Wham og George Michael tónlistarsýninguna: "Á heildina litið er sýningin besta skemmtun og ég mæli með henni".
Glæsileg tónlistar- og danssýning
Glæsileg tónlistarsýning í tilefni 20 ára afmælis Broadway. Wham, George Michael í 25 ár og heitustu söngvararnir í dag, Friðrik Ómar og Jogvan fara fyrir hópi dansara og stórhljómsveitar.
Verð á kvöldverði, sýningu og dansleik
Svæði I - 7400 kr Svæði II - 6900 kr
Stórdansleikur með Eurobandinu, Friðrik Ómari og Regínu Ósk fram á nótt
Miðasala í síma 533 1100 (virka daga kl. 12-18)
BROADWAY
Skrautfjöðrin í skemmtanalífinu

> LINDSAY & MARILYN

Lindsay Lohan situr fyrir á Evuklæðunum í nýjasta tölublaði New York Magazine. Hún bregður sér þar í gervi Marilyn Monroe, og endurskapar töku sem kölluð var „The Last Sitting“. Þá sat stórstjarnan fyrir hjá ljósmyndaranum Bert Stern, aðeins sex vikum áður en hún lést. Það var líka Stern sem myndaði Lindsay, sem sagðist ekki hafa getað neitað svo góðu tilboði.

fólk

folk@frettabladid.is

Birgitta með í úrslitunum

Birgitta Haukdal mun flytja lag Hafdísar Huldar Þrastardóttur, Núna veit ég, með Magna Ásgeirssyni í úrslitum undankeppni Eurovision á laugardag. Hún var fjarri góðu gamni í undanúrslitunum, þegar Magni flutti lagið upp á eigin spýtur. „Hún ætlaði að reyna að eyðileggja fríið sitt með því að stytta það, en ég vildi ekki leyfa henni það. Við vissum bara ekkert af þessum undanúrslitum, og vinnum bæði við að vera tónlistarmenn, sem þýðir að maður er bókaður aðeins meira en þrjár vikur fram í tímann. Það var eiginlega bara algjör tilviljun að annað okkar komst,“ segir hann hlæjandi.

Lagið verður því nærri sinni upprunalegu mynd á laugardag. „Fyrst þegar við sungum lagið saman fannst okkur það aðeins of auðvelt,“ segir Magni kíminn. „Við hækkuðum lagið upp um tvo heiltóna, svo við þyrftum að hafa svolítið fyrir þessu, og svo endaði ég á að þurfa að syngja það einn. Þá bættum við aðeins gítörum inn í þetta, til að gera það kraftmeira, en okkur finnst þetta svo frambærilegt lag að við viljum ekkert breyta því að ráði,“ útskýrir Magni.

Hann segir teymið að baki „Núna veit ég“ hafa ákveðið að taka ekki þátt í Eurovision-sirkusnum, eins og hann orðar það. „Það er engin konfettísprengja hjá okkur, og ég er ekki búinn að fara í ræktina,“ segir hann og hlær við. „Annað hvort líkar fólki vel við lagið eða ekki. Ég er á því að þetta sé ennþá lagakeppni og man eftir fyrstu keppnunum þegar það var tekið fram að hér væri ekki verið að velja flytjanda heldur lag,“ segir Magni. - sun

EKKERT KONFETTÍ Magni segir teymið að baki „Núna veit ég“ ekki taka þátt í Eurovision-sirkusnum.

SNÝR AFTUR Á LAUGARDAG Birgitta mun syngja með Magna í úrslitum Laugardagslaganna um helgina, en hún var fjarri góðu gamni í undanúrslitunum.

Hvernig má efla velferð stjúpfjölskyldna?

Askja – HÍ 22. febrúar 2008 kl. 14:00 – 17:30 – Stofa N-132

Málþingið er haldið að frumkvæði **Félagsráðgjafafélags Íslands og Félags stjúpfjölskyldna,** í samvinnu við **Rannsóknarsetur í barna og fjölskylduvernd, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Heimili og skóla, Biskupsstofu, Mentor og Samtökin 78.**

Skráning fer fram á stjuptengsl@stjuptengsl.is eða felagsradgjof@felagsradgjof.is

Vinsamlegast skráið nafn, vinnustað, greiðanda og tölvupóstfang. Þátttökugjald er 1500 kr og greiðist inn á reikning 120-26-9101 kt. 701205-2190 eða við komu.

Dagskrá

Fundarstjóri: Jóhanna Rósa Arnardóttir forstöðumaður Rannsóknarsetur í barna og fjölskylduvernd

13.30 - 14.00	**Skráning**
14.00 - 14.10	**Ég fékk stjúppabba 4 ára** Júlía Sæmundsdóttir, félagsráðgjafanemi, Félagi stjúpfjölskyldna
14.15 - 14.30	**Stjúptengsl - vannýtt auðlind?** Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi MA, formaður Félags stjúpfjölskyldna og ritstjóri www.stjuptengsl.is
14.30 -14.45	**Tilfinningalegur rússíbani - faðir með börn á tveimur heimilum** Páll Ólafsson félagsráðgjafi, MA, formaður Félagsráðgjafafélags Íslands
14.45-15.05	**Frá reynslusögum til rannsókna - og þróast hönd í hönd** Dr. Sigún Júlíusdóttir félagsráðgjafi og prófessor HÍ
15.05-15.25	Hlé
15.25 - 15.40	**Stjúpfjölskyldur í tölum** Ólöf Garðarsdóttir, deildarstjóri Mannfjöldadeildar Hagstofunnar
15.40 - 16.00	**“Ég held að pabbi hafi verið ættleiddur”** Björk Erlendsdóttir skólafélagráðgjafi og MSW nemi
16.00 - 16.20	**Heimili og skóli** Helga Margrét Guðmundóttur verkefnastjóri **Hinsegin stjúptengsl** - Guðbjörg Ottósdóttir félagsráðgjafi, Samtökin 78 **Neskirkja** - Sigurður Árni Þórðarson prestur
16.20 - 17.10	**Pallborð** Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður og framsögumenn
17.10 -17.20	**Niðurstöður kynntar og málþingsslit** Álfgeir Kristjánsson, aðjúnkt Kennslufræði- og lýðheilsudeildar HR
17.30	**Léttar veitingar**

CLAUS MEYER Danski sjónvarpskokkurinn leiddi nemendur Melaskóla inn í ævintýraheima eldamennskunnar. Jóhanna Vigdís var krökkunum til halds og trausts.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skyr og hrogn í eitt

Þekktasti sjónvarpskokkur Dana, Claus Meyer, hélt námskeið fyrir krakka úr Melaskóla í Norræna húsinu í gær þar sem hann leiddi þá inn í ævintýraheima eldamennskunnar. Fréttakonan Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, sem hefur gefið út vinsælar matreiðslubækur, hjálpaði krökkunum við eldamennskuna.

„Þetta var rosalega gaman. Hann var að kenna þeim á bragðlaukana og um grunnkryddin. Mér fannst hann ná rosalega vel til krakkanna,“ segir Jóhanna Vigdís. „Þetta er maður sem hefur gaman af því að elda mat og hann er skemmtilegur og sjarmerandi. Hann rekur veitingastaði, á sinn eigin búgarð og ferðast um heiminn og heldur fyrirlestra.“

Jóhanna segir að Claus hafi líkt matargerðarlist við að mála mynd og kom hann henni mikið á óvart þegar hann lét krakkana blanda saman skyri, hrognum og sykri sem meðlæti. „Þetta voru frábærir krakkar sem komu úr Melaskóla og þau voru virkilega tilbúin að læra.“

Eftir námskeiðið hélt Claus fyrirlestur í Norræna húsinu þar sem hann ræddi nánar um verkefni sitt á Norðurlöndum sem ber yfirskriftina „Nýja norræna matarhreyfingin“. - fb

Fjórar stjörnur í Q

Rokksveitin We Made God fær fjórar stjörnur af fimm mögulegum í nýjasta tölublaði breska tónlistartímaritsins Q fyrir væntanlega plötu sína As We Sleep.

„We Made God á skilið stærri áhorfendahóp fyrir sína fyrstu plötu sem hún gefur sjálf út,“ segir í dómnum. „Sveitin blandar saman ambient-hljóðheimi Sigur Rósar og krafti Deftones. Epískur hljómurinn og rödd Magga hafa bæði yfir fegurð og hryllingi að ráða. Frábær frumraun.“

We Made God fékk á síðasta ári fjögur K í breska tímaritinu Kerrang! fyrir frammistöðu sína á Iceland Airwaves-hátíðinni og virðist því vera að gera eitthvað rétt. As We Sleep er fyrsta plata sveitarinnar og er hún væntanleg á næstunni.

WE MADE GOD Rokksveitin We Made God hefur fengið mikið lof fyrir væntanlega plötu sína.

Næstu tónleikar We Made God verða í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði á fimmtudagskvöld klukkan 20. Þar koma einnig fram Diagon og Ten Steps Away.

512 50 50 Auglýsingasími

- Mest lesið

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ryan Phillippe segir einu ástæðuna fyrir því að paparazzi-ljósmyndarar fylgist með daglegu lífi hans vera þá að hann hafi verið giftur launahæstu leikkonu í heimi, **Reese Witherspoon**. Hann segir einnig að þessi athygli hafi gert honum erfiðara um vik þegar þau skildu. „Þegar þú gengur í gegnum efiðasta tímabil lífs þíns er það síðasta sem þú vilt að fólk hafi skoðun á því,“ segir hann.

Áreiðanlegasta fjarskiptafyrirtækið

Það er Síminn

Soffíu vel tekið

Soffía Jónsdóttir, sem kallar sig ICE, hélt útgáfutónleika á Barnum til að fagna sinni fyrstu plötu, Interrail. Er það fyrsta sólóplata kvenrappara á Íslandi og því tímamótaverk.

Á plötunni er sungið á fjórum tungumálum: íslensku, ensku, sænsku og frönsku og er hún sett upp eins og um interrail-ferðalag um Evrópu sé að ræða.

Auk Soffíu komu fram á útgáfutónleikunum Earmax, Original Melody og MC Gauti. Fonetik Simbol sá um að þeyta skífum.

SOFFÍA Soffía Jónsdóttir, eða Ice, rappaði grimmt á tónleikunum á Barnum.

FJÖR Félagarnir Authentic the Exception og Gorilla Pimp skemmtu sér vel.

TELMA OG HRAFNHILDUR Þær Telma og Hrafnhildur voru meðal gesta á Barnum.

Rýmingarsala
Rýmingarsala
Rýmingarsala
Rýmingars
Rýmingar

seljum öll líkamsræktartæki
úr sýningarsal með
allt að 50%
afslætti

Nýtt kortatímabil

Taktu á því með tækjum...

Rýmum til fyrir reiðhjólunum...
því vorið nálgast

ÖRNINN
STOFNAÐ 1925
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verskstæði Sími 588 9891
www.orninn.is

Opið laugard. 11-15 Visa- og Euroraðgr.

KORTER.IS

SCHWINN PRO·FORM NordicTrack CYBEX NAUTILUS

Stærsta GSM dreifikerfið
Það er Síminn

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina

L.R RANGE ROVER V8 diesel
Nýskr: 12/2006, 3600cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 25.000 þ.
Verð: 11.100.000

BMW 530i
Nýskr: 01/2004, 3000cc, 4 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 28.000 þ.
Verð: 4.690.000

L.R. RANGE ROVER Supercharged
Nýskr: 07/2006, 4200cc, 400hestöfl, 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 0 þ.
Verð: 12.750.000

BMW 335I Coupe
Nýskr: 06/2007, 3000cc, 2 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 10.000 þ.
Verð: 6.850.000

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

Magnaður Hoffman

Before the Devil Knows You're Dead fjallar um tvo bræður sem ræna skartgripaverslun foreldra sinna. Það endar með að allt sem gæti farið úrskeiðis, fer úrskeiðis. Það er reynsluboltinn Sidney Lumet sem leikstýrir myndinni. Þrátt fyrir að vera á áttræðisaldri er hann enn í fullu fjöri í kvikmyndaheiminum. Lumet á að baki rúmar fjörutíu myndir, fimm tilnefningar til Óskars frænda og eitt stykki Heiðurs-Óskar. En á móti hefur komið hnefafylli af lélegum kvikmyndum frá honum í gegnum árin. Meðal meistarastykkja hans eru The Verdict, Network, 12 Angry Men og Dog Day Afternoon.

Leikstjórn Lumets og meðhöndlun hans á handriti Before the Devil... er mjög góð og honum tekst að halda góðri fléttu gangandi með kraftmiklu uppgjöri. Örþrifaráð þeirra bræðra í Before the Devil... er mjög trúverðugt og gerir framvinduna afar spennandi. Atburðarásin stekkur fram og aftur í tíma sem gerir hana mjög ófyrirsjáanlega og áhugaverða og þá sérstaklega að því sem snýr að hliðarsögu persónu Alberts Finney.

Það er hreint ótrúlegt að fylgjast með Philip Seymour Hoffman í hverri Óskarsverðlaunaframmistöðunni á fætur annarri. Hoffman er magnaður sem Andy Hanson, hugsuðurinn á bak við rán þeirra bræðra. Hann fékk á dögunum Óskarstilnefningu fyrir hlutverk sitt í Charlie Wilson's War, og er ekki síðri í Before the Devil... Ethan Hawke leikur á móti honum sem Hank Hanson og er einnig góður í sínu hlutverki. Finney er afar sannfærandi sem ekkillinn sem vill leita uppi þann sem stóð að baki ráninu.

Before the Devil Knows You're Dead er virkilega góð og vönduð mynd sem hægt er að mæla sterklega með. Áhugaverður söguþráður, mannlegar persónur og samtöl, ásamt magnaðri frammistöðu, drífa þessa litlu kvikmynd áfram.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is

KVIKMYNDIR

Before the Devil Knows You're Dead

Leikstjóri: Sidney Lumet. Aðalhlutverk: Philip Seymour Hoffman, Ethan Hawke, Albert Finney og Marisa Tomei.

★★★★

Virkilega góð og vönduð mynd. Lumet heldur vel um stjórnina og Philip Seymour Hoffman er magnaður í aðalhlutverkinu.

Baráttu-Bubbi á táknmáli

„Bræður og systur- tónleikarnir sem Bubbi Morthens ákvað að halda gegn vaxandi kynþáttafordómum verða haldnir í kvöld í Austurbæ. Það er ókeypis inn og húsið opnar klukkan sjö. Um klukkan átta byrjar dagskráin sem er löng. Hún hefði getað verið miklu lengri því margir voru tilbúnir að leggja málstaðnum lið.

Meðal þeirra sem höfðu samband voru krakkar í 9. og 10. bekk í Hlíðaskóla. Krakkarnir sendu Bubba bréf og buðu fram aðstoð sína. Þar stóð meðal annars: „Við erum málminnihlutahópur á Íslandi þar sem táknmál er okkar fyrsta mál. Þótt við séum fædd Íslendingar þá líður okkur stundum eins og útlendingum í eigin landi. Við erum bara heyrnarlausi hópurinn og blöndumst sjaldan íslenskum unglingum í skólanum. Eða sko aldrei. Það er stundum eins og mál okkar og samskiptaleið sé ekki virt. Við höfum bara hendurnar til að tala."

Á tónleikunum ætlar hópurinn að flytja Fjöllin hafa vakað á táknmáli. „Bubbi er bara góður og krakkarnir mínir eiga jafn mikinn rétt á að njóta hans og aðrir," segir Karen Rut Gísladóttir íslenskukennari. Hún hefur notað texta úr nútímadægurtónlist til að tengja krakkana betur við fólkið sem það sér í fjölmiðlum. „Þetta atriði sýnir vel tækifærin sem liggja í því þegar að ólíkir menningarheimar mætast. Heimarnir geta byggt hver ofan á annan og skapað eitthvað nýtt," segir Karen.

Einnig munu pólskir bræður leggja málstaðnum lið með tónlistarflutningi og forsætisráðherra Geir Haarde kemur fram. KK hefur bæst við hinn langa lista tónlistarmanna sem spilar í kvöld: Ný dönsk, Mínus, Lay Low, Ragnheiður Gröndal, Hjálmar, Phoenix, South River Band, Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvalds, Buff, Ellen Kristjáns, Sprengjuhöllin og Fabúla. Bubbi sjálfur tekur svo vitaskuld lagið.

gunnarh@frettabladid.is

MARGIR VILJA LEGGJA BUBBA LIÐ Í BARÁTTUNNI
Allir eru bræður og systur í Austurbæ í kvöld.





SIGUR RÓS Hljómsveitin hefur bókað sig á fimm tónlistarhátíðir í sumar.

Sigur Rós á fimm tónlistarhátíðir

Hljómsveitin Sigur Rós hefur bókað sig á fimm tónlistarhátíðir í sumar, nú síðast á þýsku hátíðina Rock Werchter sem verður haldin dagana 3. til 6. júlí. Á meðal þekktra flytjenda sem koma einnig fram verða Radiohead, R.E.M., Lenny Kravitz, The Chemical Brothers, Mika, Justice og Kaiser Chiefs.

Sigur Rós stígur fyrst á svið í sumar hinn 14. júní á Bonnaroo-hátíðinni í Bandaríkjunum, síðan á tveimur þýskum hátíðum til viðbótar, Southside-hátíðinni 20. júní og á Hurricane-hátíðinni tveimur dögum síðar. 6. júlí treður Sigur Rós síðan upp á Arras-hátíðinni í Frakklandi.

MUNICH Hljómsveitin Munich spilar á Organ í kvöld og á Gauknum á föstudag.

Frank fagnar með Munich

Danska hljómsveitin Munich og hinar íslensku Retro Stefson og Sudden Weather Change spila á 101 viku afmælistónleikum Útvarpsþáttarins Frank á X-inu 977 á Organ í kvöld. Frank Steinberger þeytir skífum á milli atriða. Miðaverð á tónleikana er 1000 krónur. Eins og kom fram í Fréttablaðinu á dögunum spilar Munich einnig á Gauknum á föstudaginn. Þar verður Jan Mayen ein af upphitunarsveitunum.

NORRÆNA HÚSIÐ

Ný norræn matargerðarlist í Norræna húsinu 17. – 24. febrúar.

Norrænt hlaðborð í Alvar A matur og drykkur í hádeginu og á kvöldin.

Dagskrá miðvikudag 20. febrúar

13.00 *Íslenski draumurinn - útflutningsævintýri.* **Baldvin Jónsson** *verkefnastjóri Áforms.*

15.30 *Danska hönnunartvíeykið* **CLAYDIES**. *Samspil matar og nytjalistar. Kynning og vinnustofa.*

16.30 *Cider – listin að búa til eplacider. Fyrirlestur og smökkun. Kiviks Musteri, Svíþjóð. Aldurstakmark er 20 ár.*
Aðgangseyrir 1000 kr.

Nánari upplýsingar á www.nordice.is

Ánægðustu viðskiptavinir farsímafyrirtækja
Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2007
Það er Síminn

FERMINGARVEISLAN ER HAFIN
Frábær fermingartilboð í Hátækni

Nokia 5310 XpressMusic
Þráðlaus heyrnartól fylgja.
Fullt verð 47.990
Fermingartilboð
kr. 39.995

Palladine EPT3250M
HD Ready 32" LCD sjónvarp
Fermingartilboð kr. 69.995

KEF Picoforte
iPod tónlistarstöðtónlistarstöð
Fermingartilboð kr. 49.995

XpressMusic

Nokia 5610 XpressMusic
Þráðlaus heyrnartól fylgja.
Fullt verð 52.990
Fermingartilboð
kr. 44.995

Creative PlayDock i500
iPod tónlistarstöðtónlistarstöð
Fermingartilboð kr. 19.995

Hátækni

Ármúli 26 • Sími 522 3000 • www.hataekni.is • Opnunartími: virka daga 9-18 | laugardaga 12-17

PIPAR • SÍA • 80307

> Alfreð útilokar endurkomu

Í kjölfar þess hversu illa HSÍ gengur að ráða nýjan landsliðsþjálfara hafa kviknað á ný þær raddir sem vilja að HSÍ reyni að freista Alfreðs Gíslasonar í hinsta skipti. Alfreð sagði við Fréttablaðið í gær að enginn möguleiki væri á því að hann tæki aftur við liðinu. Aðstæður leyfðu það hreinlega ekki. Alfreð er þrátt fyrir það að aðstoða HSÍ við þjálfaraleitina og er boðinn og búinn að leggja sitt lóð á vogarskálarnar. Hann segir að arftaki sinn muni ennfremur fá aðgang að öllum hans gögnum og geta notið liðsinnis síns hafi hann áhuga á því.

sport
sport@frettabladid.is

SVERRIR GARÐARSSON: SKRIFAÐI Í GÆR UNDIR ÞRIGGJA ÁRA SAMNING VIÐ SÆNSKA FÉLAGIÐ GIF SUNDSVALL

FH fær á bilinu 20-30 milljónir króna fyrir Sverri

Varnarmaðurinn Sverrir Garðarsson úr FH skrifaði í gær undir þriggja ára samning við sænska úrvalsdeildarliðið GIF Sundsvall og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var kaupverðið á bilinu 20-30 milljónir króna. Sverrir vakti gríðarlega athygli fyrir vaska framgöngu með Hafnarfjarðarliðinu síðasta sumar og hann var í framhaldinu verðlaunaður með sæti í landsliðinu. Hann spilaði sinn fyrsta landsleik í lokaleik Íslands í undankeppni EM gegn Danmörk í nóvember á síðasta ári. Sverrir fór til nokkurra félaga áður en hann kom til GIF Sundsvall snemma í janúar en Cain Dotson, yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að félagið hefði verið búið að fylgjast með Sverri í þó nokkurn tíma.

„Við vissum alveg hver fótboltamaðurinn Sverrir Garðarsson var í janúar þegar við fórum þess á leit við FH að fá hann til félagsins. Ég veit ekki hvort að það sé hægt að segja að við höfum fengið hann á reynslu þar sem við vissum alveg hvað hann gæti inni á knattspyrnuvellinum, en vildum kynnast persónu hans betur og komast að því hvort hann væri rétti maðurinn fyrir okkur," sagði Dotson sem ber Sverri vel söguna.

„Ég hef hitt Sverri nokkrum sinnum og átt við hann gott spjall og mér finnst hann frábær persónuleiki og hann hefur þetta íslenska hugarfar og baráttuanda sem á eftir að nýtast GIF Sundsvall mjög vel," sagði Dotsons sem kvað kaupin á Sverri marka stór spor í sögu félagsins.

„Sverrir er nýbúinn að spila sinn fyrsta landsleik fyrir Ísland og ég tel að kaup okkar á honum undirstriki metnað félagsins og vilja til að ná langt. Hann er klárlega ein stærstu kaup sem GIF Sundsvall hefur staðið í og við bindum því miklar vonir við að hann eigi eftir að halda áfram að bæta sig og sanna sig hjá félaginu," sagði Dotson sem kvað viðræðurnar við FH hafa gengið mjög vel.

„Við áttum mjög góð samskipti við FH og náðum að komast að samkomulagi fljótlega. Ég tel að við höfum keypt Sverri á sanngjörnu verði," sagði Dotsons sem vildi ekki tjá sig frekar um kaupverðið. Sverrir gaf ekki kost á viðtali þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

ÚRSLITIN Í GÆR

Meistaradeild Evrópu:

Liverpool-Inter	2-0
1-0 Dirk Kuyt (85.), 2-0 Steven Gerrard (90.).	
Olympiakos-Chelsea	0-0
Roma-Real Madrid	2-1
0-1 Raúl (8.), 1-1 David Pizarro (24.), 2-1 Mancini (58.).	
Schalke-Porto	1-0
1-0 Kevin Kuranyi (4.).	

VEIK VON Valskonur þurfa stórsigur á Ásvöllum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valskonur í kvöld:

Þurfa að vinna með 22 stigum

KÖRFUBOLTI Valskonur heimsækja Íslandsmeistara Hauka í Iceland Express-deild kvenna í kvöld í leik sem þær verða að vinna ætli þær sér að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni.

Haukar hafa fyrir leikinn átta stiga forskot og mun betri innbyrðisstöðu í baráttunni um 4. og síðasta sætið inn í úrslitakeppnina. Valur þarf þannig að vinna leikinn með 22 stigum til þess að eiga möguleika en þá væru sex stig á milli liðanna og Valur með betri innbyrðisstöðu þegar liðið ætti þrjá leiki eftir.

Haukar eiga eftir tvo leiki eftir leikinn í kvöld en þeir eru báðir gegn efstu liðum deildarinnar.

-óój

Inter í vondum málum

Liverpool komst skrefi nær átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu með sannfærandi sigri á Inter. Schalke og Roma standa einnig vel að vígi.

FÓTBOLTI Fyrstu leikirnir fóru fram í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Liverpool, Schalke og Roma standa vel að vígi fyrir seinni leikina.

Leikmenn Liverpool pressuðu ítölsku meistarana stíft í upphafi leiksins og réðu lögum og lofum framan af leik, þá sérstaklega á miðjunni þar sem Mascherano stýrði liðinu eins og herforingi, en liðið náði ekki að koma sér í nógu góð marktækifæri. Það dró svo heldur betur til tíðinda eftir hálftíma leik þegar vandræðagemlingurinn Marco Materazzi fékk að líta sitt annað gula spjald og þar með rauða spjaldið fyrir brot á Torres, en Materazzi fékk einmitt fyrra spjaldið fyrir brot á Torres. Ódýrt rautt spjald myndu einhverjir segja og í raun voru bæði gulu spjöldin fyrir væg brot, en engu að síður óþarfi hjá Materazzi og í meira lagi klaufalegt. Liverpool gekk þó áfram illa að opna vörn Inter þrátt fyrir að vera einum leikmanni fleiri.

Liverpool fékk dauðafæri á 58. mínútu þegar boltinn barst óvænt inn fyrir vörn Inter eftir baráttu á miðjum vellinum en markvörðurinn Julio Cesar sá við Torres úr opnu færi. Stuttu síðar gerði Liverpool tilkall til vítaspyrnu þegar boltinn fór augljóslega í hönd Patricks Vieira en dómarinn kaus að dæma ekkert. Sóknarþungi Liverpool hélt áfram og skilaði sér loksins með marki þegar fimm mínútur voru eftir af leik. Það var Dirk Kuyt sem braut ísinn með góðu marki eftir sendingu Jermaines Pennant og Gerrard bætti svo við öðru marki Liverpool á 90. mínútu með frábæru skoti af löngu færi og þar við sat og Liverpool í góðum málum fyrir seinni leikinn.

UMDEILT ATVIK Marco Materazzi fórnar höndum eftir að hafa fengið sitt annað gula spjald og þar með rautt spjald á Anfield í gær. Hugsanlega harður dómur en Materazzi gat sjálfum sér um kennt fyrir klaufaleg brot. NORDIC PHOTOS/GETTY

Markalaust í Grikklandi

Chelsea var meira með boltann og átti fleiri skot á markið gegn Olympiakos í gær en heimamenn nær því að skora. Niðurstaðan var hins vegar 0-0 jafntefli í tíðindalitlum leik. Chelsea stendur þó ágætlega að vígi fyrir seinni leikinn á Brúnni þar sem lykilmenn á borð við Frank Lampard og John Terry eru að snúa aftur úr meiðslum.

Sigrar hjá Schalke og Roma

Það tók „gulldrenginn" Raúl González aðeins átta mínútur að skora gegn Roma í gær en David Pizarro jafnaði leikinn fyrir heimamen og Mancini kom heimamönnum yfir með marki á 58. mínútu og það reyndist sigurmarkið.

Schalke fékk einnig draumabyrjun gegn Porto og Kevin Kuranyi skoraði á 4. mínútu og það var sigurmarkið.

omar@frettabladid.is

FINNUR SIG VEL Helena Sverrisdóttir er að gera það gott með TCU. FRÉTTABLAÐIÐ/KEITH ROBINSSON

Helena Sverrisdóttir hjá TCU:

Valin best aðra vikuna í röð

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir er að spila vel með TCU-háskólanum í Bandaríkjunum og var í gær valin besti leikmaður Mountain West-deildarinnar aðra vikuna í röð.

Helena var með 16,5 stig, 10,5 fráköst og 3,0 stoðsendingar að meðaltali í tveimur sigurleikjum liðsins, þar sem hún náði bæði sínum besta árangri í fráköstum (12) og stigum (24) í einum leik.

TCU hefur nú unnið sex leiki í röð og Helena er bæði stigahæsti (13,3 í leik) og frákastahæsti (7,6) leikmaður liðsins á þessum tíma. Líkt og fyrr er Helena eini nýliðinn í deildinni sem er á topplistum í stigum (fjórða af nýliðum með 9.3 í leik), fráköstum (önnur með 6,0) og stoðsendingum (önnur með 2,8). **-óój**

Stór skipti í NBA-deildinni:

Jason Kidd farinn til Dallas

KÖRFUBOLTI Jason Kidd getur loksins farið að undirbúa atlögu sína að NBA-meistaratitlinum með Dallas Mavericks eftir að leikmannaskiptin sem hafa verið í loftinu í meira en viku gengu loksins í gegn í gær.

Kidd fer til Dallas ásamt framherjanum Malik Allen og bakverðinum Antoine Wright en í staðinn fær New Jersey leikstjórnandann Devin Harris, miðherjann DeSagana Diop, Maurice Ager, Trenton Hassell og framherjana Keith Van Horn sem var búinn að leggja skóna á hilluna. Nets fær að auki tvo valrétti og þrjár milljónir dollara frá Dallas.

Kidd snýr því aftur til Dallas þar sem hann lék fyrstu tímabilin á sínum ferli frá 1994 til 1996. Kidd er 34 ára en státar af meðaltali upp á 11,3 stig, hefur 10,4 stoðsendingar og 8,1 frákast og kemur til með að hjálpa Dallas-liðinu að vinna sinn fyrsta NBA-titil en Kidd á einnig eftir að ná sér í hring.



-óój

Áskorendakeppni kvenna:

Valskonur til Frakklands

HANDBOLTI Kvennalið Vals mætir franska liðinu Merignac í átta liða úrslitum í Áskorendakeppni Evrópu. Merignac er í 8. sæti af tólf í frönsku deildinni.

Fyrri leikur liðanna á að fara fram í Frakkandi 8. eða 9. mars, en síðari leikurinn 15. eða 16. mars.

Aðalmarkaskorari liðsins er Elodie Mambo Cho sem kemur frá Fílabeinsströndinni en hún er þriðja markahæst í Frakklandi með 7,5 mörk í leik. **- óój**

Alltaf í sambandi erlendis
Það er Síminn

WEST HAM
18.–20. APRÍL
DERBY
Verð á mann í tvíbýli frá
57.300 KR.
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Portsmouth, Newcastle og Aston Villa.
+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir
WWW.ICELANDAIR.IS

Hasar í Keflavík:

Aðstoðarþjálfarinn hættur

FÓTBOLTI Stjórnarskipti í knattspyrnudeild Keflavíkur í síðustu viku gengu ekki átakalaust í gegn. Þorsteinn Magnússon var þá kosinn formaður deildarinnar í stað Rúnars Arnarsonar sem lét af störfum.

Ekki voru allir á eitt sáttir við breytingarnar sem leiddu meðal annars til þess að Kristinn Guðbrandsson, aðstoðarþjálfari Keflavíkurliðsins, lét af störfum. Hann vildi ekkert tjá sig um ástæður þess við Fréttablaðið.

Sömu sögu er að segja af Kristjáni Guðmundssyni þjálfara, sem sagðist þess utan ekki hafa tekið ákvörðun um hvort hann fengi annan aðstoðarmann í stað Kristins. **- hbg**

Dómarar viðurkenndu mistök

Andri Berg ekki í leikbann

HANDBOLTI Aganefnd HSÍ ákvað í gær að dæma Framarann Andra Berg Haraldsson ekki í leikbann þó svo hann hefði fengið rauða spjaldið í leik gegn Akureyri á dögunum.

Á myndbandsupptöku sést greinilega að Andri gerði lítið sem ekkert af sér og dómarar leiksins játuðu í greinargerð að hafa gert mistök með rauða spjaldinu.

Með hliðsjón af því var Andri ekki dæmdur í leikbann. **- hbg**

ANTON GYLFI PÁLSSON Alþjóðadómarinn sýndi stórmennsku og játaði mistök sín í leik Fram og Akureyrar.

Geir setti fjölskylduna í forgang

Geir Sveinsson hafnaði í gær tilboði HSÍ um að gerast landsliðsþjálfari í handbolta. Hann segir ákvörðunina hafa verið erfiða enda þýði hún að hann sé endanlega hættur í handboltaþjálfun. Geir segir starfið vera of tímafrekt og hann hafi ekki verið til í að fórna þessum mikilvæga tíma frá fjölskyldunni.

HANDBOLTI Geir Sveinsson varð í gær þriðji aðilinn sem gefur starf landsliðsþjálfara Íslands frá sér en áður höfðu Sviinn Magnus Andersson sem og Dagur Sigurðsson gefið starfið frá sér.

„Ég gef þetta frá mér fyrst og fremst af persónulegum ástæðum. Ég þurfti að gera það upp við mig hvað ég ætlaði að gera í framtíðinni og hvort ég ætlaði aftur af krafti út í handboltann. Ég spurði mig einfaldlega að því hvort ég væri til í að vera í þessu næstu 10-15 árin því þó ég yrði ekki endalaust landsliðsþjálfari myndi starfið hugsanlega opna dyr eitthvert annað í framtíðinni. Niðurstaðan hjá mér varð einfaldlega sú að ég var ekki spenntur fyrir því," sagði Geir við Fréttablaðið í gær en hann íhugaði hvort hann væri til í að fara í handboltann tímabundið en fékk sama svar.

„Ég var einfaldlega ekki tilbúinn að fórna mikilvægum tíma frá fjölskyldunni né því starfi sem ég er kominn í. Fjarveran frá fjölskyldunni næstu 10-12 mánuðina hefði verið að minnsta kosti þrír mánuðir og það hafði stór áhrif. Með þessari ákvörðun lokaði ég síðustu hurðinni er varðar handboltann hjá mér og ljóst að ég sný ekkert aftur í þjálfun. Ég er lagður af stað í aðra vegferð og ég setti fjölskylduna í forgang hjá mér."

Geir er maður með sterkar skoðanir og hann setti fram ýmsar hugmyndir um framtíð handboltans við HSÍ.

„Ég lagði það til að á fót yrði komið þjálfarateymi með átta þjálfurum og þeir bæru ábyrgð á öllum landsliðum Íslands undir stjórn A-landsliðsþjálfarans. Hér er ég bara að tala um karlalandsliðin. Ég vildi sjá fjölgun á yngri landsliðum þar sem væri sérlið fyrir fjórtán, fimmtán og sextán ára. Svo vildi ég setja á fót B-landslið sem væri aðeins skipuð leikmönnum á Íslandi. Það væri gulrót fyrir leikmennina heima og um leið sæju menn ástæðu til þess að spila lengur heima í stað þess að hugsa bara um að komast út.

Mér finnst líka þurfa að stokka upp og breyta hlutverki landsliðsnefndar því mér finnst ekki vera unnið nógu markvisst að því hvernig megi byggja upp handboltann. Ég vildi líka setja fram það markmið að vinna til verðlauna á stórmóti og að það væri unnið markvisst að ná því markmiði," sagði Geir og bætir við að undirtektir HSÍ við hugmyndunum hafi verið góðar og hann vonaðist til þess að HSÍ myndi nýta sér að minnsta kosti einhverjar þeirra. **henry@frettabladid.is**

LAGÐUR AF STAÐ Í AÐRA VEGFERÐ Geir Sveinsson hefur gefið handboltaþjálfun endanlega upp á bátinn. Geir sést hér eftir HM árið 1995 er hann var valinn í heimsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAUTI

Geir oft í umræðunni um starf landsliðsþjálfara:

Var til í aðstoða Alfreð

HANDBOLTI „Ég var tilbúinn þegar Viggó var ráðinn á sínum tíma en ég sagði þá og fer ekkert ofan af því að þá valdi HSÍ næstbesta kostinn með fullri virðingu fyrir Viggó.

Ég var mjög sáttur við að HSÍ skyldi síðan ráða Alfreð en ég horfði ekki fram hjá því að til langs tíma kæmi það niður á liðinu að Alfreð væri aðeins í hálfu starfi og búsettur erlendis. Það kom klárlega niður á okkur í síðasta móti. Ég setti mig í samband við HSÍ og bauðst til þess að vera Alfreð til aðstoðar og hugsaði að í framhaldinu gæti ég tekið við liðinu. HSÍ þáði það boð ekki. Þegar þetta boð kemur upp er það bara einfaldlega orðið of seint," sagði Geir en hafði það engin áhrif á ákvörðun hans að HSÍ hefði áður gengið framhjá honum? „Það hafði engin áhrif á þessa ákvörðun mína og það skipti mig heldur ekki máli að talað var við aðra á undan mér," sagði Geir Sveinsson. **- hbg**

HSÍ býður Aroni Kristjánssyni starf landsliðsþjálfara:

Aron mun líklega gefa HSÍ svar í dag

HANDBOLTI Forsvarsmenn HSÍ höfðu snarar hendur eftir að Geir Sveinsson gaf þeim afsvar með landsliðsþjálfarastarfið í gær.

Þeir hringdu í Aron Kristjánsson og buðu honum að koma næst að samningaborðinu en þeir hafa haft þann háttinn á að ræða aðeins við einn þjálfara í einu.

Aron staðfesti við Fréttablaðið í gær að hann væri búinn að ræða við HSÍ og myndi svara þeim fljótt. Það væri best fyrir alla aðila að mati Arons sem þjálfar Haukaliðið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Aron að öllum líkindum svara HSÍ strax í dag um hvort hann sé tilbúinn í alvöru viðræður um starfið.

Fari svo að Aron taki starfið að sér er ljóst að það verði í fullu starfi enda myndi hann ekki geta þjálfað Haukana samhliða landsliðinu þannig að það er úr vöndu að ráða fyrir þjálfarann. **- hbg**

ARON KRISTJÁNSSON Boðið að taka við landsliðinu eftir að Geir gaf afsvar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvað gerir HSÍ ef Aron Kristjánsson segir nei?

Erlendur þjálfari næstur segi Aron nei við HSÍ

HANDBOLTI Fari svo að Aron Kristjánsson hafni tilboði HSÍ um að gerast landsliðsþjálfari karla vandast enn frekar staða handknattleikssambandsins.

Aron er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins síðasti íslenski valkosturinn á borði HSÍ og fari svo að hann hafni tilboðinu mun HSÍ beina sjónum sínum á ný út fyrir landsteinana.

Sambandið hafði áður reynt við Svíann Magnus Andersson en hann gaf HSÍ afsvar þar sem hann er í krefjandi starfi hjá FCK í Danmörku. Umboðsmenn nokkurra erlendra þjálfara höfðu samband við HSÍ og lýstu yfir áhuga skjólstæðinga sinna á starfinu í kjölfar þess að Fréttablaðið kannaði hug margra þjálfara á erlendri grundu til starfsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er einn þeirra Svíinn Per Carlén sem þjálfar Íslendingaliðið Malmö sem með leika Guðlaugur Arnarsson og Valdimar Þórsson.

- hbg

dagskr

> Katie Holmes

Katie Holmes og Tom Cruise trúlofuðu sig árið 2005. Dagurinn sem Tom Cruise valdi til að biðja hennar var 17. júní, þjóðhátíðardagur Íslendinga. Þau eiga saman eitt barn og hlaut hún nafnið Suri Cruise. Katie Holmes leikur í kvikmyndinni The Singing Detective sem er sýnd kl. 22 í kvöld á Stöð 2 Bíó.

VIÐ TÆKIÐ BÍÐUR PÁLL BALDVIN BALDVINSSON EFTIR ÞÆTTI BOGA ÁGÚSTSSONAR

Vondar bíómyndir og vandaðir heimildarþættir

Það var lítil freisting um helgina að horfa á framhaldið á Bandinu hans Bubba, þó í flakki sæist að hann var kominn með með ráðgjafa sér til beggja handa, Kristjönu kennara og Árna Pétur, liðþjálfa úr Idol og Vesturporti. Yst á væng sat mállaus hárgreiðslumaður, að minnsta kosti þessi andartök sem Bubbabandið var inni. Gríðarlega vondar kvikmyndir voru í boði á föstudag og laugardag, Mr. Deeds og Men in Black 2. Telja dagskrárstjórar að það megi bjóða fólki hvaða drullu sem er af því það er helgi og allar leigur enn opnar? Ragnhildur Steinunn var ásamt Gísla Borgfirðingi í einhverri lengstu lopateygju í Laugardagslögunum sem einhvers konar upphitun fyrir þátt á laugardaginn kemur. Sá grautur var bæði kekkjóttur og sangur og, eins og gerist með kaldan graut, seigur í rennslinu. Hissa að Egill Eðvarðsson skuli láta svona frá sér. Merkur heimildarflokkur í tveimur hlutum um Pútín og hans hyski leið hjá á mánudagskvöld og er hann endurtekinn á sunnudaginn kemur. Í gærkvöld talaði Bogi við Eista eða Letta eða Litháa í utanríkisráðherrasæti og verður gaman að sjá hvað hann hefur um Rússa að segja. Ekki var Landsbergis að draga af sér í Pútínþættinum um Rússa. Það verður gaman að sjá hvernig þessir þættir þróast hjá Ágústssyni.

Í það minnsta er full ástæða til að horfa á samtal sem varir lengur en tíu mínútur í sjónvarpi en meira álit hafa dagskrárstjórarnir ekki á áhorfendum sínum.

PÚTIN OG VELDI HANS Vandaður franskur þáttur um hinn framagjarna KGB-mann.

EKKI MISSA AF

▶ **18.00 Last Holiday** STÖÐ2BÍÓ

▶ **19.00 Hollyoaks** SIRKUS

▶ **20.15 Gossip Girl** STÖÐ2

▶ **20.20 Ugly Betty** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.30 Fyrstu skrefin** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Kappflugið í himingeimnum e.
17.55 Alda og Bára
18.01 Herkúles
18.23 Sígildar teiknimyndir
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.20 Ljóta Betty**
21.10 Martin læknir (3:7) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um læknirinn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur. Meðal leikenda eru Martin Clunes, Caroline Catz, Stephanie Cole, Lucy Punch og Ian McNeice. Þættirnir hafa hlotið bresku gamanþáttaverðlaunin, British Comedy Awards.
22.00 Tíufréttir
22.25 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
23.10 Strengir í Soweto (Soweto Strings) Frönsk heimildamynd um breska víóluleikarann Rosemary Nalden og tónlistarskóla sem hún stofnaði fyrir blökkumannabörn í Soweto í Suður-Afríku.
00.10 Kastljós
00.40 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 I Heart Huckabees
08.00 Clifford´s Really Big Movie
10.00 Steel Magnolias
12.00 Last Holiday
14.00 Clifford´s Really Big Movie
16.00 Steel Magnolias
▶**18.00 Last Holiday** Gamanmynd með þeim Queen Latifah, LL Cool J og Timothy Hutton í aðalhlutverkum.
20.00 I Heart Huckabees
22.00 The Singing Detective
00.00 The Interpreter
02.05 Small Time Obsession
04.00 The Singing Detective

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar.
08.10 Oprah
08.50 Í fínu formi
09.05 The Bold and the Beautiful
09.25 La Fea Más Bella
10.10 Sisters (e)
11.00 Joey
11.25 Örlagadagurinn (Hendrikka Waage)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Sisters
14.00 Las Vegas
14.45 Til Death
15.10 Grey´s Anatomy (5:9)
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Skrímslaspilið, Batman, Pocoyo, Könnuðurinn Dóra, Refurinn Pablo. Leyfð öllum aldurshópum.
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag og íþróttir
19.25 The Simpsons
19.50 Friends
▶**20.15 Gossip Girl** (7:22)
21.00 Nip/Tuck (6:14) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy.
21.45 The Closer (12:15) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar.
22.30 Oprah (Children Of Divorce Reveal Their Secret Thoughts)
23.15 Grey´s Anatomy (6:9)
00.00 Stelpurnar
00.25 Kompás
01.00 Emile
02.30 Laurel Canyon
04.10 Hotel Babylon
05.05 Nip/Tuck (6:14)
05.45 Fréttir og Ísland í dag
06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tíví

SÝN besta sætið

07.00 Meistaradeildin (Meistaramörk)
07.30 Meistaradeildin (Meistaramörk)
08.00 Meistaradeildin (Meistaramörk)
08.30 Meistaradeildin (Meistaramörk)
16.50 Meistaradeild Evrópu - Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
18.30 Meistaradeildin (Meistaramörk)
19.00 Meistaradeildin Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
19.30 Meistaradeild Evrópu (Arsenal - AC Milan) Bein útsending frá leik Arsenal og AC Milan í Meistaradeild Evrópu. Sýn Extra. Lyon - Man. Utd Sýn Extra 2. Celtic - Barcelona
21.40 Meistaradeildin (Meistaramörk)
22.10 Meistaradeild Evrópu (Lyon - Man. Utd.) Útsending frá leik Lyon og Man. Utd í Meistaradeild Evrópu.
00.00 Meistaradeild Evrópu (Celtic - Barcelona) Útsending frá leik Celtic og Barcelona í Meistaradeild Evrópu.
01.50 Meistaradeildin (Meistaramörk)

SÝN 2

17.35 English Premier League
18.30 Premier League World
19.00 Coca Cola mörkin
19.30 Chelsea - Liverpool (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
21.10 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.40 Masters Football (North West Masters) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cCup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.
23.55 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

SKJÁREINN

07.00 Skólahreysti (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
15.50 Vörutorg
16.50 World Cup of Pool 2007 (e)
17.45 Rachael Ray
18.30 The Drew Carey Show(e)
18.50 Less Than Perfect (e)
19.10 Skólahreysti (e)
20.00 Giada´s Everyday Italian Að þessu sinni sýnir Giada okkur hversu auðvelt það er að gera gómsæta risotto-rétti, hvort sem það er sem aðalmáltíð, eftirréttur eða snakk á síðkvöldi. Hún býður upp á sveppa-risotto með baunum, arancini di riso, grjónagraut með vanillustöng, appelsínu og rommi og að lokum risotto al salto.
▶**20.30 Fyrstu skrefin** Frábær þáttaröð um börn, uppeldi þeirra og síðast en ekki síst hlutverk foreldra og annarra aðstandenda.
21.00 Canada's Next Top Model - Lokaþáttur Kanadísk raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu. Það er komið að dramatískri úrslitastund. Þrjár stúlkur berjast um sigurinn og í húfi 100 þúsund dollara fyrirsætusamningur. Gestadómari er Jay Manuel úr America's Next Top Model.
22.00 The Dead Zone
22.50 Jay Leno
23.35 The Drew Carey Show
00.00 Bionic Woman (e)
01.00 High School Reunion (e)
01.50 Náttfrafnar
01.50 C.S.I. Miami
02.35 Less Than Perfect
03.00 Vörutorg
04.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

SÝN KL. 19.30
Arsenal - AC Milan

Margt er ólíkt með þessum tveimur liðum í deildarkeppninni heima fyrir því. Á meðan Arsenal fer oft á tíðum hamförum í ensku deildinni gengur hvorki né rekur hjá Milan á Ítalíu. Liðið hefur verið ansi ósannfærandi á þessari leiktíð en aftur á móti er Milan núverandi Evrópumeistari og gæti bjargað tímabilinu með góðum árangri í Meistaradeildinni. Bæði liðin hafa átt góðu gengi að fagna á undanförnum árum í Meistaradeildinni en Arsenal komst í úrslit árið 2006 og Milan er Evrópumeistari og lék til úrslita árið 2005. Það er því von á hörkuviðureign í kvöld en Arsenal verður að ná góðum árangri í kvöld á heimavelli því Milan er erfitt heim að sækja.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Nip/Tuck
Stöð 2 kl. 21

Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Mekka lýtalækninganna, Los Angeles, þar sem þeirra bíða ný andlit og ný vandamál.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Brot af eilífðinni
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Tónar að nóni
15.03 Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stefnumót
21.10 Út um græna grundu
22.12 Lestur Passíusálma
22.18 Af sagnameistaranum Knut Hamsun
23.00 Gárur

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks (127:260)
16.30 Hollyoaks (128:260)
17.00 Hollywood Uncensored
17.25 Comedy Inc.
17.50 American Dad 3
18.10 The War at Home (e) Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
18.35 The War at Home (e)
▶ **19.00 Hollyoaks** (127:260)
Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
19.30 Hollyoaks (128:260)
20.00 Hollywood Uncensored Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood.
20.25 Comedy Inc.
20.50 American Dad 3
21.10 The War at Home (e)
21.35 The War at Home (e)
22.00 NCIS (22:24) Fjórða þáttaröð eins vinsælasta spennuþáttar í Bandaríkjunum. Þar segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliðana.
23.35 Wildfire
00.20 Totally Frank
00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

iNN

20.00 Mér finnst Elísabet Jökulsdóttir og Ellý Ármanns kíkja við ásamt leynigesti.
21.00 Mörður Mörður Árnason fær til sín gesti og ræðir stjórnmál og önnur hugðarefni.
21.30 Réttur er settur Umsjónarmaður er Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson laganemi. Í þættinum er tekið á ýmsum lögfræðilegum álitaefnum. Ákveðið réttarsvið er tekið fyrir og helstu reglur sem þar gilda eru ræddar á auðskilinn máta.

DR 1

10.00 Koht i familien **10.30** Formiddag med Nis Boesdal **11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.50** Ha' det godt **13.20** Guld og grønne skove **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** AMIGO **16.30** PLING BING **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **20.55** Kriminalkommissær Barnaby **22.35** Onsdags Lotto **22.40** Seinfeld **23.05** Battlestar Galactica **0.35** Godt arbejde

NRK 1

11.00 NRKnyheter **11.10** Eksistens **11.40** Brennpunkt **12.30** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **13.00** Urter **13.20** Presidenten **14.00** Duck Dodgers **14.20** Sommeren i mitt liv **14.50** Sketsj **15.05** Hannah Montana **15.30** Fabrikken **16.00** VM skiskyting 2008 **17.55** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Sirkusliv **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** VM skiskyting 2008 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.50** The Wire **23.45** Viten om **0.15** Kulturnytt

SVT 1

10.25 Ramp höjdare **11.00** Rapport **11.05** På spåret **12.30** Packat & klart **13.00** Kattbreven **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Benidorm **15.30** Krokodill **16.00** Skidskytte: VM Östersund **17.15** Bolibompa **17.25** Voffy **17.35** Hjärnkontoret **18.00** Rea **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Tv-stjärnan **20.30** Dubbat **21.00** The Tudors **21.55** Lucky i knipa **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Om ett hjärta **23.20** Robins **23.50** Entourage **0.15** Sändningar från SVT24

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
SEM AUÐVELDA VINNUNA

Falleg og stílhrein hönnun

Kinnarps skrifstofuhúsgögnin eru falleg og stílhrein. Margar útfærslur, sérsniðnar að þörfum hvers og eins. Hafðu það gott í vinnunni - kynntu þér úrvalið hjá Pennanum.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Reykjavík - Hallarmúli 4 - sími 540 2000
Akureyri - Hafnarstræti 91 - 93 - sími 540 2180

penninn@penninn.is

Kinnarps | PENNINN - auðveldar vinnuna

GAMLA MYNDIN

„Parna var maður bara að vinna í Hagkaupum og í áhugamannaleikhópnum Leikskólanum, með til dæmis Stefáni Halli, Ilmi og Esther Talíu. Töffarasvipurinn fer mér ágætlega, ég er alltaf með hann. Nei, ég var að leika einhvern spæjara þarna, í leikritinu Örlagaeggin.“

Sverrir Þór Sverrisson.

Myndin er tekin í júlí 1999.

Þursar ekki hræddir við Eurovisionglamúr

Tómas M. Tómasson, bassaleikari Þursaflokksins, er hvergi banginn við úrslitakvöld Eurovisionkeppni RÚV og telur að foreldrarnir eigi eftir að þyrpast í Höllina og láti það eftir börnum og barnapíum að velja framlag þjóðarinnar í Eurovision. Svo skemmtilega vill til að endurkoma Þursaflokksins verður þetta sama kvöld. „Mér líst bara vel á það, ég hef reyndar ekkert verið að fylgjast með Eurovision,“ sagðir Tómas þegar Fréttablaðið náði í skottið á honum á milli æfinga hjá Þursunum. „Annars held ég að það hafi ekki verið vitað að þessi tvö kvöld myndu skarast og raunar tel ég að þarna séu engir hagsmunarárekstrar; Þursar og Eurovision eru ekki beint að stíla inn á sama liðið og ég held að það sé alveg nægur markaður fyrir báða hópana,“ bætir Tómas við.

Uppselt er að verða á tónleikana í Laugardalshöllinni og var hljómsveitin að leggja lokahönd á nokkur smáatriði sem þurfti að lagfæra. „Við erum að verða nokkuð vel æfðir og ætlum síðan að taka okkur frí fram á föstudag.“

Ólafur Hólm, trommuleikari húshljómsveitar Eurovisionkeppninnar og aðdáandi Þursanna, segir að hann reyni kannski að taka sprettinn frá Smáralindinni og niður í Laugardal til að heyra síðustu lög Þursaflokksins. „Ég verð hins vegar auðvitað að sinna minni vinnu, svo einfalt er það,“ segir Ólafur en bætir því við að allir þeir sem hafi á einhverjum tímapunkti í sínu lífi pælt í íslenskri tónlist hljóti að vera aðdáendur Þursaflokksins. „Ég hefði örugglega verið í Laugardalshöllinni ef þetta hefði ekki verið svona,“ bætir Ólafur við. - fgg

EKKI SAMI HÓPURINN Tómas Tómasson, bassaleikari Þursanna, er ekki hræddur við Eurovision.



LÁRÉTT
2. helvíti **6.** þys **8.** hátíð **9.** gerast **11.** 2000 **12.** nafnbætur **14.** steintegund **16.** tveir eins **17.** erfiði **18.** impra **20.** skóli **21.** svall.

LÓÐRÉTT
1. löngun **3.** í röð **4.** autt rými **5.** angan **7.** möttull **10.** skammstöfun **13.** þunnur vökvi **15.** hjartaáfall **16.** belja **19.** bor.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. viti, **6.** ys, **8.** jól, **9.** ske, **11.** mm, **12.** titla, **14.** kvars, **16.** kk, **17.** pul, **18.** ýja, **20.** ma, **21.** rall.

LÓÐRÉTT: 1. lyst, **3.** íj, **4.** tómarúm, **5.** ilm, **7.** skikkja, **10.** etv, **13.** lap, **15.** slag, **16.** kýr, **19.** al.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

MEGN ÓÁNÆGJU MEÐ GETTU BETUR Í KVENNASKÓLANUM OG MH:

Dómarar hata jafna keppni

Páll Ásgeir Ásgeirsson, dómari og spurningahöfundur Gettu betur, stendur í eldlínunni um þessar mundir. Þetta er í fyrsta skipti sem hann tekur að sér starf í þessum dúr og nokkrar villur sem sluppu í gegnum möskva hans hafa verið týndar til. Stærstu og umtöluðustu mistökin kostuðu Kvennaskólann sigur gegn MH í síðasta þætti.

Spurt var um fræga kraftaverkamáltíð Jesú Krists. Kvennaskólinn svaraði rétt að Jesús hefði mettað fimmþúsund með fimm brauðum og tveimur fiskum. Páll hélt því hins vegar blákalt fram að brauðin hefðu verið tvö og fiskarnir fimm. Kostaði ruglingurinn Kvennaskólann eitt stig og þar með sigurinn.

„Við vorum svo handviss um að þetta væri rétt hjá okkur að strax eftir keppnina fórum við heim og leituðum að þessu í Biblíunni,“ segir Lilja Dögg Jónsdóttir, formaður Keðjunnar, nemendafélags Kvennaskólans. „Þar fundum við þetta á fjórum stöðum og sáum að við höfðum svarað rétt.“

Lilja segir mikið svekkelsi ríkja innan Kvennaskólans. „Við ætlum samt að una niðurstöðunni sem fékkst á fundi RÚV. Úrslitunum verður ekki breytt. Kvennaskólinn hefur aldrei komist svona langt og verið með svona sterkt lið svo þetta er rosalega leiðinlegt. Við höfðum bara komist tvisvar sinnum áður í sjónvarpið og þá dottið út í 16-liða úrslitum í bæði skiptin.“

MH kærði leikinn líka. Þeirra kæra snerist um að liðið hafði fengið rangt fyrir að svara „skilja“ þegar spurt var um „skilvindu.“ Töldu MH-ingar um sama fyrirbærið að ræða og vísuðu í samheitaorðabók. RÚV féllst ekki á rök MH og vísaði kærunni frá.

„Að sjálfsögðu stöndum við með Páli Ásgeiri í þessu máli,“ segir Gettu betur-yfirnördinn Stefán Pálsson. Hann hefur keppt, þjálfað og dæmt í Gettu betur. „Það að dómarar geri mistök í keppninni er ekkert einsdæmi – sjálfur gerði ég nokkur á þeim tveimur árum sem ég var í þessu – en það er sjaldgæfara að mistökin ráði úrslitum. Þá er fjandinn laus. Því hata dómarar jafna keppni. Ef það er kannski 12 stiga munur þá skipta ein mistök engu máli. Mér sýnist þetta bara innsláttarvilla hjá Páli og sorglegt fyrir hann því það er þjóðaríþrótt besservisseranna að vera vitrari en dómarinn.“

Stefáni finnst Páll Ásgeir standa sig vel. „Þetta eru skemmtilegar spurningar hjá honum en dálítið léttar. Það hefðu verið jólin og páskarnir ef mitt lið hefði keppt með spurningunum hans.“

Stefán segir að Kvennaskólinn megi vel við una þrátt fyrir allt. „Ég held þau hafi nú ekkert verið á leiðinni að vinna keppnina hvort sem er og því kemur þetta sér bara vel fyrir þau. Nú eru þau hálfgerðir sigurvegarar, það er partur af fórnarlambsvæðingu samfélagsins. Leiðinlegra er þetta fyrir sigurliðið því nú fylgir það þeim að hafa bara unnið fyrir mistök. Mitt ráð til keppnisliða er að drullast til að fá bara nógu mörg stig svo að óheppnisfaktorinn skipti engu máli.“

gunnarh@frettabladid.is

STENDUR MEÐ PÁLI Stefán Pálsson er Gettu betur-yfirnördinn. Hann ráðleggur liðum að fá nógu mörg stig svo óheppnisfaktor skipti engu máli.

FIMM FISKAR, TVEIR FISKAR, FIMM BRAUÐ, HA? Páll Ásgeir Ásgeirsson klikkaði aðeins á Biblíunni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Páll Óskar hefur heldur betur komist með puttana í framlag Euro-bandsins í Eurovisionsöngvakeppninni. Hann lagði að þeim **Friðriki Ómari** og **Regínu Ósk** að vera heiðarleg gagnvart landsmönnum og flytja lagið eins og það mun líklega hljóma úti ef það sigrar. Lagið er komið með nýjan enskan texta eftir Pál Óskar, heitir nú „This Is Your Life“ og er orðið organdi diskó eins og heyra má á myspace-síðu Friðriks Ómars, fridriksings.

Þó margir telji Merzedes Club og lag **Barða Jóhannssonar** Euro-grín lítur Barði ekki á þetta sem tilfallandi atriði. Hann hefur samið tvö ný lög fyrir **Ceres4** og co sem verða frumflutt í partíinu. Og nú er verið að leggja drög að plötu með Merzedes Club. Þá er hugmyndin að bandið komi fram með Cascada á Brodway 19. mars en Cascada átti meðal annars risasmellinn „Everytime We Touch“ í fyrra.

Óli Sindri, bakþankahöfundur og faðir netskrímslisins Mengellu, vaknaði í blóðpolli heima hjá sér um helgina eftir skemmtan næturinnar. Hélt hann í fyrstu að hann hefði verið laminn fyrir einhver ummæli sín en þegar brotin fóru að raðast saman kom í ljós að hann hafði aðeins misstigið sig á einhverri búllunni, dottið og slengt hendinni í bjórglassbrot. Skrifar hann nú með annarri hendi á lyklaborðið, fær sýklalyf í æð og bryður bakteríudrepandi sveppatöflur eins og óður maður.

Í nýjasta tímariti Máls & menningar er heillöng grein eftir bókmenntafræðinginn **Emil Hjörvar Petersen** um hina svokölluðu „vonlensku“ hljómsveitarinnar Sigur Rósar. Emil kryfur textana á alla kanta og birtir dæmi eins og þetta: „séí tsé sjáu, séivá de ida, éleifidí, édíidí“. Greinin er ekkert verri þótt **Jón Þór Birgisson** og félagar í Sigur Rós hafi alltaf þrætt fyrir tilvist vonlenskunnar. Íslenskir textar fylgdu með öllum lögum á meistaraverkinu Ágætis byrjun, en síðan þá virðist andinn hafa yfirgefið Jónsa þegar textagerð er annars vegar. Ástæðan fyrir hinni svokölluðu „vonlensku“ er því líklega mun einfaldari en sú sem Emil hefur kokkað upp í löngu máli.

-jbg/glh



Lordi kemur til Íslands

Mikil leynd hvílir yfir því hvenær og hvernig finnski skrýmslakóngurinn Lordi kemur til landsins, En hann hefur staðfest komu sína hingað til lands í tengslum við frumsýningu kvikmyndarinnar Dark Floors á fimmtudaginn í næstu viku.

Gamla Eurovision-stjarnan leikur í myndinni og var einn af hugmyndasmiðum hennar og er meinilla við að koma fram án þess að vera farðaður og í fullum herklæðum. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu eru þeir Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson hjá Kvikmyndafélagi Íslands meðal framleiðenda myndarinnar og standa þeir fyrir komu finnska tónlistarmannsins.

Myndin var frumsýnd í Finnlandi í síðustu viku og er Ísland því annað í röðinni. Að sögn Júlíusar Kemp er svo stefnt að því að leggja heiminn að fótum sér en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er nú unnið að samningum við bandaríska fyrirtækið Lionsgate um dreifingu í Ameríku. Júlíus segir að Lordi verði ekki með hljómsveitina með sér og hlær bara þegar hann er spurður hvort ekki sé mikið mál að flytja inn svona skrýmsli á einu bretti. „Nei, það held ég ekki,“ segir Júlíus.

Dark Floors er hryllingsmynd og er öll leikin á ensku. Júlíus segir að hún hafi gengið vel ofan í finnska áhorfendur en útskýrir um leið að Dark Floors sé fyrst og fremst framleidd fyrir alþjóðlegan markað. - fgg

SKRÝMSLAKÓNGUR Lordi verður viðstaddur frumsýningu kvikmyndarinnar Dark Floors á Íslandi en þeir Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson eru meðal framleiðanda myndarinnar.

Traustasta fjarskipta-fyrirtækið
Það er Síminn

ALLAN FEBRÚAR

FJÖLSKYLDU DAGAR

Gildir fyrir alla hópa sem telja 4 eða fleiri – ekkert aldurstakmark

BÍLDSHÖFÐI TRYGGVAGATA SKIPHOLT HAFNARFJÖRÐUR KÓPAVOGUR

STOFA 53 / 00135

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar Elínardóttur

Veistu ekki hver er pabbi þinn?

Sá ferill sem það tekur foreldra að velja nafn á ungann sinn getur verið langur og flókinn. Einu sinni var algengt að álfar og framliðnir vitjuðu nafns, sem var ágætt svo lengi sem viðkomandi hét ekki Hrolllaugur eða Skessujurt, en langt er síðan allt slíkt datt úr tísku. Nú er trúlega þægilegast að koma úr fjölskyldu þar sem allir heita í höfuðið á einhverjum og ekki þarf að orðlengja það að barnið skal heita Lárus eða Jóhanna eins og afi eða amma. Skilyrði fyrir slíkri sjálfsafgreiðslu er reyndar líka að makinn sé ekki mjög byltingarsinnaður og þá geta allir verið ánægðir.

UM helgina sagði Fréttablaðið okkur frá því að fjöldi manns skiptir um nafn á hverju ári. Samt ekki sífellt sama fólkið því af einhverjum ástæðum er bannað að gera það oftar en einu sinni allt í allt. Ef til vill eru þær reglur til að koma í veg fyrir að fólk þrói með sér alveg nýja tegund af fíkn og verði smám saman háð því að skipta um nafn, jafnvel oft á dag. Það væri rosalegt vesen og myndi skapa allskyns misskilning.

NAFNABREYTING getur vísast verið risaákvörðun en ég get vitnað um að það að breyta föðurnafni í móðurnafn þarf ekki að vera það. Þegar ég ákvað fyrir löngu síðan að kenna mig við móður mína þótti það mikið pönk og lengi þurfti ég að koma mér undan forvitnum spurningum. Jafnvel ókunnugir vildu ólmir vita ástæður móðurnafnsins. Sumir spurðu í framhjáhlaupi í hversdagslegum tón á meðan aðrir pírðu augun, komu nær og hvísluðu eins og við værum allra bestu vinkonur á trúnó. Stundum voru spurningarnar í formi frumlegra kenninga: Veistu kannski ekki hver pabbi þinn er? Annaðhvort hefur almenn undrun dalað vegna þeirra mörgu sem kenna sig eða barnið við móður sína eða að ég er með tímanum orðin svo ógnvekjandi að enginn þorir lengur að spyrja.

FÁTT er nefnilega eðlilegra en að barn sé kennt við konuna sem ber það undir belti og fæðir af sér, hefur á brjósti og annast til sjálfstæðis. Ef til vill hefði frumvarpið um ráðherra og -frúr átt að fjalla um mikilvægi þess að hlutverki mæðra væri aukinn sómi sýndur með því að kenna nýfæddu börnin sjálfkrafa við þær. Það myndi ef til vill milda dálítið áhrif feðraveldisins sem við burðumst öll með í arf.

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 20. febrúar, 51. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.08	13.41	18.16
Akureyri	9.00	13.26	17.54

Heimild: Almanak Háskólans

www.toyota.is

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41068 02/08

RAV4 SPORT – með aukahlutapakka að verðmæti 235.000 kr.

Fullbúinn RAV4 tryggir þér fleiri möguleika og færri hindranir á veginum.
Nú bjóðum við RAV4 SPORT með veglegum aukahlutapakka, heilsársdekkjum, dráttarbeisli, krómgrilli, aurhlífum og skyggðum rúðum, að verðmæti 235.000 kr.

Verð frá 3.120.000 kr.*

Fáðu meira, komdu og reynsluaktu RAV4 SPORT

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

*Bíll á mynd er RAV4 GX og kostar 3.400.000 kr.